

**STEFÁN PÁLSSON**

*Kemur við í fatabúðum á ferðalögum sínum*

• tíska • heimili • börn

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HEILSA OG LÍFSSTÍLL**

*Hin forna íþrótt Tai chi sameinar kynslóðirnar*

Sérblað um heilsu og lífsstíl

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. ágúst 2008 — 219. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Lærir hjá frægasta búningahönnuði Dana



Helga Mjöll Oddsdóttir fer í læri til búningahönnuðar Lars Von Trier í haust.

FÓLK 32

### Ræktar Landnámshænur

Júlíus Már Baldursson byrjaði að rækta hinar íslensku landnámshænur fyrir 30 árum síðan. Nú er stofninn kominn úr 300 í 3,000 fugla.

TÍMAMÓT 16

### Víkingur í teknó-pönk



Víkingi Kristjánssyni finnst fátt skemmtilegra en að semja teknó-pönk með vinum sínum í hljómsveitinni Find a Dog.

FÓLK 42

### Æfir sig á móti Bjarna



Þormóður Jónsson er tilbúinn í slaginn á Ólympíuleikunum. Hann mætir sterkum manni frá Púertó Ríkó í júdó á morgun.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR VESTAN TIL** Í dag verða suðvestan 3-10 m/s, stífastur norðvestan til. Skúraveður í fyrstu vestan til en styttir svo upp. Bjart sunnan til og austan en skýjaðra nyrðra. Hiti víðast 10-16 stig.

VEÐUR 4

# Miklar líkur á nýjum meirihluta í dag

**Hanna Birna Kristjánsdóttir verður nýr borgarstjóri ef sjálfstæðismenn slíta meirihlutasamstarfi við Ólaf F. Magnússon í dag. Nýr borgarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er í burðarliðnum.**

**BORGARMÁL** Meiri líkur en minni eru á að Sjálfstæðisflokkurinn slíti meirihlutasamstarfi við Ólaf F. Magnússon í dag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hanna Birna Kristjánsdóttir verður borgarstjóri og Óskar Bergsson, oddviti Framsóknarflokksins, gengur til samstarfs við Sjálfstæðiflokkinn um myndun nýs meirihluta.

Í huga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er eini möguleikinn á áframhaldandi samstarfi við Ólaf sá að styrkja borgarstjórnarflokkinn með tilkomu Framsóknarflokksins. Framsókn vill hins vegar gera það undir forystu Hönnu Birnu sem borgarstjóra. Þegar blaðið fór í prentun á ellefta tímanum í gærkvöldi var verið að reyna að koma á sáttum milli Framsóknar og Ólafs F. um að Hanna Birna verði borgarstjóri og Óskar Bergsson komi inn í samstarfið. Ólíklegt þykir að slík málamiðlun náist.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, hefur sagt að ekki kæmi til greina að fara í samstarf þar sem Ólafur F. er borgarstjóri. Ólafur hefur sjálfur sagt að hann vilji ekki vinna með Framsókn, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Samkvæmt upplýsingum úr röðum borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna hefur borgarstjórn verið nær óstarfhæf í tvær til þrjár vikur. Eins og fram hefur komið hefur Ólafur F. tekið umdeildar ákvarðanir að undanförnu án samráðs við sjálfstæðismenn. Ber þar hæst ákvarðanir í starfsmannamálum borgarinnar.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, Ólafur F. og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson funduðu í um sex klukkustundir í Ráðhúsinu í gær um stöðu mála. Þau yfirgáfu Ráðhúsið, án þess að verða við ósk fjölmiðlamanna um upplýsingar um efni fundarins.

Ef af verður er um að ræða fjórða borgarstjórnarmeirihlutann á þessu kjörtímabili. Sjálfstæðisflokkur og F-listi tilkynntu um samstarf sitt 21. janúar síðastliðinn. **- vsp/ shá**



**VIÐ RÁÐHÚSIÐ** Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, ók á brott eftir fund með Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, án þess að gefa kost á viðtali. Hanna Birna verður að öllum líkindum borgarstjóri í nýjum meirihluta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjölmenni á borgarafundi um stöðu Sparisjóðs Mýrarsýslu:

# Kaupþing var ekki fyrsta val

**VIÐSKIPTI** Slæm staða Sparisjóðs Mýrarsýslu var ljós þann 19. júní, og voru þá helstu ráðamenn sparisjóðsins og sveitarfélagsins boðaðir á fund. Þetta er meðal þess sem fram kom á fjölmennum borgarafundi í Borgarnesi í gær um stöðu sparisjóðsins. Fundað verður með viðskiptaráðherra í dag.

Bæjarstjórnin var hins vegar kölluð til fundar í byrjun júlí til að ræða stöðuna. Sveinbjörn Eyjólfsson, fulltrúi Framsóknarflokks og oddviti minnihlutans í sveitarstjórn Borgarbyggðar sagðist í gær mjög óánægður með vinnubrögð sveitarstjórnar, þar sem slæmt gengi sparisjóðsins var ekki kynnt strax þann 19. júní.

Gísli Kjartansson sparisjóðsstjóri upplýsti á fundinum að leitað hafi verið til Landsbanka Íslands, Sparisjóðs Keflavíkur, Saga Capital og Byrs, áður en leitað hafi verið til Kaupþings, en Kaupþing hefur skuldbundið sig til að þess að skrá sig fyrir 1.750 milljónum af 2.000 milljóna króna stofnfjáraukningu Sparisjóðsins.

Eigið fé Sparisjóðsins er nú um 1,5 milljarður og hefur rýrnað um tæpa fimm milljarða á þessu ári. Fjórir milljarðar hafa tapast vegna gengisfalls bréfa. Þá hefur eiginfé sjóðsins rýrnað um milljarð, þar sem Fjármálaeftirlitið hefur farið fram á að afskriftasjóður sparisjóðsins verði aukinn vegna lána sjóðsins til einstaklinga gegn veði í Icebank.

Bæjarbúar lýstu yfir áhyggjum af því hvort menningarsjóður sparisjóðsins yrði rekinn áfram og hvort draga muni úr framlögum til íþróttamála í sveitarfélaginu. Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri sagði hvort tveggja verða með svipuðum hætti og áður. **- bta**

Bankarnir ekki á leið úr landi:

# Horft til skilyrða bankanna

**VIÐSKIPTI** „Við höfum ekki skoðað slíkt sérstaklega, þótt þær aðstæður sem komið hafa upp hafi vissulega vakið ákveðnar spurningar um rekstrarskilyrði íslenskra fyrirtækja og fjármálastofnana,“ segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, sagði í grein í Markaðnum í gær, að við núverandi aðstæður í efnahagslífinu hlytu bankarnir að íhuga að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi, ellegar færa eignir og umsvif til erlendra dótturfélaga. Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir þetta ekki hafa verið rætt. **- ikh / sjá síðu 18**



**STJÖRNUR** Gareth Barry er á meðal leikmanna Aston Villa. Hann er hér á æfingu á Laugardalsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stórleikur í Laugardalnum:

# Um 100 manns í öryggisgæslu

**FÓTBOLTI** Um 100 manns munu starfa í öryggisgæslu í kringum leik FH og Aston Villa á Laugardalsvelli í kvöld. Líklegt er að uppselt verði í 9.800 sæti á vellinum en um 300 stuðningsmenn fylgdu enska félaginu til Íslands. Með þeim komu nokkrir menn á vegum bresku lögreglunnar eins og venja er að fylgi enskum félagsliðum á útileiki í Evrópukeppni.

Þjálfari FH segir möguleikana á að komast áfram litla en kollegi hans hjá Aston Villa á slæmar minningar frá Íslandi. **- hþh/ íþróttir 36**







## SPURNING DAGSINS



*Þorsteinn, er það þá Jan Mayen næst?*

„Já eða Smugan og mikið af loðnubröndurum.“

Grínistinn Þorsteinn Guðmundsson sá um þættina Svalbarða á Skjá einum síðasta vetur við góðan orðstír en getur ekki lofað að þeir verði aftur á dagskrá.

Bændasamtökin afla upplýsinga fyrir umsögn sína um matvælalöggjöf ESB:

# Spyrja um áhrifin í Noregi

**STJÓRNMÁL** Þriggja manna sendinefnd Bændasamtaka Íslands er nú í Noregi til að kynna sér áhrif innleiðingar matvælalöggjafar Evrópusambandsins á stöðu bænda þar í landi.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, segir að svara verði leitað við spurningum á borð við hvernig innleiðingin birtist bændum, hvað þeir gerðu til að mæta áhrifum hennar og hvaða afstöðu norskir bændur tóku til ýmissa álitaefna matvælalöggjafarinnar.

Að auki vinnur Lagastofnun Háskóla Íslands að úttekt fyrir Bændasamtökin á þeim þáttum málsins er lúta að Evrópurétti.



**HARALDUR BENEDIKTSSON** Formaður Bændasamtaka Íslands.

Þegar hún liggur fyrir, ásamt svörunum frá Noregi, verður, að sögn Haraldar, umsögnin um frumvarpið samin.

Spurður á hvaða nótum umsögnin komi til með að verða segir Haraldur erfitt að segja til um það. „Við munum örugglega gera okkur grein fyrir að lögin verða sett og leggjum líklega til einhverjar mótvægisaðgerðir og bendum á leiðir sem verða til þess að við getum lifað við þau.“ Athugasemdirnar verði vafalaust miklar.

Hann segir stefnt að því að skila umsögninni til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis fyrir mánaðarlok en málið verður tekið fyrir á þinginu sem stendur fyrstu tíu daga septembermánaðar. **- bþs**

Grunaðir í stóra hassmálinu:

# Í varðhaldi í þrjár vikur enn

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hefur framlengt um þrjár vikur gæsluvarðhald yfir tveimur mönnum sem grunaðir eru um aðild að stóra hassmálinu svokallaða, þegar um 190 kílóum af hassi, auk maríjúana og kókaíns, var smyglað til landsins í húsbíl um borð í Norrænu.

Annar mannanna, eldri Hollendingur, hefur setið í varðhaldi frá því að bíllinn kom til landsins 10. júní síðastliðinn. Hinn, Þorsteinn Kragh, hefur setið í um mánuð í varðhaldi.

Lögregla taldi ástæðu til að þeir sætu áfram í varðhaldi vegna rannsóknarhagsmuna. **- sh**

Formenn flokkanna:

# Ræddu eftirlaunamálið

**STJÓRNMÁL Formenn stjórnmálaflokkanna hittust á þriðjudag og ræddu um lögin sem gilda um eftirlaun þingmanna og ráðherra og hugsanlegar breytingar á þeim.**

**Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði við þinglok í vor að reynt yrði að finna viðunandi lausn á málinu í sumar og kvaðst gera ráð fyrir að formenn allra flokka ynnu sameiginlega að þingmáli sem lagt yrði fram í haust.**

**Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, segir fund þriðjudagsins hafa verið fyrsta fund sumarsins um málið og að ekkert nýtt hafi komið fram. - bþs**



**VAGNSFLAKIÐ** Sprengjunni var komið fyrir í poka fullum af skrúfum og róm til að hámarka skaðann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengjuárás í Trípólí:

# Átján fórust í sprengingu

**LÍBANON, AP** Minnst átján létust og á fimmta tug særðist þegar sprengja tætti í sundur strætisvagn á háannatíma í Trípólí, höfuðborg Líbanon, í gærmorgun.

Óttast er að hryðjuverkasamtökin al-Kaída hafi staðið að baki árásinni, sem er sú mannskæðasta þar í landi í þrjú ár.

Árásin var gerð sama dag og Michel Suleiman, forseti Líbanon, fór í opinbera heimsókn til Sýrlands, þá fyrstu síðan árið 2005, í viðleitni til að bæta samskipti þjóðanna sem hafa verið stirð undanfarin ár. **- sh**

# Ekki kunnugt um brot á vinnureglum

**Stjórnendur Norðuráls segja sér ekki kunnugt um tilvik þar sem óvinnufær starfsmaður hefur verið kallaður til starfa. Verkalýðsfélag lét stjórnendum í té dæmi um slík tilvik. Umrædd tilvik verða skoðuð og farið yfir verklagsreglur.**

**VINNUMARKAÐUR** Það er ekki í samræmi við verklagsreglur Norðuráls að starfsmenn sem eru óvinnufærir eftir vinnuslys séu kallaðir til vinnu. Verkalýðsfélag segir mörg dæmi um slíkt.

Formaður Verkalýðsfélags Akraness átti í gær fund með forsvarsmönnum Norðuráls um skráningu á vinnuslysum í álveri félagsins á Grundartanga.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu nýverið segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, að dæmi séu um að yfirmenn hjá Norðuráli kalli starfsmenn til starfa þrátt fyrir að læknir hafi metið þá óvinnufæra eftir vinnuslys.

Vilhjálmur sagði fyrir helgi að ein möguleg skýring á því væri sú að slys séu ekki skráð sem fjarveruslys komi starfsmenn til vinnu strax daginn eftir. Fjarveruslys séu talin mun alvarlegri en minniháttar slys sem ekki halda starfsmanni frá vinnu.

Í sameiginlegri yfirlýsingu eftir fundinn í gær kemur fram að æðstu stjórn Norðuráls sé ekki kunnugt um tilvik þar sem verklagsreglur hafi verið brotnar. Upplýsingar frá verkalýðsfélaginu gefi annað til kynna og þau tilvik verðiskoðuð nánar.

Í verklagsreglunum er gert ráð fyrir því að starfsmönnum sé boðið að sinna léttari störfum gefi læknisvottorð til kynna að þeir geti sinnt slíkum störfum.

Á fundinum var ákveðið að farið verði yfir verklagsreglur með trúnaðarmönnum með það að markmiði að allir komi sér saman um verklag ef vinnuslys verður.

brjann@frettabladid.is



**NORÐURÁL** Starfsmenn og fyrrverandi starfsmenn álvers Norðuráls á Grundartanga hafa haldið því fram að þeir séu kallaðir til starfa hjá fyrirtækinu þrátt fyrir að hafa verið metnir óvinnufærir eftir vinnuslys. Starfsmennirnir á myndinni tengjast ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## SAGT AÐ MÆTA MEÐ 3. STIGS BRUNASÁR

„Vinnuslysin hjá Norðuráli eru miklu fleiri og alvarlegri en þeir halda fram,“ segir Kristján Haukdal Jónsson. Hann starfaði hjá álveri Norðuráls þar til í nóvember í fyrra, skömmu eftir að hann lenti í vinnuslysi.

Kristján segist hafa fengið slettu af glóandi heitu áli yfir fótinn þegar hann var að vinna í álverinu, með þeim afleiðingum að hann fékk 3. stigs brunasár.

Brunasárið var strax kælt niður, en Kristján segir yfirmenn ekki hafa sinnt því að koma sér á spítala. Hann hafi þurft að binda um sárið sjálfur, bíða eftir því að vaktinni lyki og koma sér á spítala eftir að fyrirtækið keyrði hann heim.

Læknir mat Kristján óvinnufæran, en hann var engu að síður beðinn um að koma til vinnu kvöldið eftir til að gefa skýrslu og sendur bíll eftir honum þar sem hann var ekki rólfær.

Kristján segir að þegar hann hafi spurt hvers vegna hann mætti ekki gefa skýrslu um slysið síðar hafi honum verið tjáð að þar sem hann hafi tæknilega séð komið til vinnu daginn eftir slysið teljist það ekki fjarvistarslys. Þar með var slysið skráð eins og það væri minna alvarlegt.

Kristján segir yfirmenn hafa lagt hart að sér að koma aftur til vinnu þrátt fyrir að hann væri óvinnufær. Hann hafi komið hálfan dag, hangið á skrifstofunni og látið sér leiðast. Kristján fullyrðir að mörg dæmi séu um að slasað fólk mæti á hækjum í vinnuna, fái aðstöðu á skrifstofu en vinni í raun ekki handtak.

Breskur blaðamaður í Kína:

# Handtekinn fyrir mistök

**KÍNA, AP Breskur blaðamaður var handtekinn í gær þegar hann reyndi að mynda mótmæli til stuðnings Tíbet í Peking í Kína í gær.**

**Blaðamaðurinn var snúinn niður í jörðina og handtekinn, ásamt átta mótmælendum. Hann var svo dreginn út úr garðinum þar sem mótmælin áttu sér stað inn á veitingastað í nágrenninu. Síðar var hann dreginn inn í sendiferðabíl þar sem hann gat loks sýnt skilríki þess efnis að hann væri blaðamaður.**

**Lögregla segir að maðurinn hafi verið handtekinn fyrir mistök. - þeb**

Óeirðir og rán í Kanada:

# Tólf unglingar handteknir

**KANADA, AP** Tólf unglingar voru handteknir í óeirðum í Montreal í Kanada á þriðjudag. Unglingarnir köstuðu steinum að lögreglumönnum. Óeirðir urðu fyrst á sunnudag, eftir að lögreglumenn skutu þrjá unga menn, þar af einn til bana.

Nokkrar búðir á svæðinu voru rændar meðan á óeirðunum stóð en engar skemmdir hafa verið tilkynntar. Lögregla segir búðareigendur óttast um öryggi sitt enda gangi meðlimir ýmissa gengja berserksgang um hverfið og ógni öllum sem þar búa. **- þeb**

## GRUNDARFJÖRÐUR

### Macintosh á sögusafni

Fimmtán ára drengur úr Grafarvogi fékk á dögunum risastóra Macintoshdós í viðurkenningarskyni fyrir að vera fimm þúsundasti gestur sumarsins í Eyrbyggju, sögumiðstöð í Grundarfirði. Íslenskum gestum í sögumiðstöðinni hefur fjölgað um 49 prósent miðað við í fyrra og erlendum um meira en 84 prósent.




Meirihlutasamstarf við F-lista ekki lengur fýsilegt fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

# Nýr meirihluti skynsamlegur

**STJÓRNMÁL** „Sjálfstæðisflokkurinn er, samkvæmt skoðanakönnunum, í þannig aðstæðum að það er ekki fýsilegt fyrir hann að klára þennan samning sem hann gerði við Ólaf F. Magnússon borgarstjóra,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði.



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON**

Hann telur erfiðleika Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn eiga eftir að aukast þegar Ólafur lætur af embætti borgarstjóra og Hanna Birna Kristjánsdóttir tekur við. „Þá hefur Ólafur F. engu að tapa lengur. Þannig að maður sér fyrir sér að fyrir Sjálfstæðisflokkinn verði seinna tímabilið af þessum samningi jafnvel verra en það fyrra.“

Gunnar Helgi segir myndun nýs meirihluta hljóti að vera eðlilegt skref, frá sjónarhóli Sjálfstæðisflokksins. Hann segir flokkinn vera í mjög erfiðri stöðu og sér sýnist hann vera að gera hið skynsamlega í stöðunni, að losa sig út úr núverandi ástandi.

„Fyrir Sjálfstæðisflokkinn er þetta svolítil klemma. Það er ekki gott að standa fyrir enn einum meirihlutaskiptunum en þau verða að vega kostnaðinn af því á móti kostnaði við að sitja við óbreytt ástand þar sem stjórnarandstaðan þarf ekki mikið að beita sér. Fylgið bara flæðir til stjórnarandstöðunnar þótt hún geri kannski ekki mikið.“



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Kannanir sýna lítið fylgi við meirihluta Sjálfstæðisflokks og F-lista í borgarstjórn Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Kannanir sýna að vinsældir borgarstjórans, meirihlutans og Sjálfstæðisflokksins í borginni eru mjög litlar. Seinni hluti kjörtímabilsins er hafinn og flokkarnir þurfa að fara að undirbúa sig fyrir það.“ **- ovd**

# A -50% ÚTSALA -80% ÚTS

# HÚSASMIÐJAN ÚTSALA



**25%** afsláttur **af öllum** flísum



**30%** afsláttur **af allri** gólfmálningu



**30%** afsláttur **af allri** viðarvörn



**1.995 kr/m²**
~~3.745 kr/m²~~

**45%** AFSLÁTTUR

**Vegg- og gólfflísar**
**Club Ceramica**, gegnheilar frostþolnar, 45x45 sm flísar.
8630740-3



**139.900**
~~219.900~~

**Skel, án tenginga Serenity**
**Lunar Grey**, klæðning fylgir ekki.
8070603

**Skel, án tenginga Serenity**
**Galaxy Green**, klæðning fylgir ekki.
8070605

**NÝ MÁLNING**
**SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR**



**1.999**
~~3.995~~

**3.999**
~~8.995~~

3 ltr
7207020-6

10 ltr
7207040-6



**1.195 kr/m²**

Hnotulíki
146950

**Plastparket**
**Euro Click**, 3ja stafa, borðastærð:
7 x 192 x 1,292 mm,
Just Click krækja - ekkert lím

**3 rafhlöður**



**12.999**
~~23.995~~

**Hleðsluborvél Hitachi**
12V, 3 rafhlöður og ljós.
5247480

**Baðplata 260x60x4 sm**
Plata framan á baðker.
5076004



**5.599**
~~7.379~~

**3.999**
~~5.399~~

**Baðplata 260x60x1 sm**
Plata framan á baðker.
5076001

**Við berjum niður verðið!**

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 13.08.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 82,06 | 82,46 |
| Sterlingspund | 154,00 | 154,74 |
| Evra | 122,00 | 122,68 |
| Dönsk króna | 16,351 | 16,447 |
| Norsk króna | 15,238 | 15,328 |
| Sænsk króna | 13,009 | 13,085 |
| Japanskt jen | 0,7527 | 0,7571 |
| SDR | 129,59 | 130,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 159,0102

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gjaldskylda tekin upp vegna bílastæða á efri hluta Skólavörðustígs:

# Fleiri gjaldskyld bílastæði

**SAMGÖNGUR** Gjaldskylda bílastæða verður brátt tekin upp á svæði milli efri hluta Skólavörðustígs og Laugavegar og er vinna við uppsetningu mæla þegar hafin.

„Þessi bútur var eftir,“ segir Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs. Hún segir nýja svæðið ná til töluverðs fjölda af stæðum á Skólavörðustíg en minna sé af stæðum í hinum götunum.

„Þetta er að mörgu leyti að ósk íbúanna,“ segir Kolbrún. Þegar framkvæmdir á Skólavörðustígnum voru kynntar fyrir íbúunum hafi þeir lýst yfir mikilli ánægju með að fá gjaldskyldu.


**NÝTT GJALDSKYLDUSVÆÐI** Nýja svæðið afmarkast af efsta hluta Skólavörðustígs og þess hluta Laugavegar, Grettisgötu og Njálsgötu sem afmarkast af Frakkastíg og Klapparstíg.

„Íbúarnir eru mjög ánægðir með gjaldskylduna enda gerir hún þeim kleift að leggja heima hjá sér,“ segir Kolbrún og vísar til íbúakorta bílastæðasjóðs.

Í skilmálum íbúakorta segir að íbúar í Reykjavík með lögheimili við götur þar sem bílastæði utanhúss eru gjaldskyld og ekki hafa aðgang að bílastæði á lóð sinni, geti sótt um að fá keypt bílastæðakort íbúa. Slíkt kort veiti heimild til að leggja bifreið án endurgjalds á stöðu- eða miðamælastæði innan þess svæðis, sem kortið gildir fyrir.

Nánari upplýsingar um íbúakortin má nálgast á vef Bílastæðasjóðs, bilastaedasjodur.is

- ovd

Lögregla í Bandaríkjunum:

# Kókaín falið í lögreglubílnum

**BANDARÍKIN, AP** Rúmlega 200 grömm af kókaíni fundust nýlega í bandarískum lögreglubíl. Efnið, sem var í þremur pakkningum, var falið á bak við útvarpið í bílnum.

Að sögn lögreglu á Rhode Island í Bandaríkjunum var bíllinn í eigu eiturlyfjasala en var gerður upptækur árið 2000. Síðan þá hafa lögreglumenn notað hann sem ómerktan lögreglubíl. Leitað hafði verið að efnum í bílnum en ekkert fundist. Það var svo fyrir um þremur vikum, þegar ákveðið var að selja bílinn í varahluti, sem kókaínið uppgötvaðist.

- þeb

Tuttugu létust í Mumbai:

# Hús hrundi vegna rigninga

**INDLAND, AP Að minnsta kosti 20 eru látnir eftir að hluti af fimm hæða byggingu hrundi í Mumbai á Indlandi í gær. Talið er að byggingin hafi hrunið vegna mikilla rigninga sem verið hafa í borginni að undanförnu.**

**Auk þeirra 20 sem létust eru ríflega 20 manns slasaðir. Þá er ekki útilokað að fleiri séu fastir í rústum hússins. Byggingin var í stóru íbúðahverfi með litlum götum og gerði það björgunarmönnum erfitt um vik.**

**Algengt er að miklar rigningar valdi hruni bygginga í Mumbai, enda mörg hús illa byggð.**

- þeb


**ÓNÝTUR** Bíllinn er gjörónýtur.

Óhapp við Ljótapoll:

# Jeppi rann fram af brúninni

**LÖGREGLUMÁL** Jeppabifreið gjöreyðilagðist þegar hún rann fram af brúninni á Ljótapolli, nærri Landmannalaugum, á þriðjudagskvöld. Jeppinn var mannlaus þegar óhappið átti sér stað.

Nokkrir erlendir ferðamenn höfðu jeppann til afnota. Samkvæmt lögreglunni á Hvolsvelli virðist sem bíllinn hafi runnið af stað og farið fram af brúninni, þar sem hann fór margar veltur. Ferðamennirnir stóðu og virtu fyrir sér Ljótapoll þegar atvikið varð.

- kg

## LEIÐRÉTTING

Nafn Ásmundar Stefánssonar ríkissáttasemjara misritaðist í blaðinu í gær.


**FENGIÐ 120 HEKTARA LÓÐ** REC hefur fengið vilyrði um 120 hektara lóð á iðnaðarsvæði vestan við byggðina í Þorlákshöfn. Ef fyrirtækið ákveður að byggja verksmiðjuna á Íslandi munu því rísa þar margar stórar byggingar. FRÉTTABLAÐIÐ/INGIBJÖRG

# Von á ákvörðun um sólarkísilverksmiðju

**Norska stórfyrirtækið REC tekur á næstu dögum ákvörðun um hvort sólarkísilverksmiðja verður reist á Íslandi eða í Kanada. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum þar sem úrgangur er mikill og óvissa er um afdrif hans.**

**ÞORLÁKSHÖFN** Norska stórfyrirtækið Renewable Energy Corporation ASA, REC, tekur á næstunni ákvörðun um það hvort fyrirtækið reisir nýja sólarkísilverksmiðju sína vestan við byggðina í Þorlákshöfn eða í Quebec í Kanada. Stefnt er að því að ákvörðunin liggi fyrir fyrir lok ágústmánaðar. Þetta kom fram á hluthafafundi REC í fyrradag þar sem félagið kynnti rekstrarniðurstöður sínar á öðrum ársfjórðungi.

REC hefur látið vinna skýrslu um umhverfisáhrif sólarkísilverksmiðjunnar og lagt fyrir Skipulagsstofnun. Stofnunin hefur tekið ákvörðun um matsskyldu og komist að þeirri niðurstöðu að bygging sólarkísilverksmiðju kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrirtækið hefur frest fram yfir helgi til að kæra þessa niðurstöðu en sex til níu mánuði getur tekið að vinna slíkt mat.

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að um sé að ræða framkvæmd á 120 hektara lóð á iðnaðarsvæði vestan við byggðina í Þorlákshöfn. Framkvæmdin sé umfangsmikil og orkufrek, feli í sér margar stórar byggingar, meðhöndlun ýmissa vandmeðfarinna efna og mikið magn af úrgangi og að óvissa sé um endanleg afdrif hans. Þá þurfi að kanna hvort ýmsar aðferðir, sem notaðar verða, geti haft skaðleg áhrif ef slys verða. Til að upplýst ákvarðanataka geti átt sér stað varðandi umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, sérstaklega í ljósi umfangs hennar, sé þörf á betri vitneskju um ýmsa þætti sem kunni að hafa áhrif á umhverfið.

REC hefur verið í samstarfi við Fjárfestingastofuna og gert samning við bæjaryfirvöld í Ölfusi um 120 hektara lóð. Byggingartími sólarkísilverksmiðju er tæp þrjú ár og er því gert ráð fyrir að verksmiðjan hefji starfsemi árið 2011. Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi, segir að Orkuveita Reykjavíkur hafi lýst yfir að orka sé til fyrir fyrsta áfanga.

Um 300 manna vinnustað verður að ræða, þar af verður rúmlega þriðjungur starfsmanna háskólamenntaður, ef af verður, að sögn Ólafs Áka. Á byggingartímanum er gert ráð fyrir að 500 manns vinni við að reisa verksmiðjuna. Framkvæmdirnar kosta tæpa 90 milljarða króna.

„Ef af verður erum við að fara inn á nýja braut í atvinnumálum sem mér finnst að gaman væri að gefa meiri gaum að. Þetta eru hálaunastörf,“ segir Ólafur Áki.

ghs@frettabladid.is

Sendiherrahringekja af stað:

# Skipt um þrjá sendiherra

**UTANRÍKISMÁL Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur látið af störfum sendiherra í Pretoríu í Suður-Afríku og tekið við stöðu sendiherra í Osló í Noregi. Stefán Skjaldarson, sem var sendiherra í Osló, kom til starfa á Evrópuskrifstofu utanríkisráðuneytisins.**


**SIGRÍÐUR DÚNA KRISTMUNDSDÓTTIR**

**Stefán Lárus Stefánsson hefur tekið við embætti sendiherra í Tókýó í Japan, en hann var áður fastafulltrúi hjá Evrópuráðinu. Við því starfi tók Elín Flygering, sem var prótókollstjóri.**

**Þórður Ægir Óskarsson, sem var sendiherra í Tókýó, fluttist til starfa á alþjóða- og öryggissviði utanríkisráðuneytisins.**

**Þá tók Guðmundur Eiríksson við stöðu sendiherra í Pretoríu, en hann var áður sendiherra á alþjóða- og öryggissviði utanríkisráðuneytisins.**

- bj

Tveir í haldi fyrir þrefalt morð:

# Harmleikur í þýskri ísbúð

**ÞÝSKALAND, AP** Lögregla í Frankfurt í Þýskalandi handtók tvo menn í gær sem grunaðir eru um að hafa skotið þrjá til bana og sært einn til viðbótar í ísbúð í nágrannabænum Rüsselsheim.

Árásin átti sér stað um klukkan átta á þriðjudagskvöld. Afgreiðslukona í ísbúðinni lést, auk tveggja karlmanna. Þriðji karlmaðurinn særðist lífshættulega. Talið er að afgreiðslukonan hafi óvart orðið fyrir skoti.

Lögregla hefur ekkert gefið upp um þá handteknu eða hvernig þeir fundust.

- sh




## VEÐURSPÁ


**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**HELGARHORFUR** Heildstætt metið eru veðurhorfurnar einna bestar fyrir Norðausturland um helgina. Þar verður yfirleitt nokkuð bjart veður og milt. Á sunnan og vestanverðu landinu verður lítilsháttar væta á laugardag en töluverð á sunnudag auk þess sem vindasamt verður vestan til á landinu um helgina.



Á MORGUN 3-10 m/s, stífastur vestan til

Á MORGUN 8-13 m/s vestan til annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 19° |
| Stokkhólmur | 18° |
| Gautaborg | 21° |
| London | 21° |
| París | 22° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 28° |
| Berlín | 23° |
| Alicante | 30° |
| Mallorca | 33° |
| Basel | 25° |
| Eindhoven | 22° |
| Las Palmas | 27° |
| New York | 27° |
| Orlando | 30° |
| San Francisco | 18° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Tæmum f...... BÚÐINA
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU !
spurðu bara á griffill.is
SAGA 103
LÆRA AÐ GRAÐA
Í DAG OG Á MORGUN
KLÁRAÐU SKÓLADÆMIÐ FYRIR HELGI
opið lengur um helgar
SJÁ NÁNAR Á griffill.is
GRIFFILL
skeifunni 11 - griffill.is
ALLTAF ÓDÝRARI

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú trú á íslenska landsliðinu í handbolta á Ólympíuleikunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 87,1% |
| Nei | 12,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Átt þú von á meirihlutaskiptum í borgarstjórn Reykjavíkur?*

Segðu þína skoðun á vísir.is **vísir**

Kaupsamningum fjölgaði og velta jókst á fasteignamarkaði höfuðborgarsvæðisins í júlí:

# Skammgóður vermir á fasteignamarkaði

**EFNAHAGSMÁL** Kaupsamningum í júní og júlí fjölgaði um 74 prósent á milli mánaða á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir það eru kaupsamningar höfuðborgarsvæðisins í júlí 64 prósent færri en í sama mánuði í fyrra. Veltan jókst um 60 prósent.

„Fasteignamarkaðurinn fraus eftir gengisfall og verðbólguskot í mars,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningar Kaupþings.

Hann telur að frostið geti ekki varað endalaust. Ásgeir telur að fasteignaverð haldi áfram að lækka en leiðrétting markaðarins sé hins vegar á góðri leið.

Ásgeir segir að raunlækkun fasteignaverðs á árunum 1988 til 1996 hafi verið um tuttugu prósent enda var hagvöxtur lítill sem enginn á því tímabili. Lægð á fasteignamarkaði hafi síðan komið aftur árið 2001 og stóð þá yfir fram á mitt ár 2003.

Hann telur að lægðin sem nú er á fasteignamarkaðinum muni standa yfir í svipaðan tíma og sú sem var hér í byrjun aldamóta. Lægðin frá 1988 til 1996 endurtaki sig ekki.

Auðbjörg Ólafsdóttir, hagfræðingur hjá Greiningu Glitnis, telur að þessi aukning sem varð nú á milli júní og júlí sé skammvinn. Atvinnuleysi sé vaxandi, kaupmáttur sé að minnka auk annarra óvissuþátta. „Þeir sem ætla að kaupa eða skipta um húsnæði bíða með það þar til óvissan í efnahagsmálum minnkar,“ segir Auðbjörg. Fasteignamarkaðurinn glæðist fyrr en í lok árs 2009. **-as**



**KÓLNANDI MARKAÐUR** Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningadeildar Kaupþings telur að fasteignaverð muni halda áfram að lækka en leiðrétting markaðarins sé hins vegar á góðri leið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FÆREYJAR




**FÆREYJAR** Færeyska landsstjórnin sprakk vegna deilna um göng á milli Sandeyjar og Straumeyjar.

Landsstjórnin í Færeyjum:

# Minnihlutastjórn tekur við

**FÆREYJAR** Færeyingar hafa fengið nýja landsstjórn og er það minnihlutastjórn. Þetta er í fyrsta skipti sem minnihlutastjórn er í Færeyjum, að sögn danska ríkisútvarpsins DR.

Minnihlutastjórnin felst í því að stjórnarsamstarf Jafnaðarflokksins, Þjóðveldisins og Miðflokksins haldi áfram þó að einn þingmaður Jafnaðarflokksins hafi hætt að styðja samstarfið þar sem ekki hafi náðst samkomulag um að negla niður tímasetningu fyrir gangaframkvæmdir milli Sandeyjar og Straumeyjar. Landsstjórnin hefur gert samkomulag við Sjálfstýrisflokkinn um stuðning við minnihlutastjórnina.

Sjálfstýrisflokkurinn fær í staðinn áhrifarík embætti í þinginu og stuðning landsstjórnarinnar við nokkur frumvörp sem flokkurinn ætlar að leggja fram. **- ghs**

Deilt um blaðadreifingu:

# Ekki blaðakassi í Hveragerði

**SVEITARSTJÓRNIR** Meirihluti bæjarráðs Hveragerðis hefur hafnað ósk 365 hf. um að fá að setja upp dreifingarkassa í Hveragerði fyrir Fréttablaðið. Kvaðst bæjarráðið áður hafa hafnað tilsvarandi erindi 365. „Ekkert það hefur gerst sem gefur tilefni til annars en sömu afgreiðslu í dag og því er lagt til að erindinu verði hafnað.“

Minnihluti bæjarráðs sagðist vilja leyfa þróunarverkefni á dreifingu Fréttablaðsins ef það leiddi til betri þjónustu við Hveragerðinga. Tillaga hans þess efnis var felld og sat hann síðan hjá þegar fulltrúar meirihlutans höfnuðu ósk 365. **- gar**

## ÚTVARP

### Bilun á Húsavík

Bilun er í sendi RÚV á Húsavíkurfjalli sem hefur orsakað truflanir á útsendingu Rásar 1 og 2 á Húsavík og nágrenni síðustu daga. Ekki er vitað hvenær viðgerð verður lokið.

## SLÖKKVILIÐ

### Kviknaði í ruslagámum

Tilkynnt var um bruna í þremur ruslagámum á vinnusvæði Sorpu við Sævarhöfða klukkan hálf fimm á miðvikudagsnótt. Slökkvilið fór á vettvang og tók slökkvistarf um tvær klukkustundir. Ekki er vitað hvernig eldurinn komst í gámana.

# Bandaríkin senda herlið með hjálpargögn

**George W. Bush hvetur Rússa til að hopa með herlið sitt í Georgíu og standa við samning um vopnahlé. Hann krefst þess að fullveldi landsins verði virt. Bandaríkjamenn skipuleggja neyðaraðstoð við Georgíumenn.**

**GEORGÍA** George W. Bush, Bandaríkjaforseti lýsti yfir áhyggjum af ástandinu í Georgíu í gær. Hann lýsti því jafnframt yfir að bandarísk stjórnvöld myndu nota herflugvélar og herskip til að koma hjálpargögnum til Georgíu. Condoleezza Rice mun jafnframt sækja Georgíu heim.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, lét þau orð falla að Bandaríkjastjórn gæti aðeins stutt annað ríkið í stríðinu sem hefur geisað hefur síðustu viku.

Yfir 100 þúsund manns eru á vergangi síðan aðgerðir Rússa gegn Georgíumönnum hófust í síðustu viku. Átökin brutust út þegar Georgía hóf hernaðaraðgerðir í Suður-Ossetíu með það að markmiði að ná aftur stjórn á svæðinu. Suður-Ossetía hafði sagt sig úr stjórnmálasambandi við Georgíu en meirihluti íbúa þar hefur rússneskt vegabréf. Eftir að aðgerðir Georgíumanna hófust sendu Rússar herlið til héraðsins og hafa átök staðið síðan, bæði í Suður-Ossetíu og öðrum bæjum í Georgíu.

Nicolas Sarkozy, Frakklandsforseti, hefur lagt fram friðarsamkomulag sem báðir aðilar hafa samþykkt. Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins hafa ákveðið að senda friðargæslulið á svæðið til þess að fylgjast með að vopnahléi verði framfylgt.

Viðbrögð alþjóðasamfélagsins hafa verið Georgíu til stuðnings. NATO hefur fordæmt árásir Rússa og Mannréttindadómstóll Evrópu hefur krafist þess að Rússar hætti aðgerðum strax.



**HEIMILISLAUSIR GEORGÍUMENN Í BÆNUM GORI Í GÆR** Meira en 100 þúsund manns eru nú á vergangi í Georgíu vegna átakanna við Rússa. FRÉTTABLAÐIÐ/APF

> „ Vilji Rússar aftur fá stuðning Bandaríkjamanna og þeirra Evrópulanda sem stutt hafa Georgíu verða þeir að hætta hernaði þar strax.
>
> **GEORGE W. BUSH**
> BANDARÍKJAFORSETI

Georgía hefur einnig átt stuðning leiðtoga fyrrum kommúnistaríkja. Eistar, Lettar, Litháar og Úkraínumenn hafa lýst yfir stuðningi og var það haft eftir forseta Póllands að nú hefðu Rússar enn á ný sýnt sitt rétta eðli.

Bush Bandaríkjaforseti heitir því að fá stuðning alþjóðasamfélagsins gegn Rússum og lét þau orð falla í gær að: „vilji Rússar aftur fá stuðning Bandaríkjamanna og þeirra Evrópulanda sem stutt hafa Georgíu verði þeir að hætta hernaði þar strax.“ Hann benti einnig á að ef friður myndi ekki verða að veruleika þá væri sú vinna sem unnin hefur verið milli þjóðanna síðan kalda stríðinu lauk í hættu.

helgath@frettabladid.is

Á þriðja tug umsókna um störf forseta fræðasviða við Háskóla Íslands:

# Landlæknir sækir um í HÍ

**STJÓRNSÝSLA** Sigurður Guðmundsson landlæknir er í hópi umsækjenda um störf forseta fræðasviða við Háskóla Íslands.

Í gær höfðu 25 umsóknir borist Háskólanum en ekki er loku fyrir það skotið að fleiri muni berast í pósti á næstu dögum.



**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON**

Með nýju skipulagi Háskóla Íslands voru sett á fót fimm fræðasvið: félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, menntavísindasvið og verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Auk Sigurðar landlæknis og fleiri eru í hópi umsækjenda þrettán prófessorar við Háskóla Íslands, tveir dósentar við sama skóla og fimm prófessorar við aðra háskóla. 24 sækja um á einu sviði en Ólína Þorvarðardóttir sækir um á tveimur.

Ráðið er í störf forseta fræðasviða til fimm ára. Rektor ræður í starfið að fenginni umsögn valnefndar. **- bþs**

### UMSÆKJENDUR UM STÖRF FORSETA FRÆÐASVIÐA

**Félagsvísindasvið**
- Árni Sverrisson próf. við Stokkh.hásk.
- Ingjaldur Hannibalsson próf. við HÍ
- Ólafur Þ. Harðarson próf. við HÍ
- Ólína Þorvarðardóttir sérfr. við HÍ
- Ragnar Árnason próf. við HÍ
- Ragnheiður Þórarinsd. aðst.orkum.stj.
- Jón Ólafsson próf. við Hásk. á Bifröst
- Jón V. Sigurðss. próf. við Óslóarhásk.
- Ólína Þorvarðardóttir sérfr. við HÍ
- Róbert H. Haraldsson próf. við HÍ

**Heilbrigðisvísindasvið**
- Erla Kolbrún Svavarsdóttir próf. við HÍ
- Gunnar Guðmundsson læknir við LSH
- Sigurður Guðmundsson landlæknir
- Stefán B. Sigurðsson próf. við HÍ
- Þórdís Kristmundsdóttir próf. við HÍ

**Hugvísindasvið**
- Ástráður Eysteinsson próf. við HÍ
- Hólmfríður Garðarsdóttir dós. við HÍ

**Menntavísindasvið**
- Jón Torfi Jónasson próf. við HÍ

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið**
- Ebba Þóra Hvannberg próf. við HÍ
- Einar Stengrímsson próf. við HR
- Gísli Már Gíslason próf. við HÍ
- Hafliði Pétur Gíslason próf. við HÍ
- Hannes Jónsson próf. við HÍ
- Kristján Jónasson dós. við HÍ
- Sigríður Ólafsdóttir deildarstjóri
- Vala Ragnarsd. próf. við Hásk. í Bristol



# Uppskeruhátíð

## *í verslunum Hagkaups!*







Nú er uppskerutími íslensks grænmetis í hámarki og því allar Hagkaupsverslanir fullar af glænýju, fersku íslensku grænmeti!

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver er borgarfulltrúi framsóknarmanna?

2 Hvar í Georgíu stóðu bardagar við rússneskar hersveitir yfir síðustu daga?

3 Hversu margir bíða eftir að hefja offitumeðferð á Reykjalundi?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Formaður umhverfisnefndar segir óþarft að ráðherra sitji nefndarfund um Bakka:

# Pólitísk umræða fari fram í þingsalnum

**STJÓRNMÁL** Umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir, mun ekki sitja fund umhverfisnefndar Alþingis í dag þar sem fjallað verður um þá ákvörðun hennar að meta sameiginlega umhverfisáhrif allra framkvæmda vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka.

Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, fór þess á leit að Þórunn kæmi fyrir nefndina.

Helgi Hjörvar, formaður umhverfisnefndar, segir óþarft að ráðherra sitji fundinn. „Ráðherra er búin að gera grein fyrir sínum úrskurði og hennar afstaða liggur fyrir. Ég sé því ekki í fljótu bragði hverju hún ætti að bæta við það sem hún hefur þegar sagt," segir hann.

Á fundinn koma fulltrúar umhverfisráðuneytisins auk hagsmunaaðila. „Venjan er að umfjöllun í nefndum sé efnisleg og fagleg. Ef menn vilja pólitíska umræðu við ráðherra þá taka þeir hana í þingsal," segir Helgi.



HELGI HJÖRVAR



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR



HÖSKULDUR ÞÓR ÞÓRHALLSSON

Hann kveðst þó ekki útiloka að nefndin fái ráðherra fyrir nefndina á síðari stigum.

„Mér finnst þetta frekar dapurt," segir Höskuldur Þór Þórhallsson um afstöðu Helga og fjarveru umhverfisráðherra. - bþs

Borgarmálafélag Frjálslyndra:

# Kosið í stjórn á fundi í kvöld

**STJÓRNMÁL** Framhaldsstofnfundur borgarmálafélags Frjálslynda flokksins í Reykjavík fer fram í kvöld og verður þá kosið í stjórn og til annarra trúnaðarstarfa.

Stofnfundur var haldinn fyrir mánaðamót og sóttu hann á fimmta tug manna, samkvæmt upplýsingum á heimasíðu flokksins. Umræður voru það fjörugar að ákveðið var að halda fundinum áfram síðar.

Framhaldsstofnfundurinn fer fram í félagsheimili Frjálslynda flokksins að Skúlatúni 4.

Formaður undirbúningsnefndar er Ásgerður Jóna Flosadóttir. - bþs

Sprengjuárás í Kína:

# Grumur um Al-Kaída-tengsl

**KÍNA, AP Lögreglan rannsakar nú hvort sprengingar í borginni Xinjiang í Kína á sunnudaginn, sem kostuðu tólf manns lífið, tengist hótunum hóps, sem tengdur er Al-Kaída-samtökunum, um að stofna til óeirða vegna Ólympíuleikanna í Peking.**

**Fimmtán árásarmenn voru í hópnum og ráðist var á ráðuneytisbyggingar og lögreglustöð. Tíu árásarmenn létu lífið auk öryggisvarðar og vegfaranda.** - vsp

## FINNLAND

### Vilja hætta við stækkun

Grænfriðungar vilja að finnsk stjórnvöld hætti við stækkun kjarnorkuvers í Olkiluoto í Finnlandi. Talsmenn Grænfriðunga segja að byggingin standist ekki gæðakröfur.

Íslenskt mælitæki verður prófað í skólum í Noregi:

# Minnkar líkur á brotthvarfi úr skóla

**NOREGUR** Átta til tíu grunnskólar og framhaldsskólar í tveimur sveitarfélögum í Noregi, Kristiansand og Vest-Agder, taka á næstunni í notkun íslenskt mælitæki sem gerir þeim kleift að meta hvaða nemendur eru í brotthvarfshættu svo að hægt sé að veita þeim aðhald og stuðning og minnka þannig líkurnar á brotthvarfi.

Mælitækið er spurningalisti sem nemendur svara rafrænt í upphafi skólaárs. Spurt er um námsvenjur, fyrri árangur í skóla, stuðning fjölskyldu, vinnu, vini og margt fleira. Niðurstaðan sýnir hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur og þá af hvaða nemendum. Í framhaldinu ræðir síðan ráðgjafi eða umsjónarkennari við viðkomandi nemendur.

Kristjana Stella Blöndal, doktorsnemi við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, hefur þróað tækið í samvinnu við samstarfskonu sína, Sigríði Huldu Jónsdóttur, forstöðumann við HR, Háskólann í Reykjavík og tölvufyrirtækið Stúdíu. Verkefnið er styrkt á vegum Leonardo og hefur verið prófað í þremur löndum, á Íslandi, Spáni og í Noregi.

Kristjana Stella segir að mælitækið sé enn í þróun og í vetur verði aðferðin prófuð í skólum í Noregi en ekki sé endanlega ljóst ennþá hversu margir þessir skólar verða. - ghs



STRÆTÓ BS. VANTAR 300 MILLJÓNIR Bæjarstjórar Kópavogs og Hafnarfjarðar, auk Vinstri grænna, vilja að ríkið taki þátt í kostnaði við almenningssamgöngur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja að ríkið styrki vistvænan ferðamáta

**VG hvetur ríkisstjórnina til að fella niður olíugjald á almenningssamgöngur. Á hinum Norðurlöndunum greiðir ríkið fyrir almenningssamgöngum, jafnvel allt að 260 milljónir vegna hækkandi olíuverðs.**

**SAMGÖNGUR** Vinstrihreyfingin - grænt framboð skorar á ríkisstjórnina að hætta skattlagningu á almenningssamgöngur. Þetta kemur fram í ályktun flokksins frá því í gær.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á almenningssamgöngur en VG segir það „einungis vera orð á blaði, án innihalds." Ennfremur leggur VG áherslu á að gera verði almenningssamgöngur jafn réttháar og einkabílinn auk þess að minna á nauðsyn þess að styrkja vistvæna ferðamáta.

Sveitarfélögin vantar um 300 milljónir króna til þess að geta haldið áfram með reksturinn taplaust. Bæjarstjórar Kópavogs og Hafnarfjarðar hafa báðir lýst óánægju sinni með afskiptaleysi ríkissins af rekstri Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu.

Á Norðurlöndunum tekur ríkið umtalsverðan þátt í rekstri almenningssamgangna. Einar Kristjánsson, sviðsstjóri þjónustusviðs Strætó bs., sagði í samtali við Fréttablaðið að stjórnvöld í Svíþjóð, Noregi og Danmörku hafi markað þátttöku sína með niðurfellingu olíugjalds.

„Í Danmörku hefur ríkið endurgreitt olíugjaldið sem er á díselolíu. Svo eru þeir með frjálsa fjárveitingu frá ríki til sveitarfélaga sem þau nota oft til niðurgreiðslu á almenningssamgöngum." Þetta hefur leitt til þess að Danir ætla nú að fella niður niðurgreiðslu olíugjaldsins.

> Vegna þess hve lágar tekjur Strætó hefur af fargjöldum reynist það okkur erfiðara að ná endum saman.
>
> **EINAR KRISTJÁNSSON**
> SVIÐSSTJÓRI ÞJÓNUSTUSVIÐS STRÆTÓ BS.

„Á Fjóni er útboði nýlokið en vegna nýju reglnanna um olíugjald og fjármögnun þýðir það 20 prósenta hækkun á tilboðsverði frá verktökum," segir Einar.

„Svíar fella niður olíugjald en hafa sömuleiðis hjálpað til við skipulag innra kerfis eins og vegamál, uppbyggingu á járnbrautarteinum og þess háttar."

Einar segir Norðmenn haga sínum fjárveitingum eins og Svíar auk þess að hafa stutt fyrirtækið sem sér um Osló-svæðið um tæplega 260 milljónir íslenskra króna í kjölfar hækkunar á heimsmarkaðsverði á olíu.

„Vegna þess hve lágar tekjur Strætó hefur af fargjöldum reynist það okkur erfiðara að ná endum saman," segir Einar. „Sveitarfélögin hér þurfa að leggja miklu meira til en ríki og bæir á Norðurlöndunum." Einar segir þó fjölda farþega ekki eingöngu skýra skekkjuna. „Við erum með mun færri farþega á ferkílómetra auk þess að vera með víðfeðmt svæði til að þjónusta."

helgath@frettabladid.is



# Hvernig þú velur réttu töskuna fyrir barnið



**Þér til aðstoðar við val á skólatöskum verður iðjuþjálfi í eftirtöldum verslunum okkar:**

**14. ágúst:** Hallarmúla og Kringlunni frá kl. 16-17
**14. ágúst:** Kringlunni norður frá kl. 18-19
**15. ágúst:** Holtagörðum og Smáralind frá kl. 16-18
**16. ágúst:** Holtagörðum og Smáralind frá kl. 13-15

## ÞANNIG Á GÓÐ SKÓLATASKA AÐ VERA

**1** Skólataskan þarf að falla þétt að hrygg barnsins. Athugið að taskan sé vel bólstruð að aftan.

**2**



Betra er að annað hvort séu brjóst- eða mjaðmafestingar sem eru stilltar þannig að taskan haldist sem næst líkamanum. Öll bönd þurfa að vera breið, stillanleg, og auðvelt að herða og losa.

**3**




Taskan má ekki vega meira en 10-20% af líkamsþyngd barnsins.

**4** Skólataskan má ekki vera of breið því það hindrar eðlilegar hreyfingar handleggjanna.

**5** Skólataskan á að hvíla við mjóbak og aldrei lengra en 10 cm fyrir neðan mitti.

**6** Raðið hlutum þannig í töskuna að þeir renni ekki til og hafið þyngstu hlutina sem næst baki.

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

netto

...gómsætir bitar!



41% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR SKINNLAUSAR

ÍSFUGL

1.595 kr/kg

2.704 kr/kg



40% afsláttur

GOÐI

GRÍSAHNAKKI Í BAKKA

1.099 kr/kg

1.834 kr/kg



50% afsláttur

KEA

TAÐREYKT BJÚGU

349 kr/kg

699 kr/kg



40% afsláttur

GOÐI

GRÍSAGÚLLAS

1.099 kr/kg

1.834 kr/kg

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 14. - 17. ÁGÚST

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Verne Holdings segir mikinn meðbyr með gagnaverinu á Suðurnesjum:

# Tugir hátæknistarfa í boði

**IÐNAÐUR** Fyrirtækið Verne Holdings auglýsti um síðustu helgi eftir tugum tæknimanna í störf í gagnaveri, sem rís á Keilissvæði.

Framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Þorvaldur Sigurðsson, segist finna fyrir miklum meðbyr með verinu. Stefnt sé á að rekstur hefjist haustið 2009.

„En við viljum hafa tíma til að þjálfa starfsmennina. Sumir þeirra þurfa að vera virkir þátttakendur í uppsetningunni," segir hann.

Engar sérstakar hindranir standi í vegi fyrir því að af rekstrinum verði. Ríkisstjórnin hafi sýnt verkefninu stuðning, sem og Reykjanesbær og fólk sem vilji vinna hjá Verne.

„Það er ekki búið að skrifa undir samninga við hugsanlega viðskiptavini, en það lítur allt vel út," segir hann.

Verne gerði samning um orkukaup við Landsvirkjun, sem setti inn fyrirvara um að virkjað yrði í neðri hluta Þjórsár.

„Og ég hef fulla trú á því að Landsvirkjun finni leiðir til að standa við sína samninga," segir Þorvaldur.

Orkuþörfin yrði til að byrja með 25 megavött en frekari stækkun kemur til greina.

**- kóþ**



**ÚR NETÞJÓNABÚI** Auglýst var eftir rafvirkjum, rafeindavirkjum, rafiðnfræðingum, vélstjórum, vélfræðingum, vélvirkjum, véliðnfræðingum og upplýsingatæknifólki í gagnaver Verne Holdings um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gunnar hefði viljað vera með í ráðum

**Bæjarstjórinn í Kópavogi fagnar áformum ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu hjúkrunarrýma en hefði viljað vita hvað til stæði. Byggja á tæplega 130 hjúkrunarrými í bænum næstu fjögur ár til að mæta þörf sem er einna mest þar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við fögnum þessari ákvörðun en hefðum talið eðlilegt að fá að vita hvað til stæði," segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi.

Til stendur að byggja tæplega 130 ný hjúkrunarrými í bæjarfélaginu næstu fjögur árin samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar sem kynnt var á þriðjudag.

„Það eina sem fast er í hendi er að bygging 44 hjúkrunarrýma í Boðaþingi er að hefjast í þessum mánuði," segir Gunnar. „Þar eiga síðar önnur 44 rými að bætast við auk þess sem rætt hefur verið um að fjölga hjúkrunarrýmum í Sunnuhlíð um fjörutíu."



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Tímaröðun framkvæmdanna sem síðar verður ráðist í hefur ekki verið ákveðin að sögn Gunnars. „Það er þó greinilegt að það á að gerast næstu fjögur ár samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar."

Fimmtán prósent af kostnaði við byggingu hjúkrunarheimilanna fellur á Kópavogsbæ en 85 prósent á ríkið að sögn Gunnars, sem gerir ráð fyrir að verkefnið muni kosta bæinn fimmtán til tuttugu milljónir á þessu ári. Einnig mun bærinn að mestu standa straum af kostnaði við að byggja þjónustumiðstöðvar við hjúkrunarheimili í bænum.



**GUNNAR I. BIRGISSON**

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir að í samvinnu við sveitarfélögin meðal annarra hafi verið unnið að mjög ítarlegri þarfagreiningu sem áætlun ríkisstjórnarinnar byggi á.

„Þörfin er langmest á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst í Kópavogi, en fyrir liggur að byggt hefur verið of mikið víða út á landi þar sem fimmtíu til sextíu hjúkrunarrými standa auð," segir Jóhanna.

„Við fögnum útspili ríkisstjórnarinnar," segir Helgi Hjálmsson, formaður Landssambands eldri borgara, um áætlun ríkisstjórnarinnar sem gerir ráð fyrir að hraða byggingu fjögur hundruð hjúkrunarrýma og að einbýlum aldraðra verði fjölgað.

„Við höfum barist fyrir betri aðstöðu í gegnum árin og að fólk geti verið eitt í herbergi sé þess óskað," segir Helgi. „Það eru breyttir tímar, stefna okkar er að fólk geti búið í einbýli og að óskyldir séu ekki hafðir saman í herbergi."

Helgi telur mikilvægt að eldri borgurum bjóðist jafnframt þjónusta heim meðan þeir halda heilsu til að sjá um sig sjálfir.

**helgat@frettabladid.is**



**ELDRI BORGARAR** Landssamband eldri borgara fagnar áætlun ríkisstjórnarinnar um að byggja fjögur hundruð ný hjúkrunarrými á landinu öllu fram til ársins 2012.

## LÍKA NAUÐSYNLEGT AÐ MANNA HEIMILIN

„Það er ljóst að ekki er nóg að byggja bara upp hjúkrunarrými heldur þarf að manna þau líka," segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

„Eitt stóru verkefna velferðarkerfisins er að bæta kjör umönnunarstétta, meðal annars til þess að hægt sé að sinna uppbyggingu fyrir aldraða."

Jóhanna segir að þrjár nefndir starfi nú að því hvernig ná eigi fram jöfnuði bæði hvað varðar kynbundinn launamun og kjör umönnunarstétta.

„Þetta var allt rækilega bundið í stjórnarsáttmála og verið er að vinna að þessum málum," segir Jóhanna. „Áætlunar um hvernig taka eigi á þessum málum er að vænta í haust eða vetur, en niðurstaða liggur ekki enn fyrir."

Paul Ramses flóttamaður verður færður á nýjan dvalarstað á Ítalíu:

# Má ekki vera inni á daginn

**FLÓTTAMENN** Paul Ramses, flóttamaður frá Kenía, verður færður til úr flóttamannahúsinu Sentrone og í aðra flóttamannamiðstöð. Á nýja staðnum verður hann að halda sig utandyra frá klukkan níu á morgnana og til klukkan fimm síðdegis.

Spurður segist Paul ekki fá neina vasapeninga frá Ítölum og geti ekkert keypt hér á landi... 

„Í Sentrone er þó hægt að dveljast allan daginn og lesa, ef maður hefur ekkert að gera. Næsti staður verður bara til að sofa á," segir Paul.

Rosemary Atieno, kona Ramses, segist enn bjartsýn á að maður hennar fái að koma til landsins. Dómsmálaráðherra hefur heitið niðurstöðu í mánuðinum um kæru Pauls Ramses vegna ákvörðunar Útlendingastofnunar um að senda hann til Ítalíu.

„Já, ég vonast eftir að heyra góðar niðurstöður hvað úr hverju. Við höfum það ágætt hérna og eigum von á félagslegri aðstoð í september," segir Rosemary, sem ekki má vinna á landinu.

**kóþ**



**ROSEMARY ATIENO OG FÍDEL SMÁRI** Rosemary segist hafa það ágætt á Íslandi, miðað við aðstæður. Paul Ramses tekur í sama streng, en kvíðir því að vera færður í nýja og verri flóttamannamiðstöð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




## 14. - 31. ágúst

# SKÓLADAGAR

## Í SMÁRALIND

Smáralind er troðfull af nýjum vörum sem skólafólk á öllum aldri þarf á að halda áður en skólinn byrjar.

Í Smáralind færðu fatnað, skó, tölvur, skólatöskur, pennaveski, ritföng, bækur og allt annað sem þig vantar til að ganga menntaveginn.

**Njóttu Skóladaganna í Smáralind!**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM34977

## „ORÐRÉTT“

### Skynug skepna

**„Auðvitað er mér fullljóst að þið eruð öskuill út í mig.“**

ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR UMHVERFISRÁÐHERRA, Á FUNDI Á HÚSAVÍK

**Fréttablaðið 13. ágúst**

### Það er alltaf eitthvað

**„Kannski að ég hafi toppað of snemma fyrir þetta mót, ég veit það ekki.“**

ÖRN ARNARSON SUNDMAÐUR, Á ÓL Í PEKING

**Morgunblaðið 13. ágúst**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?**

## Kántrídagar og danskir dagar um helgina

Blómstrandi dagar verða í Hveragerði um helgina. Fjölbreytt dagskrá verður í bænum, meðal annars listsýningar, markaðir, grillveislur og tónleikar. Þá verða sérstakir minningartónleikar um Bergþóru Árnadóttur haldnir á föstudagskvöldið. Hápunktur hátíðarinnar verður brekkusöngur, flugeldasýning og dansleikur á laugardagskvöldið.

Í Stykkishólmi verða Danskir dagar haldnir í fimmtánda sinn. Bryggjuball, tónleikar og þorrablót eru á meðal þess sem boðið verður upp á á þessari fjölskylduhátíð. Tívolí og töframenn verða á staðnum fyrir börnin og sérstakur unglingadansleikur verður fyrir unglinga. Þá verður boðið upp á gönguferðir með leiðsögn um bæinn og siglingar um Breiðafjörð.



Í Fljótsdalshéraði hefst hátíðin Ormsteiti um helgina en hún mun vara fram yfir næstu helgi. Á morgun verður hátíðin sett með miklu karnivali, á laugardag verður svokölluð menningarnótt á Fjöllum haldin, og á sunnudag verða tónleikar með Sniglabandinu og Borgardætrum í Hallormstaðaskógi. Hátíðin heldur svo áfram alla næstu viku.

Kántrídagar verða á Skagaströnd um helgina og hefjast þeir í dag. Kántrídans verður stiginn á hátíðinni og verða dansleikir bæði á föstudags- og laugardagskvöld. Auk þess verða listsýningar, tónleikar og fjölskylduskemmtanir á dagskránni á Skagaströnd.




GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIÐJAN.IS


## SJÓNARHÓLL

**STAÐA MEIRIHLUTANS Í BORGINNI**

### Slær út góða grínmynd

„Nýtilkomið bónorð Sjálfstæðisflokksins til Framsóknar er ekkert annað en örvæntingarfull tilraun fólks sem er með allt niðri um sig,“ segir Karl F. Thorarensen, innkaupastjóri hjá Emmess ís, um stöðu meirihlutans í borginni. „Svo flýr Gísli Marteinn í meistaranám út í heim, en segir: „Engar áhyggjur, ég mun fljúga heim reglulega og taka þátt í umræðunum.“ Þetta er farið að slá út góða grínmynd með John heitnum Candy.“ Karl telur þó borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins ekki verri en aðra slíka. „Ég er sammála Agli Helgasyni, sem segir flokkana einungis vera til óþurftar í borginni. Aftur á móti er ég oftar og oftar farinn að verða borgarstjóranum okkar sammála. Ég styð hann í þeirri baráttu að varðveita götumynd sem aldrei hefur verið til. Einnig var það sterkur leikur hjá honum að fá græna herforingjann Jakob Frímann til að „clean up the streets“ og fá svo annan snilling, Gunnar Smára, til að lappa upp á ímyndina. Geri Dagur, Villi og Svandís betur!“



**KARL F. THORARENSEN** Innkaupastjóri hjá Emmess ís.



**VÍSINDAMENN AÐ STÖRFUM** Að baki mannsins í hægra horninu sést í langeld skálans sem þy

# Hús Egils Skallagr

**„Maður getur bara séð lífið til forna með berum augum, þetta hefur allt varðveist svo vel,“ segir Jesse Byock prófessor í norrænni fornleifafræði við Háskólann í Kaliforníu, um fornminjar við Hrísbrú í Mosfellsdal. Þar hefur Jesse stundað rannsóknir síðustu átta sumur með fjölþjóðlegum hópi rannsakenda.**

Árið 2001 gróf hópurinn upp leifar af um það bil þúsund ára gamalli stafkirkju úr timbri. Hún er þá ein af 6-7 kirkjum sem byggðar voru hér á landi strax við kristnitökuna.

Fjórum árum síðar komu þeir niður á merkilegt langhús. „Okkur sýnist á öskulögum að það sé frá árunum á milli 870 og 920,“ segir Jesse. „Þetta er vel byggt langhús, rúmlega tuttugu metra langt með stóru eldstæði þannig að þetta hefur verið höfðingjasetur.“

Talið er að Egill Skallagrímsson hafi búið á bænum. „Í Eglu segir að hann hafi búið hér en það er ekkert öruggt í þessu. Það er auðvitað hvergi bronsskjöldur sem á stendur: hér bjó Egill.“

Sumarið 2005 fundu fornleifafræðingarnir stóra gröf undir kirkjugólfinu, en kistan hafði verið fjarlægð. „Þessi gröf passar við lýsingarnar í Egilssögu,“ en sagt er að jarðneskar leifar Egils hafi verið grafnar upp og færðar annað. Samkvæmt Egilssögu er





» New program beginning fall 2008

The program provides a new option for students who are interested in international studies in education. It responds to the interests of students who want to work in international schools in Iceland or in schools or other educational settings in other countries. It also aims at preparing teachers for meeting the needs of a growing group of immigrant children and bilingual children in Iceland. The program focuses on education in the context of globalisation and the development of multicultural societies, sustainable development and on development studies and education in developing countries.

There will be a choice between three specialist areas in the program:

» Language teaching and learning (in international schools)

» Education and globalisation

» Education and development studies

Further information and application form on
www.khi.is/?q=international_studies

» Application deadline: August 29th

ÍSLENSKA SIA.IS HSK 43245 08.2008


Ungur drengur hefur opnað búð við golfvöllinn á Ísafirði:

# Tíu ára atvinnurekan

**MANNLÍF** Patrekur Hermannsson, tíu ára athafnamaður á Ísafirði, lætur ekki tal um þrengingar í efnahagslífinu aftra sér frá því að láta til sín taka í atvinnulífinu. Hann hefur reist myndarlega búð við golfvöllinn við Tunguhverfi á Ísafirði.

„Það er hægt að fá golfkúlur, tí, kalda drykki, kanilsnúða, hraunbita, prins póló og svona ýmislegt,“ sagði hann áður en verslunin var opnuð í gær. „Það er opið frá klukkan eitt og til hálfellefu en þá er líka orðið dimmt og ég þarf að fara heim.“

En hann stendur ekki vaktina einn. „Ég réð Jakob enda er hann besti vinur minn. Hann fær alltaf



**PATREKUR OG JAKOB** Það er ekki víða sem menn geta keypt golfkúlu og kanilsnúð í sömu búðinni en það er hægt hjá þeim Patreki og Jakobi.

MYND/JÓN GUNNARSSON

launin sín á föstudögum.“ Búðareigendinn sker ekki launin við nögl en starfsmaður hans fær

## MICHAEL PHELPS

### ENGINN UNNIÐ FLEIRI GULL

Sundmaðurinn Michael Phelps hefur sett met í fjölda gullverðlauna á Ólympíuleikum, samtals ellefu stykki. Hann hefur farið mikinn í Peking og unnið fimm gullverðlaun. Á leikunum í Aþenu vann hann átta verðlaun, þar af sex gull, en aðeins fimleikamaðurinn Alexander Dityatin frá Sovétríkjunum hefur unnið jafn mörg verðlaun á einum leikum. Gamla metið yfir heildarfjölda gulla var níu en því deildu fjórir íþróttamenn.



Egill Óskarsson er eini karlmaðurinn í leikskólakennaranámi við HA:

# Hæstánægður með starfsvalið

„Ástæðan fyrir því að ég byrjaði að vinna við þetta var að mig vantaði vinnu og ég hef alltaf haft mjög gaman af börnum. Því fannst mér liggja beint við að prófa þetta,“ segir Egill Óskarsson, leikskólakennaranemi og leiðbeinandi við leikskólann Fögrubrekku.

„Þegar ég fór á Fögrubrekku kom ég inn í öfluga, góða og faglega starfsemi og sá strax að þetta væri eitthvað sem ég væri til í að leggja fyrir mig,“ segir Egill og segist lítið hafa fundið fyrir aðkasti vegna þessa starfsvals, þótt karlmenn séu í miklum minnihluta. „Einhverjir hafa orðið hissa á þessu en þeim kom þetta lítið á óvart sem þekkja mig best,“ segir Egill og segist hæstánægður með starfsval sitt.

Í leikskólakennaranáminu við Háskólann á Akureyri er Egill eini karlkyns nemandinn. „Námið er til þess að fá þá þekkingu og þá faglegu færni sem er nauðsynleg að hafa í þessu starfi. Til að byrja með ætla ég að starfa sem leikskólakennari eftir námið en hef mikinn áhuga á að taka meistaragráðu í stjórnun menntastofnana síðar meir,“ segir Egill.

Að lokum hvetur Egill fleiri karlmenn til að koma til starfa á leikskólum. „Þetta er stórskemmtilegt starf og um að gera að sem flestir sem hafi áhuga fái sér vinnu á leikskóla,“ segir Egill. - vsp



**EGILL ÓSKARSSON** Hann segir leikskólakennarastarfið stórskemmtilegt og hvetur fleiri karlmenn til að koma til starfa á leikskólum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



kir afar stór.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ímssonar

silfur Egils líka grafið í grenndinni. „Við erum ekki að leita að silfri Egils,“ segir Jesse og bætir við að litlar líkur séu á að það finnist.

Nýlega hafa fundist merkilegir munir á svæðinu, eins og til dæmis perlur og myllusteinn.

„Við höfum fundið heilmikið af perlum,“ segir Jesse. „Í fyrra komu í ljós fjórar svokallaðar augnaperlur sem koma frá Túrkmenistan. Svona perlur hafa fundist í Noregi, en þangað hafa þær væntanlega komið frá Rússlandi.“

„Myllusteinninn er merkilegur fyrir þær sakir að hann er úr íslenskum steini,“ segir Jesse en yfirleitt voru slíkir steinar innfluttir. „Steinninn brotnaði og hefur því verið notaður sem undirstöðusteinn í hlaðinn vegginn.“

# di

helminginn af ágóðanum. Viðskiptavinirnir fá einnig að kynnast örlæti Patreks en hann býður upp á ókeypis vatn í versluninni fyrir þyrsta golfara.

Patrekur reisti búðarkofann sjálfur en hann fær þó ekki að standa lengi. „Næsta sumar ætla ég að smíða enn þá stærri kofa, þá hlýt ég að komast í sjónvarpið,“ sagði Patrekur. Hann segir að þá megi viðskiptavinirnir eiga von á meira vöruúrvali.

Golfkúlurnar sem seldar eru hjá Patreki hefur búðareigandi fundið hér og þar um golfvöllinn og kostar stykkið einungis 20 krónur. Aðrar vörur eru aðkeyptar. - jse


HALLÓ AKUREYRI!

LEX hyggst á haustmánuðum hefja rekstur skrifstofu á Akureyri til viðbótar við starfsemi sína í Reykjavík. Af því tilefni leitar stofan eftir lögmönnum sem hafa yfir að ráða hdl. réttindum, góðu valdi á íslenskri og enskri tungu og sjálfstæði í vinnubrögðum. Nánari upplýsingar veitir Helgi Jóhannesson hrl., faglegur framkvæmdastjóri LEX, í síma 590 2600.

LEX
LÖGMANNSSTOFA

Borgartúni 26 • 105 Reykjavík • Sími 590 2600
Bréfasími 590 2606 • lex@lex.is • www.lex.is

LEX veitir einstaklingum, fyrirtækjum og félögum, opinberum stofnunum og sveitarfélögum alhliða þjónustu á flestum sviðum lögfræðinnar jafnt hérlendis sem erlendis. Lögmenn stofunnar eru þrjátíu og búa þeir yfir umtalsverðri þekkingu og reynslu á hinum ólíku sérsviðum sínum. Áhersla er lögð á vandaða þjónustu við viðskiptavini stofunnar, öflug tengsl við erlenda samstarfsaðila og fyrsta flokks umgjörð fyrir starfsfólk LEX sem að lögmönnum meðtöldum eru fjörutíu talsins.

LEX

Jónas A. Aðalsteinsson hrl
Þórunn Guðmundsdóttir hrl
Erla S. Árnadóttir hrl
Helgi Jóhannesson hrl
Karl Axelsson hrl
Ólafur Haraldsson hrl
Lilja Jónasdóttir hrl
Kristín Edwald hrl
Ragnheiður M. Ólafsdóttir hrl
Heimir Örn Herbertsson hrl
Eiríkur Elís Þorláksson hdl
Garðar G. Gíslason hdl
Eva Margrét Ævarsdóttir hdl
Arnar Þór Stefánsson hdl
Dýrleif Kristjánsdóttir hdl
Katrín Jónasdóttir framkv.stj

# Sparaðu með Brimborg

## Nú er Ford með bensínverðvernd

# Sparaðu á með bros á

## Ford með 1.500 lítrum af bensíni á aðeins 99 kr/ltr.

# Nýtt. Sparaðu enn meira á Ford

**Spariverð. Bílasamningur 46.100 kr. á mánuði.**

Sparneytinn
**Ford Escape XLS AWD**
með bensínverðvernd

2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra
$CO_2$ losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km
Spariverð: 3.970.000 kr.*
Útborgun 30% eða 1.191.000 kr.
Bílasamningur 46.100 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru
vaxta- og lántökukostnaður 1.106.452 kr.
9 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

**Spariverð. Bílasamningur 17.300 kr. á mánuði.**

Sparneytinn
**Ford Ka**
með bensínverðvernd

1,3i 70 hö 106 Nm 5 gíra 3 dyra
$CO_2$ losun 141 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 5,9 l/100 km
Spariverð: 1.490.000 kr.*
Útborgun 30% eða 447.000 kr.
Bílasamningur 17.300 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru
vaxta- og lántökukostnaður 423.147 kr.
5 bílar á þessu tilboði.




Hringdu núna í síma 515-7000

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is*
*og þú ert kominn af stað*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6. sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5. sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 30% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Ford

Nýtt tákn um gæði




# Ford vör. Í dag.

## Nýtt. Núna sparneytinn Ford með bensínverðvernd

Sparaðu með Brimborg. Vertu á sparneytnum Ford með bensínverðvernd. Njóttu þess að auki að fá þér nýjan bíl á frábærum kjörum.

Nú færðu alla sparneytnu bílana frá Ford á sérstöku spariverði. Upplifðu bros sem borgar sig margfalt til baka í auknum sparnaði.

Komdu í dag og kynntu þér sparneytinn Ford með bensínverðvernd. Veldu Ford.

Finndu hvernig Ford laðar fram ósvikið bros, þegar þú ekur af stað með bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði.

*Komdu í Brimborg í dag og láttu Ford laða fram ósvikið bros hjá þér. Veldu Ford í dag.*

# með bensínverðvernd:

### Spariverð. Bílasamningur 69.400 kr. á mánuði.

Sparneytinn
**Ford Explorer Limited 4x4**
með bensínverðvernd

4,6i V8 292 hö 406 Nm 6 þrepa sjálfsk. \ 7 **manna**
$CO_2$ losun 374 g/km.
Eyðsla í blönduðum akstri 14,7 l/100 km
Spariverð: 5.980.000 kr.*
Útborgun 30% eða 1.794.000 kr.
Bílasamningur 69.400 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru vaxta- og lántökukostn. 1.660.258 kr.
5 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

### Spariverð. Bílasamningur 32.900 kr. á mánuði.

Sparneytinn
**Ford Focus Trend**
með bensínverðvernd

1,6i 100 hö 150 Nm 5 gíra 5 dyra
$CO_2$ losun 159 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,7 l/100 km
Spariverð: 2.850.000 kr.*
Útborgun 30% eða 855.000 kr.
Bílasamningur 32.900 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru vaxta- og lántökukostnaður 793.115 kr.
8 bílar á þessu tilboði.




Hringdu núna í síma 515-7000

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Mynd af Ford Escape sýnir Ford Escape Limited með krómpakka. Aukabúnaður á mynd af Ford Focus eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

> Verð á 0,7 lítra flösku af íslensku brennivíni




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** SYLVÍA GUÐMUNDSDÓTTIR, FORMAÐUR SNIGLANNA

## *Tók áhættu í mótorhjólakaupum á eBay*



„Bestu kaupin eru án nokkurs vafa mótorhjólið mitt," segir Sylvía Guðmundsdóttir, formaður Sniglanna. „Ég keypti hjólið í gegnum vefsíðuna eBay á afmælisdaginn minn, annan í jólum árið 2005, og komst að því að stundum borgar sig að taka áhættu og kaupa beint af einstaklingum." Hjólið er af gerðinni BMW K1200 RS og er það eina sinnar tegundar á landinu. „Ég gat kynnt mér eigandann vel gegnum heimasíðu og fékk hjólið síðan sent með flugi frá Bandaríkjunum," segir Sylvía. „Hjólið hefur reynst mér rosalega vel og ég mun aldrei tíma að selja það þó að ég kaupi mér nýtt hjól síðar." Sylvía byrjaði strax í janúar árið eftir að hjóla á nýja mótorhjólinu. „Það hefur fylgt mér margar ferðir um landið og jafnvel stendur til að taka Evróputúr á hjólinu við gott tækifæri."

Verstu kaup Sylvíu eru aftur á móti Microsoft Office pakki sem hún fjárfesti í á netinu. „Ég asnaðist til þess að kaupa pakkann á netinu og borgaði fyrir það morð fjár, bara vegna þess að ég var svo óþolinmóð."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### ENGIFER BÆTIR MATINN

■ *Það má auðveldlega bragðbæta mat með því að nota engifer.*

Stundum er eins og það vanti eitthvað í matinn sem erfitt er að henda reiður á. Þá má nota engifer til þess að leiða bragðtegundirnar saman. Einu gildir hvort um pottrétti, súpur, sósur eða salöt er að ræða. Þurrkað engifer er svo milt á bragðið að það verður ekki yfirgnæfandi nema í stórum skömmtum. Með ferskt engifer er vissara að fara varlega.

Engifer getur unnið vel með sterku hvítlauksbragði og mildað það til muna án þess að tapa bragðgæðunum. Ekki þarf nema hálfa til eina teskeið til þess að finna muninn.



Óeðlilegt að greiða dráttarvexti ef ómögulegt er að greiða fyrr:

# Greiðsluseðlar berast of seint

Sumir kjósa að greiða alla sína reikninga sjálfir í netbönkum, aðrir nota greiðsluþjónustu og enn aðrir fara sjálfir með greiðslu- og gíróseðlana sína í bankann og borga þá þar. Samviskusamir greiðendur kjósa að borga reikningana sína á gjalddaga. Að minnsta kosti fyrir eindaga. Fréttablaðinu barst bréf frá neytanda:

*Mig langaði til að vekja athygli neytendavaktarinnar á þessu: ég er með erlent lán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum. Bankinn sendir hins vegar greiðsluseðla alltaf svo seint út að það er ómögulegt að ná að borga þá á réttum tíma. Ég var til dæmis núna að fá greiðsluseðil frá þeim með gjalddaga 5. ágúst og eindaga 11. ágúst. Seðillinn er hins vegar ekki póstlagður frá þeim fyrr en föstudaginn 8. ágúst og kemur í mínar hendur á mánudeginum 11. ágúst. Sem sagt sama dag og mér berst seðillinn þá er síðasti séns að greiða án dráttarvaxta. Svona er þetta í hvert sinn sem ég fæ greiðsluseðla frá þeim. Má þetta? Kv. Snæfríður.*



**REIKNINGUR GREIDDUR Í HEIMABANKA** Nú kjósa margir neytendur að greiða reikningana sína sjálfir heima hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs Neytendastofu, segir að auðvitað eigi fólki að vera kleift að greiða greiðsluseðlana sína á réttum tíma. „Miðað við þessar upplýsingar þá er óeðlilegt að greiða dráttarvexti og annan kostnað sem fellur á lánþega greiði hann ekki á gjalddaga," segir Þórunn.

Við þetta má bæta að auðvitað verður að ræða svona mál við viðeigandi banka og taka mið af því hvort greiðsluseðill berist í netbanka eða ekki.

Ef kostnaður félli á mig vegna þess að bankinn sendi mér greiðsluseðlana sem ég nota of seint, þá myndi ég fara fram á endurgreiðslu þeirra gjalda sem á mig hefðu fallið. Gefið að ekki hefði verið samið um annað.



**HELGA ÞÓREY** neytendur@frettabladid.is

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**



**FISKUR OG FRANSKAR Á SKYNDIBITASTAÐ** Hertu fitunni má sleppa og í staðinn setja hollari fitu. Gæðin verða þau sömu.

# Engar reglur til enn um herta fitu í matvælum

**Ísland skipar sér á bekk með Bandaríkjamönnum og Austur-Evrópuþjóðum í neyslu á transfitusýrum. Transfitusýrur, eða hert fita, verða til þegar olía er hert til þess að auka geymsluþol hennar. Þessi gerð fitu eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum auk þess að valda offitu og sykursýki 2.**

Herta fitu má finna í smjörlíki, steikingafeiti, örbylgjupoppi, kökum og kexi og frönskum kartöflum. Hert fita er í öllum tilfellum óholl líkt og reykingar.

Samkvæmt rannsókn yfirlæknis á Gentofte spítala í Danmörku um hámarksmagn hertrar fitu í matvælum kemur fram að meðaltalsmagn í nokkrum fæðuflokkum er mest hjá Ungverjum eða 42 grömm af hundrað. Bandaríkjamenn eru í fimmta sæti með 36 grömm af hundraði og Ísland í því sjötta með 35 grömm. Líkur á hjarta- og æðasjúkdómum eru taldar aukast um 25 prósent sé fimm gramma af hertri fitu neytt á dag. Dagleg meðalneysla Íslendinga er nú hátt á fjórða prósent.

Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra, segir það vel koma til greina að herða eftirlit með notkun hertrar fitu í matvæli. „Það liggur fyrir að offita er hættulegur faraldur og að við verðum að huga að samsetningu fæðu okkar," segir hann. „Ég hef rætt um málið við sjávar- og landbúnaðarráðherra og er opinn fyrir breytingum." Guðlaugur segir að sökum þess hve neikvæð áhrif hert fita hafi á heilsufar barna fagni hann allri umfjöllun um málið.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Elva Gísladóttir, næringarfræðingur og verkefnisstjóri næringar hjá Lýðheilsustöð, segir það alls ekki nauðsynlegt að taka vörur með þessari gerð af fitu af markaði, „þvert á móti, það má auðveldlega nota einómettaða eða fjölómettaða fitu í staðinn."

Árið 2003 voru Danir fyrsta þjóðin í heiminum til að setja reglur sem kveða á um að ákveðnar vörur megi ekki innihalda meira en tvö grömm af hertri fitu af hverjum hundrað. Einu undantekningarnar ná til matvöru sem inniheldur herta fitu af náttúrunnar hendi. Meðaltalsmagn Dana fór úr 30 grömmum af hundraði niður í 0,4 grömm eftir að bannið tók gildi.

Bandaríkjamenn hafa sett nýjar reglur um merkingar matvæla auk þess sem New York, Fíladelfía og Kaliforníu-ríki hafa bannað eða ætla að banna fituna. Hér á landi eru engin lög um takmörkun eða merkingar hertrar fitu.




INNANHÚSSTÍLISTANÁM

Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:

Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Upprõðun hluta
Hönnun á:
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir hönnun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.



*Anna F. Gunnarsdóttir*
*Stílisti*



*Helga Sigurbjarnadóttir*
*Innanhúsarkitekt*



*Þorsteinn Haraldsson*
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 562-3220

INNRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN


■ **Verslun**

## Íslendingar versla meira í verðbólgunni

Þrátt fyrir verðbólgu og gengishrun jókst verslun Íslendinga í dagvöruverslunum í júlí um 22 prósent frá því í sama mánuði í fyrra. Þetta kemur fram á vef ASÍ. Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst gerði úttektina.



Þrátt fyrir verðlagshækkanir jókst velta í áfengissölu til dæmis um 26 prósent. Ef miðað er við fast verðlag jókst dagvöruverslunin um þrjú prósent, sala áfengis um 17 prósent og verslun með föt um tæp fjögur prósent.

Vert er að taka fram að verslun á Íslandi er orðin mun hagstæðari fyrir erlenda ferðamenn en á sama tíma í fyrra.

# Bestu kaupin?

**Já, við teljum að kaupin gerist ekki betri á eyrinni**
**Áreiðanleiki og gott verð hefur gert Stoeger að einhverri vinsælustu haglabyssunni á markaðnum mörg undanfarin ár.**
**Vaxtalausar raðgreiðslur eða 10% staðgreiðsluafsláttur.**



## Stoeger 2000

**Hálfsjálfvirk, bakslagsskift haglabyssa í þrem útfærslum**
Þú hefur val um svört plastskefti, hnotuskefti eða filmuklædda Stoeger 2000 með vinsælasta felumynstrinu, MAX4. Hlauplengd er 26”  5 þrengingar, ólarfestingar og poki fylgir. Snúningsboltinn er frá Benelli og skiftingin frá Franchi.  Gúmmípúði á skefti minkar bakslag. Fullt verð aðeins frá 69.900.  Þú getur valið um 10% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í 6 mánuði.



Kornið á hlaupi Auðveldar mið — 5 þrengingar og lykill fylgir — Snúningsbolitnn er frá Benelli — Ítölsk hönnunin leynir sér ekki Forskefti og tappi Stoeger P350



## Steoger P350

Stoeger Pumpan er fáanleg í tveim útfærslum.  Vinsæl, traust og ódýr byssa fyrir byrjendur. Þú hefur val um svört plastskefti eða filmuklædda pumpu með vinsælasta felumynstrinu, MAX4. 26” hlaup.  3 þrengingar, ólarfestingar og taska fylgir.  Stoeger P350 pumpan er byggð á grunni Benelli Nova, með sama bolta og skiftibúnaði.
Fullt verð aðeins frá 46.900. Þú getur valið um 10% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í 6 mánuði.

**SPORTBÚÐIN**




**VEIÐIHORNIÐ**

Stoeger ásamt Benelli og Franchi eru í eigu Beretta.  Stoeger Model 2000 og Stoeger P350 eru framleiddar í verksmiðju Beretta í Tyrklandi.  Stoeger skotvopn hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi undanfarin ár enda traustar og áreiðanlegar veiðibyssur á góðu verði og greiðslukjörum.

**Sportbúðin - Krókhálsi 5 -  517 8050 • Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410**
**veidihornid.is - sportbudin.is**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.208 **-0,79%**

**Fjöldi viðskipta:** 172
**Velta:** 1.136 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **TEYMI** | 21,48% | **EXISTA** | -3,54% |
| **MAREL** | 2,85% | **LANDSBANKINN** | -1,70% |
| **ATLANTIC PETROL.** | 1,97% | **BAKKAVÖR** | -1,36% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,74 +0,00% ... Atorka 5,51 +0,00% ... Bakkavör 29,00 -1,36% ... Eimskipafélagið 14,15 +0,00% ... Exista 7,62 -3,54% ... Glitnir 15,20 -0,65% ... Icelandair Group 17,65 +0,57% ... Kaupþing 710,00 -0,28% ... Landsbankinn 23,15 -1,70% ... Marel 86,70 +2,85% ... SPRON 3,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 9,27 -0,96% ... Össur 88,10 +0,69%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Kaffisopinn ávaxtaður

Á vefnum Fool.co.uk er alla jafna að finna margvísleg sparnaðarráð og samanburð á verði hinnar og þessar þjónustu, sér í lagi í fjármálageiranum. Aðalfréttin á vefnum þessa vikuna snýr að því hvernig fólk getur sparað stórfjárhæðir á því að ávaxta fremur aurinn sem annars færi í að kaupa sér tilbúinn kaffisopa á degi hverjum. Glögglega kemur fram hversu miklum árangri íslenskættaðir innlánsreikningar eru að ná ytra, enda notast við Kaupthing Edge reikninginn sem dæmi. Leggi fólk þar inn mánaðarlega í stað þess að peningurinn renni til Starbucks segir vefritið að eftir árið eigi fólk 513 pund (rúmar 78 þúsund krónur) og eftir tvö ár 1.020 pund (156 þúsund kall).

### Fíflagúmmí

Útlit er fyrir að frændi túnfífilsins sem mörgum túneigendum er í nöp við kunni að umbylta gúmmíiðnaðinum. Vísindamenn við landbúnaðardeild ríkisháskóla Ohio í Bandaríkjunum hafa fundið aðferð til að vinna hrágúmmí úr rótum „rússneskra" fífla sem eru náskyldir og nauðalíkir venjulegum túnfíflum. Hrágúmmí hefur hingað til einungis verið hægt að framleiða úr safa gúmmítrjáa sem vaxa í Suðaustur-Asíu. Túnfíflar vaxa hins vegar á norðlægari slóðum. Gúmmí úr fíflum er líka ódýrara en venjulegt hrágúmmí. Bændur í Miðvesturríkjunum horfa nú sumir hverjir til þess að geta snúið sér í stórum stíl að gúmmírækt.



## Dýrast að aka 2006 árgerð bíla

Ríkisskattstjóri uppreiknar verð á bílum fyrir útreikning á hlunnindaskatti. Verðgildi bíla rýrnar því ekki með árunum eins og þekkist á almennum mörkuðum heldur hækkar verbreytingastuðullinn með hverju ári.

Kaupverð bílsins skiptir því ekki máli því ofan á matsverð bifreiða frá Bifreiðaskrá leggst verðbreytingastuðull þess árs sem bifreiðin var tekin í notkun. Skatthlutföllin breytast aftur með aldri bifreiðar og fara lækkandi. Hlunnindaskattur er mestur af bifreið frá árinu 2006 því verðbreytingarstuðullinn fyrir það ár er 0,1567 stigum hærri en fyrir 2008 þótt skatthlutfall sé það sama. **-ghh**

## Verðbólgutoppur í ágúst

Tólf mánaða verðbólga mun ná hámarki í ágúst og vera 14,7 prósent gangi spá greiningar Landsbankans eftir. Er það hækkun um ríflega eitt prósentustig frá síðustu tölum Hagstofunnar.

„Aðalástæða þess að við spáum hækkandi verðbólgu eru útsölulokin. Þá hækkar náttúrulega verðlagið að nýju og líklegt verður að teljast að fyrirtækin nýti tækifærið og hækki verðin umfram það sem það var fyrir útsölur. Áhrif gengisveikingarinnar eru ennþá að koma fram," segir Tómas Brynjólfsson, sérfræðingur í greiningardeild Landsbankans.

Tómas segir gert ráð fyrir að verðbólga verði áfram fremur há í september en hjaðni hratt eftir það. „Þá gerum við ekki ráð fyrir að krónan veikist frekar það sem eftir er árs, en að hún sveiflist frekar mikið í kringum núverandi gildi. Áhrif gengislækkana verði að fullu komin fram í haust og ekki lengur þrýstingur frá hækkunum á innflutningi. Við gerum einnig ráð fyrir einhverjum lækkunum á húsnæðisverði."

Greiningin gerir ráð fyrir að almennt muni hægja á hagkerfinu í haust og að næstu tólf mánuði muni verðbólgan vera um fimm prósent og í námunda við verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands í lok árs 2009. **- ghh**

## Áhrifa lækkunar gætti hér

Afkoma fjármálaþjónustufyrirtækjanna Sampo og Storebrand á öðrum ársfjórðungi var undir væntingum. Hagnaður Storebrand dróst saman um 67,8 prósent miðað við sama tíma í fyrra, en búist var við 59,6 prósenta samdrætti. Hagnaður Sampo fyrir skatta dróst saman um 3,5 prósent miðað við sama tíma í fyrra, en búist var við 10 prósenta aukningu.

Hagnaður Storebrand af bæði fjárfestingu og tryggingum dróst saman. Hagnaður Sampo af fjárfestingum jókst meðan afkoma tryggingahlutans var afleit. Tekjur af líftryggingum féllu um 69 prósent. Björn Wahlroos, forstjóri Sampo, sagði í samtali við finnska viðskiptablaðið Taloussanomat að þetta skrifaðist á samdrátt í tryggingasölu hjá Sampo Bank sem hefur enn með höndum stóran hluta tryggingasölunnar. Sampo er enn að byggja upp sölukerfi sitt eftir að bankastarfsemi félagsins var seld til Danske Bank.

Hlutabréf í Storebrand féllu um 7,9 prósent í kjölfar fréttanna. Hlutabréf í Sampo féllu um 6,6 prósent. Hlutabréf í Existu, sem á um 20 prósenta hlut í Sampo og 8,7 prósent í Storebrand, féllu um 3,5 prósent í gær. **- msh**

# Spurningar vakna um rekstrarskilyrði banka

**Bankarnir hafa ekki skoðað sérstaklega að færa starfsemina úr landi. Forstjóri Glitnis segir aðstæður í efnahagslífinu vekja spurningar um rekstrarskilyrði þeirra hér á landi.**

**VIÐSKIPTI** „Við höfum ekki skoðað slíkt sérstaklega, þótt þær aðstæður sem komið hafa upp hafi vissulega vakið ákveðnar spurningar um rekstrarskilyrði íslenskra fyrirtækja og fjármálastofnana," segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, sagði í grein í Markaðnum í gær, að við núverandi aðstæður í efnahagslífinu hlytu bankarnir að íhuga að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi, ellegar færa eignir og umsvif til erlendra dótturfélaga.

„Við erum ekki að hugleiða neitt slíkt," segir Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans.

Lárus Welding bætir því við að ytri aðstæður hafi breyst hraðar en nokkurn óraði fyrir og hann viti til þess að unnið sé hörðum höndum innan stjórnkerfisins að viðeigandi viðbrögðum. „Ég held að allir geti verið sammála um grundvallarverkefnið; það er að við finnum leiðir til þess að fyrirtæki á Íslandi búi við stöðugleika og góð starfsskilyrði til þess að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni."



**FLUTNINGUR ÚR LANDI EKKI KANNAÐUR SÉRSTAKLEGA** Forstjóri Glitnis segir aðstæður vekja spurningar um rekstrarskilyrði bankanna. Enginn þeirra segist þó vera á leið úr landi. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst er ekki útilokað að Kaupþing fari úr landi, en höfuðstöðvar verði ekki fluttar héðan á næstu árum. Þá telja Kaupþingsmenn óvíst að slíkar aðgerðir yrðu til mikils gagns við núverandi aðstæður, þar sem flutningar gætu tekið nokkur ár.

„Félagsskipan Kaupþings er í sífelldri endurskoðun en ekkert liggur fyrir um breytingar á þessari stundu," segir Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Kaupþings.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, vill ekki tjá sig um málið. Hann hefur áður lýst þeirri skoðun að Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið.

Edda Rós segir í greininni að meginástæða þess að bankarnir kynnu að vilja fara annað, sé veik staða Seðlabankans sem hugsanlegur lánveitandi til þrautarvara. Tveir þriðju efnahags bankanna séu í erlendri mynt. „Þar sem íslenski seðlabankinn getur einungis prentað íslenskar krónur er styrkur hans sem lánveitandi til þrautarvara minni en annarra vestrænna seðlabanka." Efnahagur bankanna í erlendri mynt nemur yfir níu þúsund milljörðum króna, að því er Edda Rós segir. Forðinn sé „agnarsmár í hlutfalli við skuldbindingar fjármálakerfisins".

Gjaldeyrisforði Seðlabankans er nú tæplega 230 milljarðar króna. Auk þess hefur verið gerður gjaldmiðlaskiptasamningur við norræna seðlabanka sem gæti tryggt bankanum ríflega 180 milljarða króna til viðbótar.

Alþingi hefur veitt heimild fyrir 500 milljarða króna lántöku til að styrkja gjaldeyrisforðann. Fjármálaráðherra segir að unnið sé að styrkingu forðans, en aðstæður til lántöku nú séu ekki heppilegar.

**ingimar@markadurinn.is**


# Ertu hugsi yfir kreppunni?

Aðgengilegt og læsilegt rit um þjóðhagfræði. Helstu hugtök og kenningar greinarinnar skýrð, saga hagfræðinnar rakin og helstu kenningasmiðir.

**Nauðsynlegt rit fyrir allt áhugafólk um þjóðhagfræði.**

Þórunn Klemenzdóttir hefur kennt þjóðhagfræði í Menntaskólanum við Hamrahlíð um árabil.




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


## Marel yfir væntingum

Hagnaður Marel Food Systems á öðrum ársfjórðungi var 10,1 milljón evra (tæplega 1,3 milljarðar króna), langt umfram spár. Meðalspá bankanna hljóðaði upp á 4,1 milljón evra. Frávik skýrist að nokkru af gengishagnaði upp á um sjö milljónir evra sem til féll vegna þess að beðið var með að skipta skuldabréfi úr krónum í evrur.



**HÖRÐUR ARNARSON**

Tekjur Marel Food Systems á fjórðungnum námu 145 milljónum evra sem er nánast tvöföldun frá sama tíma í fyrra, en í maíbyrjun var Stork Food Systems sameinað Marel. Rekstrarhagnaður (EBIT) er 11,1 milljón evra, eða 7,7 prósent af sölu, miðað við 4,7 prósent á sama tíma í fyrra. Þynntur hagnaður á hlut er 2,28 evrusent á fjórðungnum, var 2,0 evrusent í fyrra.

Hörður Arnarson forstjóri fór yfir uppgjörið á kynningarfundi í gærmorgun og var að vonum ánægður með niðurstöðuna og segir allar áætlanir félagsins að ganga upp. „Þetta er alveg í takt við það sem við höfum sagt, allar tölur."

Þá segir Hörður að markaðsaðstæður með miklum hækkunum matarverðs og þrengingum á fjármálamörkuðum feli í sér bæði ógnanir og tækifæri. Aukinn hvati sé í matvælaiðnaði til að fjárfesta í tækjum sem bæti nýtingu og Marel sé aukinheldur staðsett í öllum greinum iðnaðarins og um allan heim. „Um leið og samdráttur er í Evrópu sjáum við mikinn uppgang í Brasilíu, Rússlandi og á nýmörkuðum." Þá er Marel langstærst í sínum geira, en lausafjárkrísan gerir ólíklegra að keppinautar nái sömu stærð að sinni. Aðstæðurnar gera hins vegar líka að verkum að einhverjir draga saman segl í matvælaiðnaði eða hverfa jafnvel alveg úr hópi viðskiptavina Marels. **- óká**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL

**299**
BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
299 kr./kg.
MERKT VERÐ 498 KR./KG.

**988**
KS FROSIÐ LAMBALÆRI
988 kr./kg.
MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

**1198**
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1198 kr./kg.

**50%**
Frosin lambasvið
199 kr./kg. MERKT VERÐ 398 KR./KG.

**25%**
KF kofareykt sveitabjúgu
299 kr./kg. MERKT VERÐ 398 KR./KG.

**1798**
Bónus hangiálegg í sneiðum
1798 kr./kg.

**98**
Bónus smyrill
300G 98 kr.

**98**
Bónus kjarnabrauð
500G 98 kr.stk.

**98**
ES hvítlauksbrauð
2 STK 98 kr.

TILBÚIÐ Á GRILLIÐ

**958**
NF laxabitar marineraðir
958 kr./kg. MERKT VERÐ 1198 KR./KG.

**98**
ES handsápur
500 ML. 98 kr.stk.

**298**
Kjörís hlunkar grænir
8 STK.PK 298 kr.

**98**
Toppur
Sítrónu/Ávaxta
2 ltr 98 kr

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórn Reykjavíkurborgar:

## Öngstræti Sjálfstæðisflokks

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Það leit ekki vel út fyrir Sjálfstæðisflokkinn í gær þegar Óskar Bergsson margítrekaði að hann væri ekki virkur þátttakandi í þessum nýja farsa í borgarstjórn. Einna helst virtist það lýsa örvæntingu Sjálfstæðisflokksins í borginni að láta það berast að þeir ættu í óformlegum viðræðum við aðra flokka, án þess að hafa nokkuð öruggt í hendi. Ýmsir vildu meina að sögurnar hefðu bara átt að vera vopn gegn Ólafi F. Magnússyni til að fá hann til að verða leiðitamari í samstarfinu. Sem slíkt væri það mjög tvíbent vopn. Það gæti haft áhrif á Ólaf en á sama tíma haft neikvæð áhrif á fylgi Sjálfstæðisflokksins í borginni.

Ef ekkert yrði úr þessum viðræðum við aðra flokka myndi Sjálfstæðisflokkurinn í borginni líta út fyrir að vera enn veikara stjórnmálaafl en áður var talið - búinn að mála sig út í horn frá viðræðum við þrjá annars mögulega samstarfsflokka. Jafnframt myndi það leiða til þess að traust borgarbúa á núverandi meirihluta veiktist enn, og var það ekki beisið fyrir. Hvernig er hægt að treysta meirihlutanum þegar augsýnilega er ekki traust á milli borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins og Ólafs F. Magnússonar?

Sumum gæti það þótt veikleikamerki hjá Sjálfstæðisflokknum að standa að enn einum meirihlutanum í borginni. Miðað við óvinsældir þessa meirihluta og hvernig fylgið sópast af flokknum væri sá fórnarkostnaður lítill miðað við hvernig þróunin getur orðið með áframhaldandi samstarfi við Ólaf F. Vandamálið hefur bara verið að finna einhvern annan samstarfsaðila til að vinna með. Það er nánast útilokað að Óskar hefði samþykkt að verða þriðja hjólið í núverandi meirihluta. Bæði hefur andað köldu milli hans og Ólafs og Óskar hlýtur að vera búinn að reikna dæmið og sjá að samningsstaða hans snarminnkar við það að meirihlutinn haldi ekki á honum einum.

Mögulegt er sjálfstæðismenn telji hvort eð er að þeirra pólitíska lífi sé lokið eftir þetta kjörtímabil og þeir hafi því engu að tapa, sama hversu oft er skipt um meirihluta. Að minnsta kosti sýnir ákvörðun Gísla Marteins Baldurssonar, að hverfa úr borgarmálunum í bili og fara í nám erlendis, að hann telji það ekki heppilegt að tengjast meirihlutanum nú. Hann hlýtur að meta það svo að með pínu fjarveru geti hann komið aftur endurnærður og minna flekkaður fyrir næstu kosningar, án þess að vera brennimerktur mistökum Sjálfstæðisflokksins í borginni á þessu kjörtímabili.

Upphaf þessa nýjasta leikþáttar er könnun Capacent sem birt var fyrir síðustu helgi. Samkvæmt þeirri könnun hefur Sjálfstæðisflokkurinn tapað tveimur af hverjum fimm kjósendum frá síðustu kosningum. Fyrri greining flokksins um að vandamálið væri fyrrum oddvitinn, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, virðist ekki rétt. Að minnsta kosti jókst fylgið ekki með tilkomu Hönnu Birnu sem oddvita, eins og vonir flokksmanna stóðu til. Hún á enn eftir að stíga fram og sýna borgarbúum að hún sé oddviti.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.



Valdís Óskarsdóttir

Er komin með nóg af klippivinnu og þreytir frumraun sína sem leikstjóri.



Allt sem þú þarft... ...alla daga

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Háskólinn vinsæll

Athygli vekur að Sigurður Guðmundsson landlæknir, sem í fyrrahaust sneri aftur úr ársleyfi í Malaví, sækir um nýja stöðu forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. En það er fleira sem er athyglisvert við umsóknirnar. Þannig sækir Ólína Þorvarðardóttir um tvær forsetastöður, bæði á félags- og hugvísindasviði. Eins og menn muna gustaði allhressilega um Ólínu í hennar síðustu skólastjórnandastöðu við Menntaskólann á Ísafirði. Þá sækir Ragnheiður Þórarinsdóttir aðstoðarorkumálastjóri um sem forseti félagsvísindasviðs. Hún taldi Össur Skarphéðinsson hafa snuðað sig við skipan Guðna A. Jóhannessonar í embætti orkumálastjóra í byrjun árs og virðist nú hafa fengið sig fullsadda á sínu gamla starfsumhverfi.



### Í borgarstjóranám

Gísli Marteinn Baldursson tilkynnti borgarstjórn fyrir stuttu að hann ætli að halda til náms í borgarfræðum við háskóla í Edinborg. Gísli mun fljúga á borgarstjórnarfundi tvisvar í mánuði, en hætta í ráðum og nefndum borgarinnar.



Vangaveltur hafa verið um hvort Gísli velji þennan tíma til að flýja það fjaðrafok sem verið hefur í borgarmálum undanfarið. Spurning er hins vegar hvort Gísli sé ekki bara að safna kröftum í Edinborg fyrir næsta prófkjör og komi þá fílefldur til baka sem mögulegt borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins, með eins konar borgarstjóramenntun á bakinu? Hann gæti þá mögulega læknað þau mein sem illa hefur gengið að lækna hingað til.

stigur@frettabladid.is
vidirp@frettabladid.is

## Vörn fyrir Venesúelu



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Málfræði

Fallbeygingar landaheita eru svolítið á reiki, þar eð ekki er alltaf ljóst, hvers kyns löndin skuli teljast. Karlkyn er sárasjaldgæft, en kvenkyn og hvorugkyn takast á um sæmn heiti. Lönd eru yfirleitt kvenkennd og heiti þeirra því höfð kvenkyns. Lönd eru mæður. Eitt land heitir beinlínis konunafni: það er Georgía, þar sem allt er nú í hers höndum. Fyrsta forsetafrú Íslands hét Georgía. Mörg önnur lönd heita kvenlegum nöfnum. Albanía beygist eins og Stefanía.

### Um Keníu

Sama máli gegnir um Tansaníu og Keníu. Ég tala um Keníu, ekki um Kenía eins og ritstjóri minn einn vildi hafa það, en ég tók það ekki í mál með þeim rökum, að mér finnst Kenía vera kvenkyns eins og Tansanía. Enda gildir sama regla um Ástralíu, Belgíu, Bosníu, Bólivíu, Brasilíu, Búlgaríu, Eþíópíu, Gambíu, Indónesíu, Ítalíu, Jórdaníu, Kambódíu, Kólumbíu, Króatíu, Líberíu, Líbýu, Makedóníu, Malasíu, Máritaníu, Mongólíu, Namibíu, Nígeríu, Rúmeníu, Sambíu, Slóvakíu, Slóveníu og Sómalíu, þar sem allt logar í ófriði. Heiti þessara landa eru klárlega kvenkyns líkt og Argentína, Armenía, Arúba, Dóminíka, Erítrea, Gínea, Jamaíka, Júgóslavía, Kórea, Kúba, Malta, Moldavía og Úkraína og beygjast eftir því. Kanada og Kína eru kynlausar undantekningar frá reglunni og beygjast eins og hjarta og nýra. Engum dettur í hug að beygja Kanada eins og Renata eða Kína eins og Stína.

Önnur landaheiti með öðrum ókvenlegum endingum eru einnig kynlaus, svo sem Bútan, Íran, Japan, Óman, Súdan og Taívan. Þessi heiti beygjast ekki eins og Kjartan, heldur eins og Kvaran. Við lesum sögur Kvarans, það eru sögur Einars H. Kvaran. Sumir segjast með líku lagi fara til Japans frekar en að sleppa eignarfallsessinu. Sama máli gegnir um Írak: fólk segist fara ýmist til Írak eða til Íraks. Flestir segjast þó fara til Afganistan, Kasakstan, Kirgísistan, Pakistan, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Úsbekistan og annarra plássa með endingunni stan, sem þýðir víst borg eins og í Gamla stan í Stokkhólmi.

Landaheiti eru sjaldan karlkyns. Noregur og Spánn eru undantekningar og kannski einnig Benín, ef við beygjum það eins og Lenín, nema við beygjum það heldur eins og Kristín eða hýjalín. Tógó getur þó varla beygzt eins og Gógó, þótt það sé freistandi, og telst því vera kynlaust. Mörg önnur landaheiti af erlendum stofni með ýmsum endingum eru með líku lagi kynlaus og eins í öllum föllum: Alsír, Bangladess, Barein, Belís, Brúnei, Búrúndí, Djíbútí, Ekvador, El Salvador, Gabon, Gíbraltar, Gvam, Haítí, Hondúras, Ísrael, Jemen, Kamerún, Katar, Kíribatí, Kongó, Kúveit, Kýpur, Laos, Lítháen, Líbanon, Madagaskar, Malí, Máritíus, Mexíkó, Nepal, Níger, Paragvæ, Perú, Portúgal, Senegal, Simbabve, Singapúr, Síle, Srí Lanka, Súrínam, Sviss, Tsjad, Túnis, Úrúgvæ og Víetnam. Sumir kynnu að vilja bæta eignarfallsessi aftan við einhver heitanna og sigla þá til Ísraels eða Portúgals, en ekki til Hondúrass. Engum dettur í hug að beygja Kamerún eins og Sigrún eða Singapúr eins og megrunarkúr. Gínea Bissá og Búrkína Fasó eru beggja blands. Hvernig væri að bregða sér til Búrkínu Fasó? Hljómar vel.

### Frá Gíneu Bissá til Botsvönu

Eftir þessari aðalreglu þykir mér einnig eðlilegt, að Botsvana, Gana og Gvæjana beygist eins og Kristjana og Svana, og Rúanda og Úganda beygist eins og Branda, sem er að vísu ekki konunafn, en er algengt nafn á kúm og læðum. Við komum heim frá Botsvönu, Gvæjönu, Rúöndu og Úgöndu. Reglan er þá þessi: við beygjum landaheiti af erlendum stofni eins og konunöfn og kvenheiti eftir því sem hægt er, en látum okkur annars nægja að skoða þau eins og þau séu hvorugkyns, og þá mega þau mín vegna beygjast eins og hjarta, lunga, milta og nýra. Mér þykir eftir þessari einföldu reglu eðlilegt, að Búrma beygist eins og Norma, sem er algengt konunafn í Evrópu. Gvatemala ætti þá að beygjast eins og Vala og Angóla eins og Lóla. Ég hef einu sinni komið til Búrmu, það var fyrir mörgum árum, en hvorki til Angólu né Gvatemölu. Venesúela beygist eins og Manúela. En Bermúda og Níkaragva? Bermúda gæti beygzt eins og skúta. Kannski er þó bezt að hafa þessi heiti eins í öllum föllum eins og Grenada, Kanada, Kína og Panama, sem beygist ekki eins og dama, en það finnst mér þó ekki eiga við um Kostaríku – og ekki heldur um Kósublönku, ef við heimfærum regluna á borgir.

Ég heyrði stutta sögu af tveim stúlkum í strætisvagni. Önnur sagði: Ég þarf að skila þessari vídeóspólu til hennar Óskar. Hin svaraði með þjósti: Óskar? Það er karlmannsnafn.

## Metnaður í málefnum aldraðra

UMRÆÐAN

Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um málefni aldraðra.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Framkvæmdaáætlun stjórnvalda um stórátak í uppbyggingu hjúkrunarrýma er vafalítið eitthvert stærsta og metnaðarfyllsta uppbyggingarátak í bættri þjónustu við aldraða sem ráðist hefur verið í. Samkvæmt framkvæmdaáætluninni mun hjúkrunarrýmum verða fjölgað um 400 á næstu árum og uppsafnaðri þörf og fjölgun aldraðra þannig mætt. Fjölbýlum verður á sama tíma nánast útrýmt en í dag deila yfir 800 aldraðir einstaklingar herbergi með öðrum. Áætlunin byggist á viðamikilli vinnu og þarfagreiningu sem unnin hefur verið í félags- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við sveitarfélögin og víðtækri stefnumótun sem unnin hefur verið með fulltrúum hagsmunasamtaka og fagfólks í öldrunarþjónustu. Hjúkrunarrýmum til hvíldarinnlagna sem í dag eru einungis 65 verður fjölgað verulega og hlutfall rýma til að mæta þörfum heilabilaðra verður aukið í samræmi við vaxandi þörf. Lögð er áhersla á fjölbreytni í öldrunarþjónustunni, aukinn stuðning við aldraða í heimahúsum og valfrelsi einstaklinga um búsetuúrræði.

Fjármögnun uppbyggingar og rekstrar fyrirhugaðra rýma hefur verið tryggð. Nú er áætlað að stofnkostnaður ríkis, sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana nemi um 17 milljörðum króna sem dreifist að hluta á næstu 25 ár þar sem um leigugreiðslur verður að ræða í stað stofnkostnaðarframlaga. Verði vísbendingar um að aukinn stuðningur við aldraða í heimahúsum dragi úr þörf fyrir fjölgun hjúkrunarrýma verður framkvæmdaáætlunin endurskoðuð fyrir lok árs 2009.

Aldraðir verðskulda virðingu samfélagsins og stjórnvöldum er skylt að sinna málefnum aldraðra af metnaði, framsýni og vilja til að gera sífellt betur. Um þetta hefur skapast rík sátt í ríkisstjórninni sem meðal annars birtist í þeirri metnaðarfullu framkvæmdaáætlun sem nú hefur verið kynnt og þeim mikilvægu endurbótum á lífeyrismálum aldraðra sem ráðist var í á þessu ári. Það er því óhætt að segja að aðgerðir í málefnum aldraðra hafi með tilkomu stjórnaraðildar Samfylkingarinnar færst af yfirlýsingastigi fyrri tíma á framkvæmdastig.

*Höfundur er félags- og tryggingamálaráðherra.*

# FRÁBÆR SJÓNVARPSTILBOÐ




**Toshiba 20W300PG**
20" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., HD Ready, 20w Nicam Stereó, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

VERÐ 59.990
FRÁBÆRT VERÐ




**Toshiba 37C3000PG**
37" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., ActiveVision myndkerfi, Active Backlight kerfi, 9000:1 Dyn. Contrast, 8 ms svartími, 10 Bit Processing, HD Ready, DCDi Faroudja Prog. Scan, 3D Color System, 2 HDMI v1.3, 2 Scart, 1 VGA, 1 Component ofl.

VERÐ 129.990
FRÁBÆRT VERÐ

# TOSHIBA




**Toshiba 32A3000PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing III, HD Ready, 1.500:1 skerpu, Faroudja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 20w Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

VERÐ 89.990
FRÁBÆRT VERÐ




**Toshiba 32W330DG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., HD Ready, innb. DVB-T móttakari, 2 x 20w Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS of

VERÐ 99.990
FRÁBÆRT VERÐ




**Toshiba 42C3001PG**
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing III, HD Ready, 5.000:1 skerpu, 8ms svart,. Faroudja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 20w Nicam Stereó með SRS WoW Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, ofl.

VERÐ 149.990
FRÁBÆRT VERÐ




**Toshiba 42C3530DG**
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing IV, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Faroudja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 25w Nicam Stereó með SRS WoW Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, ofl.

VERÐ 169.990
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfiringabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# Vill skuldsett þjóð sökkva sér dýpra?

**UMRÆÐAN**
Sighvatur Björgvinsson skrifar um fjármál.


SIGHVATUR BJÖRGVINSSON

Næstliðin fjögur til fimm ár hafa verið einhver mesti uppgangstími í þjóðarsögunni. Atvinnuleysi var nánast ekkert heldur gátu landsmenn valið sér atvinnu við hæfi hvers og eins. Tekjur uxu hröðum skrefum. Verðmæti íbúðarhúsnæðis heimilanna fór ört hækkandi. Skattar voru lækkaðir a.m.k. á meðaltekjum og hærri. Næstum ótakmarkað framboð var á lánsfé.

### Lifað á sparnaði annarra

Hvernig notuðu landsmenn þessi gullnu tækifæri? Til þess að safna í sjóði og auka eignir sínar? Verða efnaðri þjóð? Nei. Hækkun á verðmati íbúðarhúsnæðis var notað sem andlag aukinnar lántöku heimila. Hækkandi tekjur voru nýttar til réttlætingar fyrir vaxandi greiðslubyrði heimila. Lækkun skatta sem ástæða aukinna neysluútgjalda heimila. Nærfellt ótakmarkað framboð á lánsfé til þess að geta „eignast“ hluti, já heilu heimilin með öllu tilheyrandi og nýjum bíl í innkeyrslunni, en allt í skuld. Niðurstaðan eftir þessi uppgangsár: Íslensk heimili urðu á þessum blómatíma skuldsettustu heimili í víðri veröld. Athugið að sú skuldsetning er reiknað meðaltal skulda heimila. Mörg íslensk heimili hafa ekki tekið þátt í þessari háskaferð. Hvílíkan skuldabagga hafa þá ekki bundið sér þau heimili, sem hlut eiga að máli fyrst meðaltalið segir þessa sögu? Þau heimili, sem vildu eignast allt strax en eiga ekkert nema í skuld? Þau heimili, sem hafa fleytt sér áfram með því að taka ný lán til þess að greiða þau gömlu þegar að gjalddögum kemur og hafa þá gjarna haft nýju lánin eilítið hærri en þau gömlu til þess að geta keypt sér 42ja tommu flatskjá í stofuna? Þau heimili sem enn eru að kaupa sér nýja bíla hjá bílaumboðunum með 100% lánsfjármögnun þrátt fyrir allt krepputalið? Þau heimili, sem ekki aðeins eiga allt í skuld heldur skulda líka hæstu yfirdráttarlán í sögunni og visaraðgreiðslulán í ofanálag? Þessi heimili hafa framfleytt sér árum saman á sparnaði annarra þjóða, sem þau hafa tekið að láni. Og þau virðast hafa hug á að halda því áfram.

### Hver er ábyrgur?

Hvernig gat þetta gerst? Hvernig var þetta hægt? Jú með því, að lánveitendurnir – bankarnir – tóku skefjalaust erlend skammtímalán á lágum vöxtum og framlánuðu þau til íslenskra íbúðakaupenda og heimila á miklu hærri vöxtum og yfirleitt til mun lengri tíma. Sú er hins vegar ekki ástæðan fyrir hrikalegri skuldsetningu íslenskra heimila. Enginn banki neyðir neinn til lántöku. Þá ákvörðun taka menn sjálfir. Bankarnir gerðu mönnum einfaldlega mögulegt að lifa langt um efni fram. Ákvörðunin um að það skuli gert er hins vegar auðvitað fólksins sjálfs. Þeirra, sem völdu sér þann kost að eignast allt í skuld.

### Lán til að lána eigendum.

En þessar lánveitingar til íslenskra íbúðakaupenda og neyslulán til íslenskra heimila eru samt aðeins lítill hluti af auknum umsvifum bankakerfisins. Meströll erlendu skammtímalánin, sem íslensku bankarnir tóku, voru nýtt til annarra þarfa. Annars vegar til þess að kosta áhættufjárfestingar og eignakaup bankanna sjálfra, einkum í útlöndum, og hins vegar til þess að lána íslenskum útrásarfyrirtækjum til áhættufjárfestinga erlendis. Og svo vill til, að mjög margir þessir áhættufjárfestar eru jafnframt eigendur bankanna. Bankarnir voru sem sé að taka lán til þess að framlána eigendum sínum. Og a.m.k. sumar þessar áhættufjárfestingar hafa því miður ekki reynst vera áhættunnar virði.

### Allri þjóðinni sökkt í fenið?

Hin alþjóðlega lánsfjárkreppa hefur stöðvað þennan hrunadans. Bankarnir fá ekki lengur lán í útlöndum til þess að geta haldið áfram að bjóða skuldsettum íslenskum heimilum að skuldbreyta neyslulánum sínum með nýjum og hærri lántökum. Nú er komið að því að skuldendurnir þurfa að fara að borga. Og bankarnir fá ekki heldur erlend lán til þess að geta sjálfir skuldbreytt erlendum skammtímalánum sínum með nýjum lántökum á meðan beðið er eftir því að lán bankanna til áhættufjárfestinga útrásarfyrirtækjanna fari að skila tilætluðum arði – ef það þá gerist. Og hvert á þá að vera svarið? Að Seðlabanki Íslands taki lán í erlendum gjaldeyri á ábyrgð þjóðarinnar að fjárhæð 500 milljarðar króna til þess að lána bönkunum svo þeir geti staðið í skilum og haldið áfram að lána skuldsettum íslenskum heimilum og útrásarfyrirtækjum, þ.á m. eigendum sínum!?! Þetta er sagt að sé krafa þjóðarinnar. M.ö.o. sú þjóð, sem fest hefur sig í forað skuldsetningar og erlendrar lántöku sjái enga aðra betri leið út en að taka nýtt risalán á ábyrgð sjálfrar sín til þess að fleyta sér áfram eftir sama farvegi?

### Ekki áhugasamur um uppáskrift

Má ég, sem verandi einn einstaklingur meðal þessarar þjóðar, frábiðja mér að verið sé að tala um slíkt úrræði sem „lausn á efnahagsvandanum“. Þetta er ekki lausn heldur algert neyðarúrræði reynist svo að hinir stóru íslensku bankar og hinir ríku eigendur þeirra, útrásaraðilarnir, ráði ekki við vanda, sem þeir hafa að verulegu leyti orsakað sjálfir. Ég vil fá að horfast í augu við að slíkt neyðarástand muni skapast áður en ég tek í mál að gerast meðábyrgur fyrir 500 milljarða króna lántöku þjóðarinnar til þess að „leysa“ vanda ofurskuldsettra heimila og bankanna. Stutt er síðan bankarnir voru einkavæddir og nýir eigendur hófu hraða sókn til aukinna umsvifa. Er það ekki nokkur áfellisdómur um þá einkavæðingu þegar svo er komið að opinber sjóður, Íbúðalánasjóður, þarf að taka lán á ábyrgð íslenska ríkisins til þess að lána bönkunum svo þeir geti veitt íslenskum íbúðakaupendum lánsfjárfyrirgreiðslu? Væri það ekki að bíta höfuðið af skömminni ef þjóðin þarf nú að bakábyrgjast 500 þúsund milljóna króna erlenda lántöku Seðlabanka Íslands til þess að þessir sömu bankar geti staðið skil á skuldbindingum sínum erlendis? A.m.k. vil ég fá að horfast í augu við hvaða úrræði bankarnir sjálfir og eigendur þeirra kunna að eiga í fórum sínum áður en ég fellst á að styðja slíkt neyðarúrræði.

Nei, þetta er ekki lausn á efnahagsvandanum. Kröfur eru gerðar á ríkisstjórnina. En hvað getur hún gert? Hennar úrræði við þessar aðstæður eru takmörkuð. Það verða menn að gera sér ljóst.

### Samtímaúrræði og framtíðarlausnir

Engin töfralausn er til á þeim vanda, sem nú steðjar að þjóðinni; að sumu leyti fyrir hennar eigin tilverknað en að öðru leyti vegna þess að hún getur ekki lengur kostað neyslu sína með sparnaði annarra þjóða. A.m.k. ekki í náinni framtíð. Hættan er hins vegar fyrst og fremst sú eins og nú standa sakir að ofan á erfiðleikana bætist atvinnuleysi. Skuldsettir landsmenn geta ekki tekið á vandamálum sínum ef við bætist missir atvinnutekna. Meginviðfangsefni og raunar eina samtímaúrræðið, sem ríkisvaldið getur beitt við þessar aðstæður, er að berjast með öllum ráðum gegn umtalsverðri aukningu atvinnuleysis. Þar verður að nýta öll tækifæri til atvinnusköpunar sem bjóðast. Enginn atvinnuleysingi lifir á loftinu – ekki heldur þó það sé bæði tært og ómengað. Og hver hefur kjark til þess að segja við þá, sem nú eru að missa atvinnuna í fjöldauppsögnum, að þeir eigi að lifa á hugvitinu? Ísland er ekki slíkt draumaland að þannig lausnir dugi.

Frambúðarlausn er svo vitaskuld fólgin í því að leita leiða til þess að búa íslenskum heimilum og atvinnulífi meira öryggi með traustari gjaldmiðli. Það er öllum í hag – en það er lausn sem tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma þannig að því fyrr sem lagt er af stað í þá vegferð þeim mun betra. Allra þýðingarmest er þó að segja á þjóðinni sannleikann svo hún geti horfst í augu við veruleikann eins og hann er en ekki eins og menn vilja að hann sé. Þar hafa margir fjölmiðlar ekki rækt sína skyldu heldur hlaupið krókaleiðir á krókaleiðir ofan eftir villuljósum, heimskulegum hugdettum og innistæðulausum upphrópunum.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður og ráðherra.*






# Hverjir eiga að „ráfa um“ á Laugavegi?

**UMRÆÐAN**
Fanný Gunnarsdóttir skrifar um Listaháskóla.


FANNÝ GUNNARSDÓTTIR

Í hádegisfréttum RÚV 30. júlí sl. tjáði Magnús Skúlason, væntanlegur varaformaður og fulltrúi borgarstjóra í skipulagsráði, sig um fyrirhugaða byggingu Listaháskóla Íslands. Fram kom að Magnús áttar sig ekki alveg á því hvað nemendur Listaháskólans hafa að gera við að „ráfa um“ á Laugaveginum. Þetta eru óvarleg ummæli sem segja meira en mörg orð um hugmyndir og skoðanir þess manns sem á komandi misserum gegnir mikilvægu hlutverki við meðferð málsins. Reyndar sendi Magnús inn athugasemd síðar í fréttatímanum og reyndi með því að draga í land. En hugsunin var mótuð og orðin komin í loftið. Sú sýn sem fyrrgreind orð fela í sér vekja ugg um að ekki verði hægt að vinna áfram á faglegan og hlutlausan hátt að endanlegri staðsetningu og skipulagi Listaháskólans.

Ég hef áður heyrt og lesið að Magnúsi finnst reyndar jafnvel koma til greina að horfa til nýrrar staðsetningar fyrir skólann nema að til komi verulegar breytingar á verðlaunahugmyndinni. Sú spurning vaknar hvort hugmyndir og fyrrgreind orð endurspegli skoðanir borgarstjóra. Mér hugnast mun betur vinnubrögð Ólafar G. Valdimarsdóttur fv. varaformanns í skipulagsráði. Eins og alþjóð veit neitaði hún að tjá sig opinberlega um málið fyrr en eftir fund skipulagsráðs en í kjölfarið vék borgarstjóri henni úr ráðinu. Nú liggur fyrir að borgaryfirvöld og skipulagsráð verða í fullum trúnaði og af heilindum að leggjast yfir vinningstillöguna í samstarfi við stjórnendur skólans og með öðrum þeim er málið varðar. Veikja ekki orð væntanlegs varaformanns þá trú að hægt verði að vinna áfram á faglegan og hlutlausan hátt?

Ég sé að Hanna Birna, formaður skipulagsráðs, er að reyna að lenda málinu í sátt, en tekst henni að sætta ólík sjónarmið? Verða sjálfstæðismenn að samþykkja gagnrýnislaust sjónarmið borgarstjóra? Björn Bjarnason, ráðherra og þingmaður Reykjavíkur, hefur opinberlega lýst yfir ánægju sinni með tillöguna en hver er skoðun borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins? Ég geri ráð fyrir að menntamálaráðherra sé samþykk tillögunni þar sem ráðuneytið átti fulltrúa í valnefndinni. Ef af byggingunni verður þarf að passa að hún taki mið af nærliggjandi húsum og falli eins vel að heildarmynd götunnar og unnt er. Mér skilst að hugmyndin sé sú að nærvera skólans gefi vegfarendum möguleika á að fylgjast með nemendum að störfum, ganga á út frá samvinnu nemenda og þeirra sem leið eiga um bæinn og nýir sýningarsalir og torg fylgja tillögunni. Að lokum hvet ég lesendur til að kynna sér allar tillögurnar sem bárust, kosti þeirra og galla, og horfa til ábendinga sérfræðinga eins og Sigmundar Gunnlaugssonar. Aðeins eftir hlutlausa kynningu er hægt að taka upplýsta afstöðu.

*Höfundur er varaformaður Kjördæmasambands framsóknarfélaganna í Reykjavík.*

















Stefán keypti þennan óvenjulega Adidas jakka í New York fyrir nokkrum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leitar uppi sérstök föt

***Stefán Pálsson hefur lengi haft mikinn tískuáhuga og honum finnst gaman að klæðast fötum sem ekki sjást á hverju götuhorni.***

„Ég ferðast mikið og reyni yfirleitt að koma við í fatabúðum og versla í leiðinni,“ segir fimleikamaðurinn Stefán Pálsson.

Hann æfir með Ármanni og var til dæmis að koma heim úr æfingabúðum frá Danmörku á sunnudag. „Síðan er ég mikill skíðamaður og fer gjarnan í skíðaferðir. Þá reyni ég að hafa uppi á flíkum og skóm sem ég veit að fáir eiga heima.“

Stefán heldur til dæmis mikið upp á „old school“ Adidas jakka sem hann keypti í New York fyrir nokkrum árum. „Hann minnir mig helst á amerískan lúðrasveitarjakka,“ segir Stefán enda blár með gulum röndum.

Hann segist klæðast frekar þægilegum fötum frá degi til dags og gengur gjarnan í merkjum á borð við Quicksilver og Billabong. „Um helgar skelli ég mér þó í aðeins herralegri föt og þá gjarnan V-hálsmálsboli, jakka og leðurskó.“

Stefán segist fremur vandlátur á föt og hafa nokkuð dýran smekk. Hann lætur því líða svolítið á milli fatakaupa. Hann æfir nú fyrir Evrópumeistaramótið í fimleikum sem haldið verður í Belgíu í október og á von á því að nota lausan tíma til að kíkja í búðir.

*vera@frettabladid.is*



**Hárskraut** má nota til að lífga upp á útlitið. Fallegar klemmur, litríkar hárspangir eða flottar teygjur gera mikið fyrir heildarútlitið.





Útsölulok í Hólagarði
Tökum upp nýjar vörur í hverri viku.
Vefta
Tískuföt
Hólagarði & Mjódd
www.vefta.is
Sími. 5572010; 5782051



Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi


SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR





NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Flexitol
Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.






fataefni

Hannaðu
þín eigin föt


Dalvegi 18, Kóp. Sími 568-6500 www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, lokað laugardaga í sumar.

Onion snið





# Hálsmen úr sokkabuxum

***Norski skartgripahönnuðurinn Ingema Andersen sýnir litrík hálsmen úr sérstökum efnivið á skörinni hjá Handverki og hönnun.***

„Ég nota iðulega litrík og óhefðbundin efni í hönnun mína og má nefna pappír, plastmöppur, skopparabolta, plexígler og fleira. Undanfarið hef ég svo unnið með sokka og sokkabuxur sem ég átti í fórum mínum,“ segir Ingema sem heldur sýningu á skörinni til 26. ágúst.

Hún segir slíkan efnivið gefa nánast ótakmarkaða möguleika varðandi munstur, liti og áferð. „Sokkarnir kalla líka fram minningar um liðna atburði tengda þeim og minna rauðir sokkar mig til dæmis á veisluhöld og aðrir sokkar á ferðalög svo eitthvað sé nefnt. Þegar ég geri hálsmenin leitast ég við að fanga slíkar minningar og búa til stemningu.“

En hvernig datt Ingemu í hug að nota sokka sem efnivið? „Umhverfisvernd hefur verið mér hugleikin eins og öðrum en fyrst og fremst leita ég að hlutum sem hafa mismunandi liti og áferð og hleypa sokkabuxurnar í gegnum sig ljósi á skemmtilegan hátt. Ég ber þó enga sérstaka virðingu fyrir ákveðnum efnivið og blanda hinum ýmsu hlutum saman.“

Ingema á von á því að hún muni halda eitthvað áfram með þessa línu en áður hefur hún gert minna og hefðbundnara skart.

Ingema hefur sterkar taugar til Íslands en hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1964 til 1966. „Ég á því marga góða vini hér frá fornu fari.“

Hún hefur verið með vinnustofu ásamt öðrum listamönnum í Drammen í 20 ár en er auk þess í 25 manna félagsskap listamanna sem reka Kunsthandverkerne í Kongens gate í Osló.

*vera@frettabladid.is*



Ingegma Andersen hefur sterkar taugar til Íslands en hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á sjöunda áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Hverjum hefði dottið í hug að hægt væri að gera jafn glæsilegt hálsmen úr svörtum sokkabuxum.

Hálsmen sem minnir helst á páfugl.

Sumarlegt men úr munstruðum sokkabuxum.

# Vill helst franska fatahönnuði

***Givenchy-tískuhúsið mun hanna búninga fyrir nýjustu tónleikaferð Madonnu.***

Madonna hefur fengið franska tískuhúsið Givenchy til að hanna föt á sig fyrir komandi tónleikaferð sína, „Sticky and Sweet“.

Hönnuðurinn Riccardo Tisci, sem starfað hefur fyrir Givenchy síðastliðin tvö ár, hannaði tvo búninga á Madonnu. Annar þeirra er síðfrakki úr satínefni sem hún mun klæðast í opnunaratriðinu en hinn er langur keipur sem Madonna vefur um sig í þriðja atriðinu á tónleikunum.

Talsmaður Givenchy hefur viðurkennt að fleiri hönnuðir muni hanna á söngkonuna en neitaði að gefa upp hverjir það væru.

Madonna hefur lengi unnið með frönskum fatahönnuðum. Frakkinn Jean-Paul Gaultier klæddi hana til að mynda í oddhvössu brjósthaldarana sem voru aðalsmerki tónleikaferðar Madonnu, „Blond ambition“, árið 1990. *- mþþ*



Frakkinn Jean-Paul Gaultier hannaði oddhvössu brjóstahaldarana á Madonnu fyrir tónleikaferðina „Blond Ambition“ árið 1990. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Madonna er að hefja tónleikaferð til að kynna nýju plötu sína, „Hard candy“. Hér syngur hún af plötunni á einkasamkomu í París. NODICPHOTOS/GETTYIMAGES



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Svartar blæjur og tískuslæður

Ágúst er mánuður svartklæddu blæjukvennanna í tískuhúsunum og stóru verslunarhúsunum svo sem Galerie Lafayette í París. Ramadan-mánuðurinn nálgast hjá múslimum en þá leggjast ferðalög af og nú er því síðasta tækifæri til að fá sér eitthvað af nýju vetrartískunni. Að vísu færist hann fram á hverju ári og því munu blæjukonurnar á endanum koma þegar honum lýkur.

Blæjurnar eru mismunandi eftir því frá hvaða arabalandi konurnar koma en sýna einnig trúar- og þjóðfélagsstöðu. Sumar konurnar eru klæddar í þröng föt og eru með tískuslæður frá Dior, Chanel eða Vuitton vafðar um höfuðið. Aðrar eru algjörlega huldar frá toppi til táar svo aðeins sést í augun, oftast í svörtum kuflum sem kallast abaya. Fylgihluti nota konurnar til þess að sýna þjóðfélagsstöðu sína og ríkidæmi. Heima fyrir klæðast þær hins vegar eins og þær vilja og þá er nánast allt leyfilegt, jafnvel sexý undirföt. Hins vegar er það skýrt í hugum flestra að blæjurnar eru merki um undirgefni við guð, trúnað við eiginmann og skýr skilaboð um að frjálsar ástir séu ekki í boði. Hér í landi er þessi klæðnaður þó ekki talinn í anda grundvallarhugmynda lýðveldisins um jafnrétti og á dögunum var konu neitað um franskan ríkisborgarétt vegna þess að hún gengur eingöngu í búrku. Á þeim klæðum sést aðeins í augun í gegnum net og konan sagðist lifa undir valdi eiginmanns síns.

Í ríkjum eins og Sádi-Arabíu þar sem konur fara ekki út án þess að vera klæddar í abaya eru kuflarnir oft með útsaumi eða steinum og í tískumusterinu Villa Moda í Kúveit-borg er hægt að kaupa þessa flík hannaða af bæði Tom Ford og Jil Sander. Með hækkun olíuverðs eru þeir ríku við Persaflóa enn ríkari og í fyrsta skipti í mars var haldin tískuvika í Abu Dhabi, höfuðborg Sameinuðu arabísku furstadæmanna en í Dúbaí er ár síðan sú fyrsta var haldin. Hönnuðir eru því uppteknari af klæðahefð í þessum löndum en áður. Konurnar ganga sumar í vestrænum klæðum þegar þær ferðast og eru vanar að skipta um föt á salernum flugvélanna.

En slæður hafa lengi verið notaðar í tískuheiminum þó meira beri á trúarlegum blæjum síðustu áratugi. Slæður komust í tísku á millistríðsárunum þegar hjól urðu almenningseign og konum þótti þægilegt að setja klút yfir hárið og í seinni heimsstyrjöldinni var gott að geta hulið hárið sem ekki var hægt að eyða peningum í að greiða. Fram yfir 1960 þótti slæðan ómissandi utandyra og hver man ekki eftir Grace Kelly í Hollywood-myndum keyrandi opinn sportbíl. Kringum ´68 árin varð krafan um frelsi til þess að ýta slæðunni út því hún varð tákn um þvingun. Frá þeim tíma hafa slæðurnar verið um háls kvenna á Vesturlöndum en ekki um höfuð.

*bergb75@free.fr*

# Ilmur í vasa

***Lítill og léttur dömu- og herrailmur sem hæglega kemst í vasann eða veskið er nýjasta uppfinning Calvin Klein.***

Ilmurinn, sem heitir ck IN2U 2 GO, er í 20 ml flösku, og því fyrirferðarlítill. Glasið er hannað með þeim hætti að snúa þarf botninum á flöskunni til að pumpan komi í ljós og því er lítil hætta á því að leki úr henni.

Dömuilmurinn inniheldur bleikt greip og sykur-orkídeur og einnig vott af neon amer. Hann mætti flokka sem ferskan blómailm.

Herrailmurinn inniheldur hins vegar lime ásamt blöndu af musk. Hann mætti flokka sem framandi og ferskan viðarilm.

*- ve*




Ferskur blómailmur er af dömuilmvatninu.

Af herrailminum er fersk og framandi viðarlykt.
















**Kaffiblettir** koma oft í kaffibollana. Sniðug lausn til að ná þeim úr er að þrífa bollana upp úr saltvatni.



White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Barnaskrifborð með myndum af Mikka mús á. Fæst í Tekk Company, skrifborðið á 51.800 og skúffur á hjólum 38.800 krónur.



Fallegt skrifborð með hillu sem kemur að góðum notum undir skólabækurnar. Hægt er að kaupa skrifborðið með eða án hillu. Fæst í Húsgagnaheimilinu, skrifborðið á 45.000 krónur og hillan er á 39.000 krónur.



Rúmgott pláss fyrir lærdóminn. Skrifborðið fæst í Hirzlunni á tilboðsverði 14.900 krónur.



Sniðug lausn fyrir börn með lítið pláss. Skrifborðið fæst í Húsgagnahöllinni á 19.980 krónur.

# Þægindi við lærdóminn

***Mikilvægt er að aðstaðan sé sem best þegar tekist er á við heimanámið.***

Við lærdóm er þarft að hafa gott skrifborð, því umhverfið skiptir miklu máli þegar heimanámið er unnið. Á mörgum stöðum fást góð og rúmgóð skrifborð fyrir börnin sem góð eru til notkunar við lærdóminn.

*sigridurp@frettabladid.is*



Einfalt og stílhreint skrifborð frá Tekk Company á 42.200 krónur.



Flott borð með töflu og geisladiskahirslu. Fæst í Hirzlunni, skrifborðið á 12.700 krónur, skúffueiningin á 13.900 krónur og hillan á 8.900 krónur.

20%
Afsláttur af málningarvörum
Allar Teknos vörur eru framleiddar skv. ISO 9001 gæðastaðli.
TILBOÐ
Pallolía 3l.
Kr. 1290,-
✓ Útimálning
✓ Viðarvörn
✓ Lakkmálning
✓ Þakmálning
✓ Gólfmálning
✓ Gluggamálning
TEKNOS
Skútuvogi 13 S. 517 1500 www.teknos.com

ETANÓL ELDSTÆÐI
safretti
NÝ SENDING KOMIN Í HÚS
Eingöngu fáanleg í
YLUR fyrir heimilið
Bæjarlind 2 - 201 Kópavogur - S: 564 5700 - YLUR.IS

Býrðu í eitruðu umhverfi?
Íshúsið býður lofthreinsitæki og þurrktæki til að verjast
myglusvepp
ís-húsið
Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogi
Loftkæling - Loftbæting - Viftur

allt matur
Alla föstudaga

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

**Endurskinsmerki** þurfa að vera á fatnaði skólabarna.
Gott er að hafa merkin bæði á klæðnaði og á skólatöskunni.



Hanna Guðbjörg Birgisdóttir, aðstoðarskólastjóri Vesturbæjarskóla, segir fyrirkomulagið þar á bæ draga úr samanburði og kenna börnum samábyrgð en þau samnýta til dæmis penna og strokleður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dregið úr samanburði

***Námsgagnakaup fylgja gjarnan skólabyrjun barna á yngstu skólastigum en í sumum skólum er þeim þó séð fyrir öllum helstu nauðsynjum.***

Börn sem eru að hefja skólagöngu sína leggja ásamt foreldrum sínum gjarnan leið sína í bókabúð til að festa kaup á skólatösku, pennaveski og hinum ýmsu námsgögnum.

Þeirri búðarferð fylgir oft mikil spenna og er ekki óalgengt að afraksturinn sé Spiderman eða Barbie-taska og jafnvel þriggja hæða pennaveski í stíl með öllum mögulegum pennum, litum og fylgihlutum. Í sumum skólum er þó sérstakur bekkjarsjóður sem foreldrar greiða í og sjá þá kennarar um að kaupa allt sem börnin þurfa fyrir utan töskuna. Það hefur tíðkast í Vesturbæjarskóla um áratugaskeið og gefið góða raun.

„Foreldrar greiða fjögur þúsund krónur fyrir árið og inni í því eru öll námsgögn sem skólinn útvegar ekki eins og stílabækur, möppur, blýantar, strokleður, yddarar og fleira,“ segir Hanna Guðbjörg Birgisdóttir, aðstoðarskólastjóri Vesturbæjarskóla. „Þetta hefur gefist mjög vel og er ávinningurinn margþættur. Fyrirkomulagið dregur meðal annars úr samanburði, kennir börnunum samábyrgð og er að öllum líkindum mun ódýrara fyrir foreldra.“

Hanna segir eins konar pennabar vera í kennslustofum sem börnin samnýta. Þar er öllum gögnunum raðað og sækja börnin sér þau eftir þörfum. „Þannig læra þau að hugsa vel um eigur sínar og annarra. Þau sem sitja saman á borði eru svo gjarnan með skál á borðinu með yddara og öðru sem gott er að hafa við höndina,“ segir Hanna.

Hún segir upphæðina sem foreldrarnir greiða óverulega samanborið við þau fjárútlát sem gjarnan fylgja skólabyrjun. „Við kaupum eingöngu það sem þarf og aldrei neitt aukalega, en foreldrum hættir held ég til að kaupa ýmislegt fleira sem yngstu börnin hafa lítil not fyrir. Við bönnum þó engum að koma með pennaveski og eins getur verið gaman að eiga slíkt heimavið.“

Fleiri skólar hafa komið sér upp sams konar bekkjarsjóðskerfi þó blæbrigðamunur sé á einstaka útfærslum. Í Austurbæjarskóla þurfa börnin sem dæmi hvorki að koma með pennaveski né stílabækur. *vera@frettabladid.is*



Einn helsti úrslitadagurinn er á sunnudaginn en þá fara fram öll úrslit í hringvallagreinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslandsmót barna í hestaíþróttum

***Næstu daga fer fram Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna í hestaíþróttum.***

Það eru hestamannafélögin Fákur og Sóti sem halda mótið á Víðivöllum í Víðidal í Reykjavík.

Fyrstu Íslandsmeistararnir verða krýndir í kvöld en þá fer fram gæðingaskeið. Einn helsti úrslitadagurinn er á sunnudaginn en þá fara fram öll úrslit í hringvallagreinum.

Á föstudags- og laugardagskvöldið verður diskótek. Leiktæki verða fyrir börnin, hoppukastali og fleira í Reiðhöllinni. Einnig verður teymt undir yngstu kynslóðinni á laugardeginum og sunnudeginum á milli 14 og 15. *- stp*

# Hugmyndir barnanna

***Í Myndlistaskólanum í Reykjavík er boðið upp á ýmis námskeið fyrir börn á öllum aldri.***

Meðal þess sem er á boðstólnum er námskeið fyrir börn á aldrinum þriggja til fimm ára.

Á námskeiðinu verður lögð áhersla á hugmyndaauðgi barnanna og að þau fái sjálf að prófa og fikta svolítið.

Markmið kennslunnar er að ýta undir áhuga barnanna á eigin umhverfi um leið og þau eru leidd inn í heim listanna.

Skráning í námskeið Myndlistaskólans í Reykjavík stendur yfir en verðið á barna- og unglinganámskeiðunum er á bilinu 36.600 til 54.500.

Nánari upplýsingar má finna á www.myndlistaskolinn.is. *-mmf*



Í Myndlistaskólanum í Reykjavík geta börn nýtt hugmyndaauðgi sína. Mynd úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL














# LÁTTU DRAUMINN RÆTAST

20-30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG RAFTÆKJUM TIL 23. ÁGÚST.

TILBOÐ SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF !

20-30%

nettoline.dk

Friform

20-30%

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500





# heilsa og lífsstíll

FIMMTUDAGUR 14. ÁGÚST 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR





## Lífsnauðsynlegar fitusýrur á hverjum degi!

*Í fitusýrum er að finna undirstöðefni sem eru okkur lífsnauðsynleg á sama hátt og prótín, vítamín, steinefni o.fl. bætiefni.*

*Udo's choice 3•6•9 olíublandan er blanda af lífsnauðsynlegum fitusýrum sem geta byggt upp ónæmiskerfið og haft áhrif á margþætta starfsemi líkamans.*
*Udo's choice 3•6•9 inniheldur m.a. hörfræolíu og kókosolíu.*

*Udo's Choice olíublandan er nú á sérstöku 2 fyrir 1 tilboði út ágúst!*

heilsa
–hafðu það gott

*Udo's Choice fæst í apótekum og heilsubúðum*

# Þinn líkami – þitt líf



Ný sex og átta vikna námskeið eru að hefjast í Rope jógasetrinu í Listhúsinu í Laugardal. Þau nefnast Þinn líkami - þitt líf og markmið þeirra er að nemendur njóti betri tengsla við eigin líkama og huga. Lögð er áhersla á andlegt og líkamlegt atgervi og að nemandinn öðlist aukinn styrk, samhæfingu og liðleika.

Farið er í gegnum heilsuræktarkerfi Rope Yoga í bekkjunum og kenndir grunnþættir öndunar og slökunar, ásamt teygju- og flæðiæfingum. Sjö þrepa hugræktarkenningar eru eitt af verkfærunum sem notuð eru til að efla jákvæða sjálfsmynd. *- gun*

**Grunnþættir öndunar og slökunar eru kenndir á námskeiðunum.** MYND/GETTY IMAGES

# Námskeið fyrir konur



Heilsuakademían mun halda lífsstílsnámskeið fyrir konur frá 8. september til 15. október. Boðið er upp á námskeið á morgnana klukkan 6:00 eða klukkan 18:00.

Lífsstílsnámskeið Heilsuakademíunnar henta öllum konum, byrjendum sem og lengra komnum. Mikið er lagt upp úr fjölbreyttri og persónulegri þjálfun á námskeiðunum. Þátttakendur fá að kynnast ýmiss konar þjálfunaraðferðum þar sem reynt er á þol, þrek og styrk. Góð fræðsla og aðhald er í boði fyrir þá sem vilja lifa heilbrigðara lífi og bæta andlega og líkamlega líðan.

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.ha.is.

















**Tai chi er stundað utanhúss og þá tengist iðkandinn náttúrunni beint.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sameinar kynslóðirnar

**Tai chi er gömul kínversk bardagaíþrótt sem einkennist af afslöppuðum mjúkum hreyfingum en hægt er að æfa hana í Heilsudrekanum.**

„Tai chi er ekki erfitt. Þetta er ofboðslega falleg leikfimi og þægileg,“ segir Guan Dong Qing, eigandi Heilsudrekans í Skeifunni. Boðið sé upp á þessar æfingar því Heilsudrekinn er kínversk heilsulind sem sérhæfir sig í hefðbundnum kínverskum lækningum, leikfimi og íþróttum.

Qing segir að Tai chi sé partur af bardagaíþróttinni Kung fu. „Kung fu getur bæði haft kraft eða verið með mjúkum hreyfingum. Tai chi er mjúkt,“ útskýrir Qing en Tai chi snýst mikið um vinalegt hugarfar en ekki bara líkamlega hreyfingu.

„Æfingarnar eru góðar bæði fyrir líkama og sál. Þetta eru líka miklar lækningaæfingar,“ segir Qing. „Tai chi eru bestu æfingarnar fyrir lækningar vegna þess að í hreyfingunni er unnið með ákveðið orkuflæði en þetta hefur verið rannsakað í mörg ár. Æfingarnar eru líka rólegar þannig að þær taka ekki allt of mikið á.“

Qing segir að æfingarnar séu bæði stundaðar innandyra og utan. En hvernig gengur það í íslensku veðurfari? „Í sól og lygnu veðri eins og er í dag æfa allir úti en annars þegar íslenska veðrið er ekki eins gott er æft inni með speglum og tónlist.“ En er þægilegt að stunda svona rólega bardagaíþrótt í erlinum utanhúss á Íslandi? „Já, það er ekki spurning. Það er svo gott að æfa úti í náttúrunni. Það er svolítið öðruvísi að vera úti en inni. Þegar æft er utanhúss tengist iðkandinn náttúrunni beint en inni er einbeitingin í því að æfa ákveðnar hreyfingar. Báðir staðirnir hafa því ákveðna kosti.“

Qing segir marga Íslendinga stunda íþróttina.



**Guan Dong Qing segir Tai chi bæði fallega og þægilega leikfimi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þar sem æfingarnar eru rólegar eru þær fyrir alla. Við erum með börn frá fjögurra ára aldri upp í fullorðið fólk. Sá elsti sem stundar Tai chi hjá okkur er níræður,“ upplýsir Qing brosandi. *- mmf*

# Hollráð um vítamín og steinefni

Á vef Lýðheilsustöðvar má finna fræðslubanka um vítamín og steinefni. Þar er farið yfir helstu flokka vítamína og steinefna, úr hvaða náttúrulegu fæðu þau fást og af hverju líkaminn þarf á þeim að halda. „Það er best að fá vítamín úr venjulegri hollri fæðu,“ segir Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri næringar hjá Lýðheilsustöð, og bendir á vítamín- og steinefnabankann ef fólk er að velta fyrir sér úr hvaða fæðu það geti fengið vítamín.

Íslendingar standa nokkuð vel er kemur að því að innbyrða ráðlagðan dagskammt af vítamínum að D-vítamíni og fólati undanskyldu. D-vítamín er einfaldlega í fáum fæðutegundum en líkaminn framleiðir það sjálfur í sólarljósi. Eðli málsins samkvæmt eru tækifæri líkamans til framleiðslu þess fá yfir vetrarmánuðina og sé ljósið ekki til staðar þarf vítamínið að fást úr fæðunni. Besta ráðið gegn D-vítamínskorti er einfaldlega ein skeið af lýsi á dag.



**Vítamín- og steinefnabankinn er samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og Matvælastofnunar.** FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Vítamínið fólat er annað efni sem Íslendingar fá ekki nóg af, sérstaklega konur á barneignaraldri. Fólat finnst í mörgum matvælum en yfirleitt í litlu magni. Þar ber helst að nefna ávexti, grænmeti og baunir en ungum konum á barneignaaldri er ráðlagt að taka 400 míkrógramma fólattöflu.

Fyrir þá hópa sem eiga í erfiðleikum með að fá nægilegt magn bætiefna úr fæðu er hægt að taka inn vítamín og fæðubótarefni. Þá er ýmislegt sem hafa ber í huga. Til dæmis er gott að taka C-vítamín ef tekið er inn járn því það eykur upptöku járnsins. Þetta á sérstaklega við um grænmetisætur. Annað dæmi er mikilvægi D-vítamíns er kemur að kalkupptöku. Fleiri hollráð er að finna á www.lydheilsustod.is/vitamin. *- tg*

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

# *Flott í sumar...*

## *stinnari líkami á aðeins 4 vikum*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...




***pakki 1***

Slendertone belti
+ buxur eða pils
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 34.950.-

***pakki 2***

Slendertone belti
+ armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 30.900.-

***pakki 3***

Slendertone buxur
eða pils + armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 34.950 .-

***pakki 4***

Tilboðsverð fyrir dömur
- alhliða pakki
Slendertone belti
+ buxur eða pils + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 42.900.-

***nuddtæki***

6 nuddkerfi
- Kneading Massage
- Swedish Massage
- Shiatsu Massage
- Deep Tissue Massage
- Athletes Massage
- Power Massage

Slökun - vellíðan - innri ró

verð kr. 18.900



SLENDERTONE™
System belti
fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 24.900,-




**Eitt stjórntæki** með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

KORTER.IS

SLENDERTONE System

*Tími til að líta vel út ...!*

Sendum í póstkröfu

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Opið virka daga 10-18 - Lokað á laugardögum í sumar



Hér leikur Halldór Óli sér að því að fella andstæðing. Myndin er tekin á heimsmeistaramótinu í Hróarskeldu um síðustu helgi. MYND/LÁRUS KJARTANSSON

# Íslenska glíman er ei

**Halldór Óli Kjartansson, sem hlaut gullverðlaun í glímu og hryggspennu á heimsmeistaramóti í Hróarskeldu um síðustu helgi, vinnur ötullega að útbreiðslu íslensku glímunnar á Norðurlandi.**

Klofbragð, hælkrókur, mjaðmahnykkur og krækja eru meðal íslenskra glímubragða sem Halldór Óli er slyngur í og áhugi hans er smitandi. „Ég kenni íslenska glímu hér fyrir norðan en líka fleiri fangbrögð,“ segir Halldór sem fyrir einu og hálfu ári stóð að stofnun glímudeildar innan Ungmennafélags Akureyrar.

„Við vorum aðallega tveir í að koma upp deildinni, ég og Jón Einar Haraldsson, oft kallaður Lambi, gamall skólastjóri og íþróttakennari. Við höfum haldið úti glímuæfingum tvisvar í viku og fyrir okkar atbeina kom maður frá Glímusambandinu tvívegis að kynna glímuna í skólunum. Svo eru Júdódeild og Taekwondo-deild hér fyrir norðan líka og áhugi er á að endurvekja Glímufélagið Gretti og sameina þar þessar þrjár deildir í bardagaíþróttum. Þá fengjum við enn meiri vigt og hefðum söguna á bak við okkur því Grettir var eitt af fyrstu glímufélögum á Íslandi og Grettisbeltið, sem er elsti verðlaunagripur í glímu á Norðurlöndum, er við það kennt.“



Glímukappinn Halldór Óli vill sameina bardagadeildirnar fyrir norðan undir merki Grettis.

Halldór segir glímunni vel tekið fyrir norðan. „Fólk er áhugasamt og við eigum von á fjölgun í deildinni. Við getum samt enn bætt við fólki í æfingarnar þótt við önnum ekki mjög mörgum. Glíman getur verið varasöm og því er áríðandi að rétt sé að æfingunum staðið.“

Halldór Óli er nemandi í viðskiptadeild Verkmenntaskólans á Akureyri og var þar líka með fangbragðaklúbb auk þess að vera formaður nemendaráðs. Hann ólst þó upp í Reykjavík og æfði glímu undir merkjum KR eins og fleiri keppendur sem hrepptu gull á heimsmeistaramótinu í Hróarskeldu. Halldór Óli segir íslensku




Að stjórna fólki

70 klst. stjórnendaþjálfun

Þátttakendur munu á námskeiðinu:

- fá ítarlegt mat á núverandi stjórnunarárangri.
- læra skilvirkar aðferðir til að ráða inn gott fólk og þjálfa það upp.
- læra að halda í efnilega starfsmenn og þróa hæfileika þeirra áfram.
- læra að taka starfsmannasamtöl og ræða frammistöðu á árangursríkan hátt.
- tileinka sér skilvirkar aðferðir í tíma og fundarstjórnun.
- læra um leiðtogafræðin og mismunandi hlutverk leiðtoga.
- læra hvernig eigi að efla sjálfstraust og sjálfsmynd starfsmanna.
- læra hvernig eigi að hvetja og efla starfsánægju.
- læra að stjórna hinum mannlega þætti breytinga.
- læra að taka á erfiðum starfsmannamálum.
- læra að laða fram það besta hjá sjálfum sér og öðrum.
- fá fræðslu og umræður um 20 góðar stjórnendabækur.
- eiga saman góða stund með stjórnendum sem eiga það sameiginlegt að vilja verða betri.

Til að tryggja hámarksárangur er fjöldi þátttakenda takmarkaður við 18.

Leiðbeinendur:

- Eyþór Eðvarðsson, M.A. vinnusálfræði,
- Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar
- Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur
- Þórhildur Þórhallsdóttir, B.A. félagsfræði
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, lektor mannauðsstjórnun HÍ

*Nánari upplýsingar í netfangi ingrid@thekkingarmidlun.is eða síma 892 2987.*
*Ítarlega lýsingu er að finna á www.thekkingarmidlun.is*

ÞEKKINGARMIÐLUN


# Ræsi vonandi á rét

**Skráning er hafin í Reykjavíkurmaraþonið sem fer fram laugardaginn 23. ágúst. Árni Helgason, framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðismanna, ætlar að hlaupa hálft maraþon.**

„Ég hef hlaupið frá áramótum, fyrst í World Class og svo úti í góða veðrinu í sumar. Ég bý í vesturbænum og hleyp mikið út á Nesið og Skerjafjörðinn.“ Spurður um ástæðuna fyrir því að hann tekur þátt í maraþoni segist hann engar skýringar hafa á því af hverju fólk leggi út í þetta. „Það er í sjálfu sér skrítið þegar maður spáir í það. En það er gaman að hlaupa og ákveðinn sigur að ná þessu markmiði því það er mikil þrekraun að klára. Ég ætla að hlaupa hálft maraþon núna en einhvern tímann ætla ég að hlaupa heilt.“

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal 15. og 22. ágúst. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg sem er önnur stærsta borg Kanada. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

***Mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar í boði á þessu verði.***

**Verð kr. 29.990**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

**Verð kr. 49.990**
flug og gisting í viku.
Netverð á mann, m.v. 2 saman í tvíbýli á Travelodge með morgunverði í viku. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

**Verð kr. 54.200**
flug og gisting í viku.
Netverð á mann, m.v. 2 saman í tbíbýli á Les Suites Labelle *** með morgunverði í viku. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

**Verð kr. 76.600**
glæsileg gisting ****
Netverð á mann, m.v. 2 saman í tvíbýli á Hyatt Hotel **** með morgunverði í viku. Sértilboð 15. og 22. ágúst.

**Heimsferðir**
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Auglýsingasími 512 50 50 Mest lesið



NOKKUR ORÐ
Mikael Marinó Rivera

# *Afsökunarbréf valdamanna*

Flestir stjórnmálamenn, bæði hér á landi sem og erlendis, vilja aldrei viðurkenna það sem þeir hafa gert af sér. Þeir reyna eftir fremsta megni að komast hjá því að viðurkenna hluti og bregða oftar en ekki á það ráð að tala í kringum hlutina eða kenna öðrum um þá. Svo heldur þetta fólk auðvitað að við, sótsvartur almúginn, séum svo vitlaus að við trúum öllu sem stjórnmálamennirnir hafa við okkur að segja.

En við erum ekki eins heimsk og við lítum út fyrir að vera, það er nokkuð ljóst. Ég er alveg viss um að þessir einstaklingar munu aldrei stíga beint fram og segja rétt frá ef þeir hafa gert eitthvað af sér. Þeir munu alltaf fara lengri leiðina, alltaf og alls staðar. Kannski er það eina ráðið fyrir þetta lið - að fela sannleikann ofan í holu og moka vel yfir hana.



Íslenskir stjórnmálamenn eru sérstaklega lélegir að taka ábyrgð á mistökum sínum og fara nánast undantekningarlaust í fýlu ef sótt er að þeim. Þeir geta alveg eins sent þjóðinni upprétta löngutöng í stað þess að bulla út í loftið þegar reiður almúginn sakar þá um mistök. En þeir gefast ekki svo auðveldlega upp.

Varðandi afsakanir valdamanna hef ég beðið eftir því að afsökunarbréf Hitlers til heimsins finnist. En, eins og sönnum stjórnmálamanni sæmir myndu eftirfarandi orð líklega standa í bréfinu: „Hvað get ég sagt? Shit happens! Kveðja, Dolli."

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Blásarar í Salnum


SALURINN Í KÓPAVOGI Hýsir tónleika ungra blásara í kvöld.

Tónlistarhátíð unga fólksins heldur áfram í Salnum í Kópavogi með spennandi tónleikum í kvöld kl. 20. Þá kemur fram blásarakvintett skipaður meðlimum úr kammersveitinni Ísafold og leika tónlist eftir tónskáldin Wolfgang Amadeus Mozart, Carl Nielsen, Jacques Ibert og Györgi Ligeti. Tónlistarmennirnir eru þau Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari, Grímur Helgason klarinettuleikari, Matthías Birgir Nardeau óbóleikari, Ella Vala Ármannsdóttir hornleikari og Snorri Heimisson sem leikur á fagott. Miðasalan verður opnuð klukkustund fyrir tónleika og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

- vþ

# Telemann í kirkjum landsins


ELFA RÚN OG MELKORKA Ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur heldur takast á við fantasíur Telemanns fyrir fiðlu og flautu.

Þær Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari og Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari leggja land undir fót nú um helgina og halda af stað í tónleikaferð til heiðurs því mikilvæga hlutverki sem hérlendar kirkjur hafa þjónað í tónlistarlífi landsmanna í gegnum aldirnar. Að auki fagna þær þeim tímamótum sem tónlistarhúsið, sem nú er í byggingu við Reykjavíkurhöfn, kemur til með að marka fyrir íslenskt tónlistaráhugafólk.

Melkorka og Elfa koma til með að halda tónleika í nokkrum kirkjum víðs vegar um landið. Fyrstu tónleikarnir fara fram í Hóladómkirkju í Hjaltadal á mánudaginn kemur, en að auki munu þær leika í Glerárkirkju á Akureyri, Bláu kirkjunni á Seyðisfirði, Skálholtskirkju, Stykkishólmskirkju, Flateyjarkirkju og Ísafjarðarkirkju. Tónleikaröðinni lýkur svo með tvöföldum tónleikum í Langholtskirkju í Reykjavík hinn 28. ágúst.

Á efnisskrá tónleikanna verða undurfagrar einleiksfantasíur Georgs Philipps Telemanns; tólf fantasíur fyrir fiðlu og jafnframt tólf fyrir flautu. Þær Elfa og Melkorka eru báðar þrautþjálfaðir tónlistarmenn og vanar flutningi einleiksverka. Í því samhengi má minnast á það að Elfa Rún vann Bach-keppnina í Leipzig á síðasta ári og Melkorka hefur um árabil sótt tíma til Patricks Gallois í París, en eftir hann liggja frægar upptökur á flautufantasíum Telemanns.

- vþ


KRISTJÁN OG SIGURJÓN Þeir félagar halda tónleika í Dalvíkurkirkju í kvöld.

# Tónleikar á Dalvík

Það er yfirleitt úr nógu að velja af áhugaverðum tónleikum yfir sumartímann, enda hefur fólk þá oft meiri tíma til að sinna menningarlífinu en ella. Tónlistaráhugafólk tekur því væntanlega fagnandi að í kvöld kl. 20 munu þeir Sigurjón Bergþór Daðason og Kristján Karl Bragason koma fram í Dalvíkurkirkju og leika tónlist fyrir klarinett og píanó. Á efnisskrá kvöldsins eru verk eftir tónskáldin Schumann og Haydn, en einnig verður leikin frönsk tónlist eftir Bozza og Poulenc. Aðgangseyrir að tónleikunum er 1.500 kr. og eru allir velkomnir.

- vþ

# Tré talar á Söguloft

Áhugafólk um danslist getur litið helgina tilhlökkunaraugum. Dansarinn Erna Ómarsdóttir, sem vakið hefur athygli hérlendis og erlendis fyrir list sína, flytur dansleikhúsverk sitt Talking Tree á Söguloft Landnámsseturs á sunnudag kl. 16. Erna hefur tvívegis verið valin besti nútímadansarinn af útbreiddasta danstímariti Evrópu, Ballettanz, og einnig mest spennandi ungi danshöfundurinn árið 2003. Erna er búsett í Berlín og því fá Íslendingar ekki mörg tækifæri til þess að sjá hana dansa. Því er um að gera að nýta þau þegar þau bjóðast.

Þetta er í fyrsta sinn sem dansverk er flutt í Landnámssetri. Forsaga flutningsins er sú að Erna kom í setrið sem gestur og sá verkið Brák, sem þar hefur verið í sýningu. Útfrá því fékk hún löngun til að flytja verkið Talking Tree í því sérstaka rými sem Söguloftið er.

Í Talking Tree dansar Erna jafnframt því sem hún segir sögu 3.000 ára gamals trés sem er að hálfu leyti mennskt og telur sig hafa spádómsgáfu og svör við öllum hlutum. Það syngur og dansar og segir skrýtnar sögur um fyndnar og sorglegar skepnur og persónur úr öðrum heimi. Trénu fylgir laglína, sem er eins konar þræll þess. Tréð og laglínan ferðast saman um heiminn og reka erindi sitt sem er að segja sögur sem gætu breytt honum. Athygli skal vakin á því að textinn í verkinu er á ensku.

Miða á sýninguna má nálgast í síma 437 1600 eða á heimasíðu Landnámsseturs, www.landnam.is.

- vþ


ERNA ÓMARSDÓTTIR Flytur verk sitt, Talking Tree, í Landnámssetri á sunnudag.




**> Portman frumsýnir**

Frumraun leikkonunnar **Natalie Portman** í leikstjórastólnum, stuttmyndin Eve, verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum 1. september. Myndin, sem er sautján mínútna löng, skartar **Lauren Bacall** og **Ben Gazarra** í aðalhlutverkum. Kvikmyndahátíðin í Feneyjum stendur yfir frá 27. ágúst til 6. september.



# bíó

bio@frettabladid.is

# *Ferðast frá himnaríki til heljar*

Leikarinn Willem Dafoe hefur tekið að sér hlutverk í kvikmynd Lars Von Trier, Antichrist. Þar með hefur Dafoe ferðast frá himnaríki til heljar á aðeins tuttugu árum því árið 1988 lék hann Krist í hinni umdeildu mynd Martin Scorsese, The Last Temptation of Christ.

Reyndar mun Dafoe ekki leika son djöfulsins í Antichrist heldur leika hann og hin breska Charlotte Gainsbourg par sem hefur misst son sinn. Til að jafna sig á missinum ákveða þau að dvelja í kofa í skógi einum þar sem ókunn öfl taka í taumana. Myndinni hefur verið lýst sem sálfræðilegum trylli þar sem hryllingurinn tekur smám saman völdin.

Lars Von Trier kannast vel við Dafoe því hann leikstýrði honum í myndinni Manderlay sem kom út fyrir þremur árum. Von Trier á annars að baki fjölda áhugaverðra mynda á borð við Idioterne, Dancer in the Dark, Dogville og Breaking the Waves. Tökur á Antichrist hefjast í Þýskalandi síðar í mánuðinum og miðað við söguþráðinn og þá sem að myndinni standa eiga kvikmyndaáhugamenn von á góðu.



**THE LAST TEMPTATION OF CHRIST** Dafoe lék í mynd Martin Scorsese, The Last Temptation of Christ, árið 1988.



**HILARY SWANK** Leikkonan Hilary Swank hefur tryggt sér kvikmyndaréttinn að metsölubókinni Franskar konur fitna ekki.

## Metsölubók í framleiðslu

Leikkonan Hilary Swank og samstarfskona hennar, Molly Smith, hafa tryggt sér kvikmyndaréttinn að metsölubókinni Franskar konur fitna ekki. Í bókinni, sem er skrifuð af Mireille Guiliana, er því haldið fram að franskar konur fitni ekki þrátt fyrir að borða brauð, kökur, vín og þriggja rétta máltíðir. Hugmynd Swank og Smith er að breyta bókinni í rómantíska gamanmynd þar sem Swank mun hugsanlega leika aðalhlutverkið. Söguþráðurinn snýst um yfirmann kampavínsfyrirtækis sem þarf að glíma við erfiðleika í lífi sínu. Handritshöfundur verður Heather Hach sem einnig samdi hina vinsælu Freaky Friday.

# Njósnagrín og glæný ráðgáta í bíó

**Tvær kvikmyndir byggðar á vinsælum sjónvarpsþáttum eru komnar í bíó hérlendis. Annars vegar njósnagrínmyndin Get Smart og hins vegar X-Files: I Want To Believe þar sem Mulder og Scully leysa enn eina ráðgátuna.**





**STANDA Í STRÖNGU**

**Steve Carrell** og **Anne Hathaway** standa í ströngu í njósnagríninu **Get Smart**, rétt eins og þau **David Duchovny** og **Gillian Anderson** gera í **X-Files: I Want To Believe.**

Gamanleikarinn Steve Carrell fer með aðalhlutverkið í Get Smart, sem er endurgerð á samnefndum sjónvarpsþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda áratugnum.

Eftir að ráðist er á höfuðstöðvar njósnastofnunar Bandaríkjanna, neyðist yfirmaður hennar til að senda hinn óreynda Smart til að hafa uppi á illmennunum. Honum til halds og trausts er hin þokkafulla Agent 99 sem kallar ekki allt ömmu sína. Saman þurfa þau að stöðva áform samtakanna KAOS sem hinn grimmi Siegfried stjórnar með dyggri hjálp aðstoðarmanns síns Shtarker. Með nákvæmlega enga reynslu og örfá njósnatæki sér til stuðnings þarf Smart því að taka á öllu sem hann á til að bjarga deginum.

**Rísandi stjarna**

Anne Hathaway, sem leikur Agent 99, er rísandi stjarna í Hollywood. Eftir að hafa slegið í gegn í The Devil Wears Prada getur hún nú valið úr hlutverkum. Á meðal næstu mynda hennar má nefna Rachel Getting Married í leikstjórn Jonathan Demme og hina rómantísku Bride Wars þar sem hún leikur á móti Kate Hudson. Á meðal fleiri leikara í Get Smart eru Dwayne „The Rock" Johnson, Alan Arkin og Terence Stamp.

**Enn ein ráðgátan**

FBI-fulltrúarnir Mulder og Scully eru mættir á hvíta tjaldið í annað sinn í myndinni The X-Files: I Want to Believe. Rétt eins og Get Smart er X-Files byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum sem nutu gríðarlegra vinsælda á tíunda áratugnum.

Mikil leynd hefur hvílt yfir söguþræði myndarinnar og í raun er aðeins hægt að slá því föstu að Mulder og Scully rannsaka yfirnáttúrulegt mál þar sem þau þurfa að taka á öllu sem þau eiga. Auk þess að glíma við málið þurfa þau sjálf að greiða úr ýmsum flækjum í eigin sambandi, sem hefur ekki alltaf verið dans á rósum.

**Tíu ára bið á enda**

Leikstjóri myndarinnar er Chris Carter, höfundur sjónvarpsþáttanna X-Files, og sem fyrr fara þau David Duchovny og Gillian Anderson með hlutverk fulltrúanna Mulder og Scully. Með önnur hlutverk fara Amanda Peet og rapparinn Xzibit.

Tíu ár eru liðin síðan X-Files birtist síðast á hvíta tjaldinu og því má búast við því að dyggir aðdáendur þáttanna séu orðnir hungraðir í enn eina ráðgátuna.

freyr@frettabladid.is

Leyndarmál sem féll í gleymsku í aldir

*– spennusaga byggð á sögulegum staðreyndum*

Óvenjuleg og heillandi saga um ráðgátu sem kannski væri betur komin óleyst …

„Spenna sem stigmagnast í margslunginni og grípandi bók … gæti náð sömu vinsældum og *Nafn rósarinnar* eftir Umberto Eco."

*Seymour Menton*

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is





## Sömdu tónlistina fyrir Choke

Hljómsveitin Radiohead hefur samið tónlistina við kvikmyndina Choke sem er gerð eftir samnefndri bók Chuck Palahniuk, höfundar Fight Club. Tólf ár eru liðin síðan Fight Club var sýnd í bíó með Brad Pitt og Edward Norton í aðalhlutverkum.

Palahniuk segist hafa hlustað á Radiohead, þó aðallega lagið Creep, þegar hann samdi Choke og er í skýjunum með þátttöku sveitarinnar. Leikstjórinn Clark Gregg vissi af áhuga Palahniuk á Radiohead og bað því sveitina um að semja lokalag myndarinnar. Thom Yorke og félagar voru aftur á móti svo hrifnir af myndinni að þeir buðu um að fá að semja alla tónlistina fyrir hana. Palahniuk segir heiðurinn mikinn: „Á þessum tímapunkti hætti ég að trúa mínu eigin lífi. Það er einfaldlega of ótrúlegt til að vera raunverulegt. Þetta er algjör draumur," sagði hann.

Choke fjallar um kynlífsfíkil og svindlara sem borgar sjúkrareikninga móður sinnar með því plata peninga út úr fólkinu sem bjargaði honum frá köfnun. Myndin, sem skartar Sam Rockwell í aðalhlutverki, er væntanleg á hvíta tjaldið í nóvember.



**THOM YORKE** Thom Yorke og félagar í Radiohead sömdu tónlistina fyrir myndina Choke.





**FIGHT CLUB** Kvikmyndin Fight Club var gerð eftir samnefndri bók Chuck Palahniuk.




**KONUR OG MENN**
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

## > Epli í eftirrétt

Prófaðu að bera fram kanilsteikt epli með eftirréttinum. Steiktu eplasneiðar upp úr smjöri, tveim matskeiðum af sykri og einni teskeið af kanil, þar til þær hafa mýkst. Berið til dæmis fram með vanilluís. Gómsætt og einfalt.



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN HRUND ÓSK ÁRNADÓTTIR SÖNGKONA

# *Borðar ís eins og dama til að líða betur*

Hvaða matar gætir þú síst verið án: Grænmetis. Mér líður vel af því. Þá helst blaðsalat, af því það er hægt að setja það saman við allt, á girnilegar samlokur, með öðrum mat eða hreinlega bara í salat.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Það var örugglega þegar ég fór á Grillið og fékk sjöréttað á afmælinu mínu í fyrra, það var guðdómlegt. Fékk nýtt vín með hverjum rétti og tvenns konar rauðvín með aðalréttinum. Þá var það sama þrúgan en ræktuð í tveimur mismunandi heimsálfum. Svo fékk ég að velja koníak af koníaksvagninum og ég valdi eitthvað sem var sérstaklega framleitt fyrir konur.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Gellur. Þær eru viðbjóðslegar. Mér finnst eiginlega allur innmatur vondur. Svo finnst mér slátur og svið ekki gott.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Ætli það sé ekki bara mismunandi samsetning krydda, en tómatsósa, hunang og hvítlaukur geta oftar en ekki reddað manni.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Súkkulaði eða ís, eins og flestar dömur.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Grænmeti, hvítlauk og Fíladelfíu léttost.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað myndir þú taka með þér?** Gefið að það væri til eitthvað matarkyns á eyjunni og hreint vatn þar myndi ég taka með mér ís.



**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Ég vildi ég gæti sagt engisprettur eða eitthvað en því miður þá eru einu skordýrin sem ég hef borðað sniglar og mér finnst þeir eiginlega algjört lostæti frekar en skrítnir. Mér dettur eiginlega ekkert í hug. Ég hugsa að ég sé ekki nógu matvönd eða hafi bara ekki lent í neinu undarlegu enn þá.



**STÆRSTI PIPARSTAUKUR LANDSINS** Það þarf helst tvo þjóna til að nota piparkvörnina á Argentínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stærsti staukurinn

Veitingastaðurinn Argentína Steikhús festi í vor kaup á stærsta piparstauk landsins, en staukurinn er af gerðinni Peugeot og er heilir 1,15 metrar á lengd. Flestir þekkja peugot-nafnið eflaust af framleiðslu bíla, en færri vita að áður en fyrirtækið sneri sér að þeim framleiddi það meðal annars kaffi- og piparkvarnir.

„Piparstaukurinn er alveg eins og sá sem við vorum með fyrir, bara stærri útgáfa af honum. Við erum reyndar enn með þann gamla í notkun þannig að nú geta gestir okkar valið á milli,“ segir Sólveig Ása Tryggvadóttir, þjónn á Argentínu. Sólveig segir engan mun vera á piparstaukunum fyrir utan stærðina, piparkornin séu alveg þau sömu.

„Argentína er steikhús, eins og nafnið gefur til kynna, og er þekkt fyrir piparsteikurnar sínar. Við viljum gera svolítið mikið úr þessari athöfn og þess vegna var stóri staukurinn keyptur. Þetta hefur verið svolítið innanbúðargrín hérna hjá okkur því staukurinn er það stór að það þarf helst tvo þjóna til þess að mala piparinn fyrir gesti, annar heldur þá á stauknum á meðan hinn snýr. Það hefur eitthvað verið um það að gestir biðji sérstaklega um stærri staukinn,“ segir Sólveig og hlær. - sm




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Finnst gaman að borða en skemmtilegra að elda

**Joost Van Bemmel er hollenskur kokkur sem hefur verið búsettur á Íslandi síðastliðin fjögur ár. Hann hefur unnið sem kokkur í sextán ár og hefur meðal annars unnið á veitingastöðum í Hollandi og á Ítalíu hjá konunglega flughernum.**



**ENGAR REGLUR** Joost segir að fólk eigi að vera óhrætt við að prófa sig áfram í matargerð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Joost kynntist íslenskri konu sinni í Eindhoven þegar hún var í hönnunarnámi þar og eftir að hún flutti aftur heim til Íslands ákvað hann að koma einnig og vera í þrjá mánuði og endaði með því að setjast hér að. „Ég er mjög hrifinn af taílenskri og ítalskri matargerð en oftast elda ég bara af fingrum fram. Ég blanda í raun bara saman því sem mér finnst gott,“ segir Joost og hlær við. „Ég er duglegur að breyta uppskriftum og mér finnst að fólk megi vera óhræddara við það. Í eldamennsku á ekki að fylgja neinum reglum, þannig endar maður á því að elda alltaf eitthvað nýtt.“

Joost segist vera duglegur að elda heima fyrir og að nú sé hann að kenna eldri dóttur sinni að elda einfalda og holla rétti. „Ég er til dæmis að kenna henni að gera ýmsa grænmetisrétti svo að hún geti eldað ofan í sig sjálf í stað þess að hlaupa út í sjoppu og kaupa sér óhollan skyndibitamat,“ segir Joost að lokum.

Aðferð:

Kjúklingur: Fínsaxið hvítlaukinn. Blandið því næst jógúrt, olíu, karrí, lime-safa og hvítlauk saman í skál og saltið og piprið eftir smekk. Skerið 5-6 djúpa skurði í kjúklingabringurnar, en þó ekki alveg í gegn. Skerið papriku og lauk og setjið út í jógúrtblönduna ásamt kjúklingabringunum. Marínerið í 10 mín.

Hitið steikingarpönnu vel og steikið kjúkling og grænmeti. Kóríander er stráð yfir þegar kjúklingurinn er eldaður í gegn.

Hrísgrjón: Saxið hvítlauk, skerið engifer í grófa bita. Setjið kjúklingasoð í pott, bætið grjónum, hvítlauk og engiferi út í og hitið að suðu. Þegar suða kemur upp er lok sett á og hiti lækkaður. Látið malla í um 7 mín. á lægsta hita. Fínsaxið skarlottulaukinn og steikið í smjöri. Þegar hrísgrjónin eru tilbúin eru engiferbitarnir fjarlægðir (þeir sem vilja hafa þá með geta gert það) og lauknum hrært saman við.

## KRYDDAÐUR LIME-KJÚKLINGUR MEÐ MALASÍU-HRÍSGRJÓNUM

| | |
|---|---|
| 150 ml hrein jógúrt | Kóríander |
| 1 msk. olía | Malasíu-hrísgrjón |
| 1 msk. karríduft | 2 bollar pandan-hrísgrjón |
| Safi úr einu lime | 4 hvítlauksgeirar |
| 1 hvítlauksgeiri | 1 engiferrót |
| 4 kjúklingabringur | 3 bollar af kjúklingasoði |
| 1 rauð paprika | 2 msk. smjör |
| 1 laukur | 3 skarlottulaukar |

# Snöggsteikt og ofnbökuð önd

Að elda önd er ekki jafn snúið og margur skyldi halda. „Best er að snöggsteikja bringuna fyrst og setja svo inn í ofn. Svo er mjög mikilvægt að leyfa henni að standa í tvær mínútur,“ segir Sævar Karl Kristinsson á Sjávarkjallaranum.

Andaréttur Sjávarkjallarans er gómsætur en uppskriftin hér að neðan er ætluð fjórum. „Lambatungan er soðin í saltvatni, timjan, hvítlauk, svörtum pipar og lárviðarlaufum í einn og hálfan tíma, á vægum hita. Himnan er svo pilluð af og tungan steikt með grænertum, sólþurrkuðum tómötum, og eplum. Loks er léttþeyttum rjóma, salti og pipar bætt við.“

„Bakið tvær bökunarkartöflur og eina sætkartöflu við 180 gráður í klukkustund. Takið úr híðinu og stappið saman með 100 millilítrum af rjóma, hvítlauksgeira, 50 grömmum af smjöri, salti og pipar.“

„Sósan er svokölluð rósmarínfroða. Þá tökum við skarlottulauk, hvítlauk og rósmarín og svitum í smá olíu í potti. Svo bætum við 250



millilítrum af hvítvíni og hálfum lítra af kjúklingasoði. Látið sjóða niður um tvo þriðju og bætið lítra af rjóma út í. Það er látið sjóða niður um helming og svo kryddað með salti og pipar.“

„Takið tvær bringur, skerið í



**LJÚFFENG** Andabringa Sjávarkjallarans er mjög vinsæl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

fituna og steikið á fituhliðinni í mínútu. Steikið hina hliðina í hálfa mínútu og setjið svo í ofn við 160 gráður í sjö mínútur.“ Voila!

- kbs

KJARNAFÆÐI

vörurnar fást í Bónus!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónus býður betur!

## Villibráðakryddaðar lambalærissneiðar, blandaðar
frá Kjarnafæði

**1.398** kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg

30 % afsláttur



## Heimilispylsur
frá Kjarnafæði

**476** kr./kg.

Merkt verð 635 kr./kg

25 % afsláttur

Bragðmiklar að norðan!



## Mexico grillpylsur
frá Kjarnafæði.

**649** kr./kg.

Merkt verð 928 kr./kg.

30 % afsláttur



## Kofareykt sveitabjúgu
frá Kjarnafæði.

**299** kr./kg.

Merkt verð 398 kr./kg.

25 % afsláttur



## Saltað hrossakjöt, úrb.
frá Kjarnafæði.

**414** kr./kg.

Merkt verð 637 kr./kg.

35 % afsláttur



allt & sumt

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

> PEACHES GIFT

Hin nítján ára gamla Peaches Geldof hefur gengið að eiga kærasta sinn til fjögurra vikna, Max Drummey. Peaches er dóttir Bob Geldof og helst þekkt sem tískufyrirmynd. Athöfnin átti sér stað í Las Vegas, í sömu kapellu og Britney Spears giftist Jason Alexander hér um árið. Hjónin segjast vera afar ánægð.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## Madonna ættleiðir Mercy

Madonna hyggst ættleiða stúlkuna Mercy James, sem er þriggja ára og frá Malaví. Ráðamenn í Malaví hafa staðfest það, og segja söngkonuna við það að ljúka þeirri pappírsvinnu sem til þarf. „Fulltrúar Madonnu hafa verið að heimsækja stúlkuna. Ættleiðingin er langt komin,“ segir Penstone Klembe, opinber starfsmaður þar í landi. Madonna hóf ferlið á fyrra ári, en það var stöðvað þegar frændi stúlkunnar mótmælti ættleiðingunni.

Madonna ku nú vilja ljúka allri pappírsvinnu sem fyrst, þar sem hjónaband hennar og Guy Ritchie er betur statt en áður. „Ferlið er svo langt og erfitt að það olli miklu álagi á hjónaband þeirra. Þau settu allt á pásu til að einbeita sér hvort að öðru. En Madonnu finnst það nú vera nægilega traust til að geta haldið áfram með ættleiðingarferlið,“ segir vinur hjónakornanna.

Fjölskylda Mercy er hins vegar ekki hrifin af því að hún verði hluti af fjölskyldu Madonnu og Guy, en þau eiga börnin Lourdes, Rocco og David Banda, sem einmitt var ættleiddur frá Malaví. Amma Mercy, Lucy Chekechiwa, segist ekki vilja að stúlkan fari frá Malaví. „Ég hef tvisvar sagt ættleiðingarfólkinu að ég vilji ekki að Mercy yfirgefi landið, en þau halda áfram að ýta á okkur. Nú segja þau að Mercy muni fara frá okkur, en geti snúið aftur þegar hún er átján ára. En ég er kannski ekki á lífi þá,“ segir Lucy ósátt.



**FJÖLSKYLDAN STÆKKAR** Madonna hyggst ættleiða hina þriggja ára gömlu Mercy James frá Malaví. Þar með eiga hún og Guy Ritchie fjögur börn.

# Vill eðlilega æsku fyrir synina

**Í fyrsta viðtalinu sem Britney Spears veitir í rúmt ár talar hún meðal annars syni sína tvo og áfallið sem hún fékk þegar hún komst að því að litla systir hennar væri ólétt.**

Í nýjasta tölublaði Ok! Magazine, sem kemur út í Bandaríkjunum í dag, er að finna fyrsta viðtalið sem Britney Spears veitir í rúmt ár. Eins og fram kemur á heimasíðu tímaritsins er söngkonan allt önnur nú en fyrir ári síðan, þegar hún virtist samhengislaus og út úr heiminum í myndatökum fyrir sama tímarit. Britney talar meðal annars um syni sína, systur og framtíðarhorfur á tónlistarferlinum.

Söngkonan kveðst meðal annars óska þess ofar öllu að synir hennar og Kevin Federline, Sean Preston og Jayden James, eigi „eðlilega barnæsku“. Hún segist einnig vona að þeir velji sér ekki feril innan skemmtanaiðnaðarins. „Ég myndi elska þá skilyrðislaust ef þeir vildu það, en ég myndi frekar vilja að þeir ættu eðlilegri barnæsku,“ segir Britney, sem veit sjálf ýmislegt um hvað það þýðir að vera barnastjarna – enda skaust hún til frægðar með þátttöku sinni í Mickey Mouse Club, þá ellefu ára gömul.

Britney segir einnig að fregnirnar af óléttu litlu systur hennar, Jamie Lynn, sem átti dótturina Maddie Brianne í lok júní, hafi komið henni á óvart. „Mér brá svolítið. Hún hefur alltaf verið litla barnið, og nú var barnið að fara að eiga barn. Það var ótrúlegt. En ég er viss um að strákarnir mínir verða Maddie eins og bræður,“ segir söngkonan.

Britney vinnur nú að nýju efni og stefnir á að gefa út nýja plötu á næstu sex til níu mánuðum. „Ég sem á hverjum degi, við nákvæmlega þetta píanó hérna í stofunni. Þetta er það besta sem ég hef sent frá mér,“ segir Britney um tónlistina.



**SEMUR Á HVERJUM DEGI** Britney Spears virðist vera á öðrum og betri stað í lífi sínu þessa dagana og semur tónlist fyrir nýja plötu á hverjum degi. NORDICPHOTOS/GETTY



Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is



**ODDDESIGN** Hér klæðist Helga Mjöll eigin hönnun, en hún hannar undir nafninu ODDdesign FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Lærir hjá frægasta búningahönnuði Dana

**Helga Mjöll Oddsdóttir, fatahönnunarnemi í Kaupmannahöfn, er komin í starfsnám til eins frægasta búningahönnuðar Danmerkur.**

Helga Mjöll Oddsdóttir hefur búið og stundað nám í Kaupmannahöfn síðastliðin fjögur ár. Í haust fer Helga í starfsþjálfun hjá einum frægasta búningahönnuði Danmerkur, Manon Rasmussen - en Manon hefur verið búningahönnuður í flestum myndum leikstjórans Lars Von Trier og vann meðal annars að Dogville og Dancer in the dark.

„Ég hafði komið nokkrum sinnum til Kaupmannahafnar og fannst borgin mjög skemmtilega og hrífandi og langaði mikið til þess að prófa að búa þar,“ segir Helga um þá ákvörðun að fara í nám til Danmerkur. Helga stundar BA nám við Håndarbejdets Fremmes Seminarium og ber hún skólanum vel söguna. Þegar kom að því að nemendur ættu að finna sér pláss í starfsþjálfun ákvað Helga að hafa samband við Rasmussen. „Ég byrjaði á því að senda henni tölvupóst og þegar ég fékk ekkert svar frá henni þá ákvað ég að hringja í hana. Mig langaði rosalega að komast í læri til hennar og gekk því svolítið á eftir henni með þetta. Það endaði svo með því að hún bauð mér í kaffi og við enduðum á því að sitja og spjalla heillengi líkt og aldagamlar vinkonur,“ segir Helga og hlær við.

Helga mun aðstoða Rasmussen við vinnu í nýrri danskri kvikmynd í leikstjórn Charlotte Sieling. „Myndin heitir Over gaden, under vandet og er ástarsaga og hefur fengið talsvert umtal í Danmörku. Ég er mjög spennt fyrir þessu verkefni og það er ómetanlegt að fá þetta á ferilskrána sína, en ég býst við því að þurfa að vinna myrkranna á milli á meðan á þessu stendur.“

Helga Mjöll er einnig með sitt eigið fatamerki og hannar undir nafninu ODDdesign og selur hún hönnun sína á nýrri vefsíðu www.odddesign.net og í versluninni Frúin í Hamborg á Akureyri. Eftir útskrift stefnir Helga heim á ný og segist hún þá ætla að einbeita sér betur að hönnun og þróun ODDdesign.

sara@frettabladid.is

# Allt frá sultu til bíla í boði

Ólöf Jakobína Ernudóttir og Guðný Þórarinsdóttir standa fyrir Flóamarkaði í Vesturbænum á laugardaginn. „Við fengum þessa hugmynd úti í garði hjá mér, fyrr í sumar, að halda svona markað. Við höfum báðar farið áður á flóamarkað sem haldinn er í Laugarneshverfinu. Þá fórum við að pæla í hvað þetta gæti verið gaman og bárum þetta undir hverfaráð í okkar hverfi. Þeim leist svo vel á hugmyndina að það fór allt á flug og haft var samband við ÍTR og KR og allir voru viljugir að vera með,“ segir Ólöf.

Markaðurinn verður haldinn fyrir utan Frostaskjól eða innandyra verði veður slæmt. Svo virðist sem hugmyndin leggist vel í fólk. „Viðbrögðin eru svona líka góð. Það er hringt í mig mörgum sinnum á dag. Við ætlum ekkert að skrá niður fólk, heldur leyfa því bara að mæta á staðinn. En það hafa mjög margir haft samband og eflaust verður þetta ansi fjörugt.“

Hún segir fólk geta mætt með hvað sem er og öllum sé frjálst að mæta. „Flestir verða með kompudót og föt. Eitthvað hef ég heyrt af gömlum verslunarlagerum, plötum og fleiru. Það má koma með heilu sófasettin ef maður vill og svo má líka selja dýrgripi á uppsprengdu verði. Menn geta meira að segja lagt bílnum fyrir utan ef þeir eru að selja hann. Svo hvetjum við fólk til að koma bara með rabarbarann úr garðinum eða skella í nokkrar rifsberjasultukrukkur og vera með.“

Markaðurinn stendur frá tólf til fimm.

- kbs



**HREINSA ÚT** Ólöf og Guðný standa fyrir flóamarkaði í Vesturbænum. MYND/GUÐNÝ



JAMIS BICYCLES
USA PRO
PUMA
adidas
casall
Columbia Sportswear Company
ESPRIT
ROLLERBLADE
Lokastökkið á útsölunni
Útsölulok Útilífs eru í Holtagörðum
Sportfatnaður – Barnafatnaður
Sundfatnaður – Skór – Útivistarfatnaður
Aðeins 4 verð í markaðshorninu
500 – 1000 – 2000 – 3000 kr.
30 til 40% afsláttur af öllum reiðhjólum og línuskautum
HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

# Styrkja sjálfa sig

Sudden Weather Change, Bob og Reykjavík! spila á Organ í kvöld. Tónleikarnir eru til styrktar Sudden Weather Change, en þeir safna fyrir upptökum á nýrri plötu. „Við erum allir búnir að leggja í púkk, en það er alltaf fínt að halda styrktartónleika fyrir sjálfan sig,“ segir Bergur Thomas Anderson, bassaleikari SWC.

„Við ákváðum að tala við vinahljómsveitir okkar og fá þá með. Við höfum reyndar aldrei spilað með BOB áður, en þeir spila mjög sjaldan á tónleikum.“

Langt er síðan sveitin hefur tekið upp, en afrakstur fyrri upptakna má heyra á myspace-síðu sveitarinnar. „Við byrjum að taka upp núna á laugardaginn. Við förum í gamlan bústað rétt fyrir utan Borgarnes og tökum upp plötuna þar. Þar verðum við bara að taka upp og gistum í tíu daga.“

Bergur lofar góðum tónleikum. „Upp á síðkastið hefur myndast frekar klikkuð stemning á tónleikum hjá okkur. Þannig að ég býst við að það verði frekar sveitt. Öll böndin spila rokktónlist, þannig að það verður geðveikt gaman.“



**Á LEIÐ Í UPPTÖKUR** Sudden Weather Change safna fyrir plötu með tónleikum.

Húsið verður opnað klukkan níu og kostar 500 krónur inn. Ýmis varningur frá hljómsveitunum verður einnig til sölu.

- kbs

# Geir og Ingibjörg Sólrún í fornbókabúð Braga

**Bragi Kristjónsson fornbókasali fylgist grannt með gangi mála í pólitíkinni. Og hefur í búð sinni, Bókinni, tuskudúkkur sem hann segir nauðalíkar forsætis- og utanríkisráðherra.**

„Já, ég er með tvær tuskudúkkur hérna úti á stétt við búðina. Hef þær úti meðan veðrið er svona gott. Rosalega krúttlegar. Önnur er alveg eins og Geir Haarde og hin eins og Ingibjörg Sólrún,“ segir Bragi Kristjónsson fornbókasali.

Í fornbókaverslun hans, Bókinni, við Hverfisgötu er pólitíkin gjarnan rædd fram og til baka og Braga finnst ekki verra að hafa þessa bangsa, sem bera nöfnin Geir og Ingibjörg Sólrún, til að upphefja andann. „Þessi sem er eins og Geir er api sem er eiginlega alveg hreint með andlitssvip Geirs. Með víðan munnsvip. Ef Geir væri indíáni þá væri hann kallaður „Big face“. Hin dúkkan er ljót og frekjuleg dúkka og minnir mjög á Ingibjörgu Sólrúnu,“ segir Bragi til útskýringar. Hann hefur verið að benda gestum sínum á þessi líkindi og oftast er fólk sammála. „Þau eru voðalega krúttleg þar sem þau sitja saman á tröppu hérna úti á stétt. Og stundum fær Össur að vera hjá þeim. Hann er lítill, ljótur, svartur bangsi en hann er oftast hafður inni á borði svo hann fari sér ekki að voða. Hann vill svo mikið ver'ann,“ segir Bragi.

Að sögn fornbókasalans komu þessar dúkkur með úr dánarbúum og eða þegar fólk hefur verið að minnka við sig. „Ég var beðinn að hirða þetta með einhverjum bókum. Eins og oft er þegar verið er að tæma. En menn eru náttúrlega að gera út á gamla fólkið. Það er verið að selja því tveggja herbergja þjónustuíbúðir og húsin þess tekin upp í. Þá minnkar pláss hjá fólki margfalt.“



**INGIBJÖRG, GEIR OG BRAGI** Fornbókasalinn heldur því fram að tuskudúkkurnar sem hann hefur í búðinni séu glettilega líkar forsætis- og utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Búð Braga komst í deigluna þegar Bobby Fischer tók upp á því að gerast fastagestur þar. Og þótt Fischer sé horfinn til feðra sinna lifir minningin. „Í gær voru hér meira að segja einhverjir útlendingar að spyrja hvar stóllinn væri sem Bobby Fischer sat á. Og kunningi hans var hér á dögunum, kominn sérstaklega frá Amsterdam til að leggja blóm á leiði hans fyrir austan.“ Bragi segir nóg að gera í fornbókabúðinni og merkir athyglisverðar breytingar. „Krakkar eru aftur farnir að kaupa bækur. Og það er eins og afþreyingardraslið sé búið. McLean og Bagley eru dauðir en höfundar eins og Faulkner og Hemmingway seljast vel. Hér hefur verið gefið mikið út af góðum bókmenntum þýddum.“

jakob@frettabladid.is

# Frískir Færeyingar

**TÓNLIST**

**Black Diamond Train**

Boys In A Band

★★★★

Þó að tónlist Boys In A Band sé ekki byltingarkennd þá er þessi bílskúrsrokkkeyrsla þeirra félaga sérstaklega kraftmikil og stuðvekjandi. Ein af skemmtilegri plötum ársins það sem af er.

Fimmmenningarnir í Boys In A Band eru frá Götu í Færeyjum. Þeir hafa verið starfandi í tvö ár og vöktu m.a. mikla lukku á Iceland Airwaves-hátíðinni í fyrra. Black Diamond Train er þeirra fyrsta plata.

Boys In An Band hafa stundum verið kallaðir „hin færeyska Strokes“ og maður getur alveg skilið það viðurnefni. Tónlistin sver sig í ætt við tónlist Strokes og annarra bílskúrsrokksveita af sömu kynslóð og söngvarinn Pætur Zachariasson minnir á köflum svolítið á Julian Casablancas.

Það er margt sem vinnur með Black Diamond Train og Boys In A Band. Þessi 12 lög sem eru á plötunni eru öll flott, textarnir eru margir töffaralegir og skemmtilegir og platan er nógu fjölbreytt til að dæmið gangi upp. Þó að sveitin minni á Strokes þá er þetta ekkert hermiband. Það má greina áhrif frá bílskúrs- og blússkotnu rokki síðustu áratuga; áströlsku, bresku og bandarísku. Þetta er ekki byltingarkennd tónlist á nokkurn hátt, en strákunum tekst að gera þetta frísklega, spilamennskan er lifandi, hljómurinn er flottur og svo er




þetta líka bara svo skrambi kraftmikið, grípandi og skemmtilegt hjá þeim. Maður kemst í svipað stuð eins og þegar maður hlustaði fyrst á Franz Ferdinand eða Jeff Who?

Á heildina litið er þetta fín frumraun frá bandi sem gaman verður að fylgjast með hvernig þróast á næstu misserum.

Trausti Júlíusson


Nýtt í bíó — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| GET SMART | kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15 | L |
| MÚMÍAN 3 | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| WALL–E – ÍSLENSKT TAL | kl. 4 og 6 | L |
| THE DARK KNIGHT | kl. 4, 7 og 10 | 12 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| GET SMART | kl. 1:30 - 3:50 - 5:50D - 8D - 10:30D | L |
| THE MUMMY 3 | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | VIP |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 6:10 - 8:20 - 10:30 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| LOVE GURU | kl. 10:30 | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| GET SMART | kl. 3:30D - 5:40D - 8D - 10:20D | L |
| X-FILES 2 | kl. 8D - 10:10D | 16 |
| THE MUMMY 3 | kl. 5:50 - 8 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 3:40D - 5:50D | L |
| DARK KNIGHT | kl. 10:10 | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| GET SMART | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| LOVE GURU | kl. 8 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 10 | 12 |
| MAMMA MÍA | kl. 5:40 | L |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| GET SMART | kl. 6 - 8 - 10:20 | L |
| WALL-E. m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| GET SMART | kl. 5:45 - 8 - 10.20 | 7 |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:45 | L |
| THE STRANGERS | kl. 10:20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| X - FILES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| X - FILES LÚXUS | kl. 8D - 10.20D | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 10 | 12 |
| THE MUMMY 3 | kl. 8D | 12 |
| THE LOVE GURU | kl. 4 - 8 | 12 |
| WALL-E ÍSL. TAL | kl. 3.30D - 5.45D | L |
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MEET DAVE | kl. 3.30 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| X - FILES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE DARK KNIGHT | kl. 6 - 9 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| X - FILES | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 10.10 | 12 |
| THE LOVE GURU | kl. 6 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR




* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námukorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.

Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

FAXAFENI 10
11-18 alla virka daga
11-18 Laugardagar
S:534 4450

# OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++

SMÁRATORGI
11-18 alla virka daga
11-18 Lau. og Sun.
S:534 4451

## Mikið úrval af skóm í skólann á frábæru verði.

Svartur Leðurskór (Str. 41-46)



3,999,-

Svart ( Leðurskór ) (Str. 36-41)



3,999,-

Svart og Brúnn ( Leðurskór) (Str. 36-41)



3,999,-

Stígvél (Str. 36-41)



2,999,-

Gönguskór (Str. 40-46)



1,499,-

Gönguskór (Str. 28-39)



999,-

Svart ( Leðurskór ) (Str. 41-46)



2,999,-

Stígvél ( Leðurskór) (Str. 36-42)



4,999,-

Skólaskór (Str. 24-35)



999,-

Moonboots Brúnn (Str. 22-30)



1,999,-

Moonboots Bleikur (Str. 22-30)



1,999,-

Gallabuxur Herra og Dömu (St: 25-60)



1990,-

Levi's barna gallabuxur
Stráka og stelpu
499,-

Dockersbuxur: (St:32-36 mitti)



499,-

Levi's gallabuxur Herra og dömu



Verð frá
1990,-

Jakkaföt Nokkrir litir (St:48-64)



9.990,-

MISS SIXTY®

Levi Strauss SIGNATURE
www.LeviStraussSignature.com ORIGINAL STYLE, GREAT VALUE

DOCKERS®
SAN FRANCISCO

## >Atvik umferðarinnar

Mörk í uppbótartíma í þremur leikjum. Breiðablik skoraði í Grindavík, Þróttur jafnaði gegn Fram og Fylkir gegn HK. Sérstaklega grátlegt fyrir botnlið HK.

## >Ummæli umferðarinnar

„Gæðin hjá sumum leikmönnum eru alls ekki nógu góð. Það er ekkert flóknara en það og það er klúbbnum til skammar. Félög eins og ÍA eiga ekki að sætta sig við miðlungs-leikmenn. Það eru kannski hörð orð en það er sannleikurinn. Nú þurfum við að taka erfiðar ákvarðanir en við sáum í þessum leik hverjir eru tilbúnir og hverjir ekki," sagði Arnar Gunnlaugsson, annar þjálfara ÍA, eftir tapið gegn Keflavík.



**sport**

sport@frettabladid.is

**15. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** ÍSLANDSMEISTARARNIR SÆKJA Á

# *Tveggja hesta kapphlaup?*

Íslandsmeistarar Vals hafa unnið sex af síðustu sjö leikjum og gert eitt jafntefli. Það hefur skilað þeim í titilbaráttuna á nýjan leik en þeir eru fjórum stigum á eftir Keflavík. Valur vann Fjölni sem hefur fatast flugið eftir góða byrjun.

FH trónir enn á toppnum, þegar aðeins sjö umferðir eru eftir, eftir sigur á KR í stórleik umferðarinnar. Leikurinn hafði allt, spennu, færi, umdeild atvik og meira að segja rautt spjald.

Tvíburunum Arnari og Bjarka gengur illa á Akranesi. Að vísu hefur liðið spilað betur en það skilar sér ekki í neinum stigum. Þeir hafa tapað öllum þremur leikjunum hingað til, síðast gegn Keflvíkingum sem skoruðu fjögur mörk gegn þeim.

Sömu sögu er að segja af HK, bata-merki eru á leik liðsins en lánleysið eltir Kópavogsbúa sem fengu á sig mark í uppbótartíma gegn Fylki. Hitt Kópavogs-liðið, Breiðablik, skoraði aftur á móti sjálft í uppbótartíma og bjargaði þar með stigi í Grindavík.

Þróttur og Fram gerðu jafntefli í Laugardals-slagnum. Fram hefur ekki tapað í fjórum síðustu leikjum.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 18, Fjölnir og Keflav.
**Flest skot á mark:** 9, Kefl. og ÍA
**Fæst skot:** 6, HK
**Hæsta með.ein.:** 6,8 HK og Fram
**Lægsta meðaleink.:** 4,9 KR
**Grófasta liðið:** 16 brot, FH og ÍA
**Prúðasta liðið:** 9 brot, KR og Fram
**Flestir áhorf.:** KR-FH, 2.237
**Fæstir áhorf.:** HK-Fylkir, 743
**Áhorfendur alls:** 6.928

**> Besti dómarinn:** Jóhannes Valgeirsson fékk hæstu einkunn dómara í 15. umferð hjá Fréttablaðinu eða 8. Akureyringurinn dæmdi leik KR og FH á KR-vellinum og leysti verkið með miklum myndarbrag.

## ÚRSLIT

### *Landsbankadeild kvenna*

| | |
|---|---|
| Þór/KA-Fjölnir | 5-0 |
| 1-0 Mateja Zver (3.), 2-0 Zver (24.), 3-0 Zver (40.), 4-0 Rakel Hönnudóttir (45.), 5-0 Arna Sif Ásgrímsdóttir (66.). | |
| HK/Víkingur-Afturelding | 1-0 |
| 1-0 Karen Sturludóttir (30.) | |
| Stjarnan-KR | 0-2 |
| Hólmfríður Magnúsdóttir (28.), Hrefna Huld Jóhannesdóttir (49.). | |
| Fylkir-Breiðablik | 2-3 |
| 1-0 Courtney Sobrero (23.), 1-1 Sara Björk Gunnarsdóttir (55.), 2-1 Anna Björg Björnsdóttir (58.), 2-2 Fanndís Friðriksdóttir (60.), 2-3 Harpa Þorsteinsdóttir (71.). | |

### *EM-U18 í handbolta karla*

| | |
|---|---|
| Ísland-Frakkland | 35-25 (13-13) |
| **Mörk Íslands (skot):** Aron Pálmarsson 8 (17), Oddur Grétarsson 6 (11), Ólafur Guðmundsson 5 (6), Guðmundur Árni Ólafsson 5/2 (7/2), Ragnar Jóhannsson 5 (11), Heimir Óli Heimisson 4 (5), Örn Ingi Bjarkason 2 (3). | |
| **Varin skot:** Sigurður Arnarson 15 (40/1, 38%). | |
| Ísland mætir Þýskalandi í undanúrslitum. | |

### *Meistaradeild Evr. forkeppni*

| | |
|---|---|
| Twente-Arsenal | 0-2 |
| 0-1 William Gallas (63.), 0-2 Adebayor (82.) | |
| Standard Liege-Liverpool | 0-0 |
| Barcelona-Wisla Krakow | 4-0 |
| Samuel Eto´o 2, Xavi, Thierry Henry | |
| Eiður Smári Guðjohnsen var alan tímann á varamannabekk Barcelona. | |
| Brann-Marseille | 0-1 |
| Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason léku allan leikinn fyrir Brann, Birkir Már Sævarsson var í byrjunarliðinu og lék í 71 mínútu en Gylfi Einarsson og Ármann Smári Björnsson voru á varamannabekknum allan leikinn. | |
| Juventus-Petrzalka | 4-0 |
| Mauro Camoranesi, Alessandro Del Piero, Giorgio Chiellini og Nicola Legrottaglie. | |
| Schalke-Atletico Madrid | 1-0 |
| Pander | |
| Levski Sofia - BATE Borishov | 0-1 |
| Vladimir Rzhevsky | |

# Hraðinn er minn mesti kostur

**Patrik Redo er besti leikmaður 15. umferðar Landsbankadeildar karla. Hann kom inn á sem varamaður og gerði út um leik liðsins uppi á Skaga. Varamenn Keflavíkur hafa skorað mörg dýrmæt mörk í sumar.**

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar gefa ekkert eftir í baráttunni um Íslandsmeist-aratitilinn, hafa nú leikið sjö leiki í röð án taps og hafa náð í 15 af 21 mögulegum stigum í þessum leikjum. Það má á stórum hluta þakka skiptingum Kristjáns Guðmundssonar þjálfara og góðum innkomum varamanna liðsins í lok leikja.

Patrik Redo hefur átt lykilinnkomur af bekknum í síðustu leikjum Keflavíkur. Redo lagði upp sigurmark Harðar Sveinssonar í uppbótartíma gegn HK og skoraði síðan tvö mörk í seinni hálfleik í 4-1 sigri á ÍA um síðustu helgi. Redo var valinn besti leikmaður 15. umferðar hjá Fréttablaðinu.

„Stundum hefur maður heppnina með sér og ég hef kannski ekki haft hana oft með mér í sumar. Ég er alltaf ánægður þegar við vinnum leikina. Sigrarnir skipta miklu meira máli en mörkin mín. Ég er samt vonandi búinn að brjóta ísinn og vonandi fara mörkin að koma hjá mér," sagði Redo sem hefur skorað 4 mörk í Landsbankadeildinni. Redo er ekki með yfirlýsingar um gengi liðsins frekar en aðrir í Keflavík. „Við tökum bara einn leik í einu og erum ekki að velta því fyrir okkur hvernig mótið endar. Við höfum gert það með góðum árangri og velgengni liðsins snýst mikið um það að það eru allir að einbeita sér að því sem er í gangi hverju sinni," segir Redo.

Patrik Redo náði sér ekki á strik með Fram í fyrra en hefur blómstrað hjá Keflavík.



**FLJÓTUR** Patrik Redo er erfiður við að eiga þegar hann kemst á flug. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er mjög gaman að spila með Keflavík. Við erum með gott lið, erum að standa okkur vel þannig að það er lítið hægt að kvarta. Ég er búinn að vera meira og minna meiddur síðustu tvö ár þannig að það er frábært að geta spilað fótbolta á fullu á nýjan leik," segir Redo og bætir við.

„Ég er reyni að leggja til liðsins á margan hátt en það sem skiptir liðið mestu er að ég komi með orku og kraft inn í liðið og reyni að nýta mér hraðann í fremstu víglínu. Ég get búið til færi úr engu og hraðinn er minn mesti kostur," segir Redo og sú var svo sannarlega raunin í leiknum á móti ÍA.

„Ein af lykilástæðunum fyrir því að okkur gengur svona vel er að við erum með leikmenn á bekknum sem geta komið inn og breytt leikjum," segir Redo og það sést vel á tölfræðinni, en alls hafa varamenn Keflavíkur skorað átta mörk í sumar eða tvöfalt fleiri en næstu lið sem eru lið FH, Breiðabliks og Fylkis.

Redo veit samt ekki hvort að hann fái að byrja í næsta leik. „Ég vonast til að vera í byrjunarliðinu í næsta leik því ég finn að ég er að hitna. Ég verð samt ekkert súr eða reiður ef ég byrja á bekknum því þá verð ég bara að koma aftur inn með sama krafti og í síðustu leikjum. Það eru 18 leikmenn í liðinu og einhverjir verða augljóslega að byrja á bekknum," sagði Redo að lokum.

**ooj@frettabladid.is**

Árni Már Árnason er hamingjusamur í Peking:

# Allt flottara en ég átti von á

**PEKING 2008** Árni Már Árnason þreytir frumraun sína á Ólympíuleikum í dag er hann stingur sér til sunds í 50 metra skriðsundi. Árni, sem er tvítugur að aldri, er eðlilega spenntur fyrir því að fá að taka þátt í Ólympíuleikunum.

„Mér líður mjög vel og frábært að vera hérna," segir Árni Már. „Það er allt miklu flottara hér en ég átti von á. Nú skil ég hvað fólk er að tala um er það segir það vera draum að komast á Ólympíuleika. Nú skilur maður líka af hverju fólk puðar í fjögur ár. Þetta er þess virði."

Árni Már er unnusti Erlu Daggar Haraldsdóttur sem einnig keppir á leikunum. Þau skötuhjú halda til Bandaríkjanna eftir Ólympíuleikana þar sem þau ætla saman í háskóla ásamt því að synda.

„Ég skráði mig í verkfræði og mun svo synda samhliða náminu. Við erum á leið til Virginíuríkis og stoppum aðeins í tvo daga heima áður en við förum út. Það er alger draumur að geta blandað þessu tvennu saman. Ég hef verið að fá góðar upplýsingar frá öðrum sem hafa gert slíkt hið sama og það láta allir vel af þessu," sagði Árni en hvaða takmörk hefur hann sett sér?



**ÁRNI** Ræðir hér við Söru Blake Bateman og Jakob Jóhann Sveinsson á æfingu í Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Að njóta þess að vera hérna. Ég hef verið að bæta mig mikið í sumar og vonandi toppa ég núna," sagði Árni en óttast hann ekkert að verða stressaður? „Ég verð örugglega stressaður en vonandi gengur mér vel að höndla aðstæðurnar."

**- hbg**

Martin O´Neill stjóri Aston Villa á ekki góðar minningar frá Íslandi:

# Þurfum að vera varkárir

**FÓTBOLTI** Í kvöld fer fram einn stærsti Evrópuleikur síðari ára á Íslandi þegar FH mætir Aston Villa á Laugardalsvelli. Villa varð í sjötta sæti ensku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili og yfirvegaður þjálfari liðsins lagði áherslu á að vanmeta ekki FH þegar hann svaraði spurningum blaðamanna í gær.

Martin O´Neill var spurður spjörunum úr á meðan kollegi hans hjá FH, Heimir Guðjónsson, sat rólegur og fylgdist með fyrstu fimmtán mínúturnar. Eðlilega beindist athyglin að stjörnunum frá Englandi en fjöldi blaðamanna þarlendis frá fylgdi liðinu til Íslands.

„Ég á ekki góðar minningar frá Íslandi," sagði O´Neill sem kom til Íslands árið 1977 og tapaði þá með landsliði Norður-Íra. Hann kvaðst ánægður með að spila í Evrópukeppninni en viðurkenndi að áherslan væri samt fyrst og fremst á ensku úrvalsdeildina.

O´Neill sagði jafnframt að fyrirliði liðsins, Gareth Barry, hafi óskað eftir því að koma með liðinu til Íslands. Komi hann við sögu í leiknum er nær útilokað að hann gangi í raðir Liverpool eins og flest benti til fyrr í sumar. Stjórinn sagði samt að framtíð Barry væri óráðin.



**SPOSKUR Á SVIP** Heimir Guðjónsson beið sallarólegur í fimmtán mínútur á meðan kollegi hans hjá Aston Villa fékk alla athyglina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við megum ekki vanmeta neinn," sagði O´Neill, sem hefur séð alla leiki með FH á DVD síðan dregið var, á meðan Heimir sagði möguleikana vera „mjög litla."

Landsleiksumgjörð er í kringum leikinn en um 7.000 miðar höfðu selst í gærkvöldi samkvæmt upplýsingum frá KSÍ. Undir 500 stuðningsmenn Villa verða á leiknum en nokkurra manna öryggisteymi fylgir stuðningsmönnunum sérstaklega til landsins. Um 100 manns munu starfa við gæslu á leiknum sem er jafn mikið og á landsleikjum Íslands. Búist er við því að nær uppselt verði í öll 9.800 sætin á Laugardalsvelli.

**- hþh**

ÖNNUR UMFERÐ UEFA BIKARSINS 2008




actavis hagur í heilsu
Klæðning ehf. www.klaedning.is
EIMSKIP
Landsbankinn

**FJÖLMENNUM Á VÖLLINN OG STYÐJUM BIKARMEISTARA FH**

# Grimmd en ekkert stress

Þormóður Árni Jónsson er meira en tilbúinn fyrir júdókeppnina á Ólympíuleikunum sem hefst á morgun. Hann rennur blint í sjóinn við andstæðingnn. Þjálfarinn hans er Bjarni Friðriksson sem vann bronsverðlaun á leikunum árið 1984.

**PEKING 2008** Þormóður Árni Jónsson tekur þátt í glímukeppni Ólympíuleikanna á föstudaginn. Andstæðingur Þormóðs er Pablo Figueroa Carrillo frá Púertó Ríkó. Sá er 186 sentimetrar á hæð og 125 kíló. Hann er jafnþungur Þormóði en talsvert lágvaxnari enda Þormóður 197 sentimetrar á hæð.

Fari svo að Þormóður leggi Carrillo fær hann að etja kappi við Íranann Mohammad Reza Rodaki. Sá er mikill uxi, 202 sentimetrar að hæð og ein 140 kíló takk fyrir.

„Mér líður mjög vel og er tilbúinn í slaginn,“ sagði Þormóður kófsveittur eftir góða æfingu með Bjarna Friðrikssyni. „Maður er búinn að bíða eftir þessu í allt sumar og síðasti mánuðurinn fyrir brottför var langur. Þá var vel tekið á því.“

Þormóður Árni segist renna nokkuð blint í sjóinn með andstæðing sinn. „Hann hefur ekkert verið að glíma í Evrópu þannig að hann er óþekkt stærð í okkar augum en við vitum að hann er mjög sterkur. Þetta verður ekki gefins. Ég verð að mæta tilbúinn enda er þetta bara eitt tækifæri,“ sagði Þormóður sem nýtur sín í Peking.

„Þetta er mikil upplifun og gaman að sjá allt þetta fólk. Mér finnst gaman að vera þar sem íþróttamenn úr öllum greinum eru saman,“ sagði Þormóður sem hefur engar áhyggjur af stressi. „Þegar ég geng inn í salinn þá er ekkert stress heldur bara grimmd.“



HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is




**ÁTÖK** Bjarni og Friðrik taka vel á því á æfingu í gær.

Bronsmaðurinn Bjarni þjálfar Þormóð:

## Gaman að láta tuska sig til

Bronsmaðurinn frá ÓL 1984, Bjarni Friðriksson, er þjálfari Þormóðs Jónssonar og tók vel á því með Þormóði er Fréttablaðið hitti þá félaga á æfingu í gær.

„Það er gaman að vera komin aftur á Ólympíuleika. Ég er ekkert í því að rifja upp gömlu, góðu tímana en það er helst þegar maður sér glímurnar að hugurinn fer að reika til baka,“ sagði Bjarni en hann er ótrúlega vel á sig kominn og sér til þess að Þormóður svitni vel á æfingunum.

„Mér líst vel á Þormóð. Hann er í góðu formi líkamlega sem andlega. Hann gæti vel gert góða hluti en þetta gæti farið á hvorn veginn sem er,“ sagði Bjarni en er hann ekkert orðinn þreyttur á að láta tuska sig til á æfingum? „Það er bara gaman að láta tuska sig til. Það er hluti af starfinu og mjög gaman. Ég er í fínu standi og þoli þetta vel,“ sagði Bjarni og glotti við tönn. - hbg



**STUNGA** Ragnheiður stingur sér til sunds í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ragnheiður komst ekki áfram í 100 metra sundinu:

## Bjartsýn á met

**PEKING 2008** „Ég er bara ágætlega sátt við sundið miðað við hvernig 100 metrarnir hafa verið að ganga hjá mér. Ég hef verið að einbeita mér meira að 50 metrunum,“ sagði Ragnheiður Ragnarsdóttir sem varð 35 af 48 keppendum í 100 metra skriðsundi í gær. Hún synti á 56,35 sekúndum sem er ekki fjarri Íslandsmeti hennar sem er 56,06 sekúndur.

„Ég er mjög bjartsýn á að ná mínum besta tíma í 50 metra sundinu en ég hef verið í vandræðum með að toppa í báðum sundum ef ég keppi í tveim greinum. Þetta sund gefur góð fyrirheit. Markmiðið í þessu sundi var að synda vel og hafa gaman af þessu. Íslandsmet hefði síðan verið bónus en það munaði litlu,“ sagði Ragnheiður sem hefur ekkert verið að mæta á körfuboltaleiki hjá vinum sínum í bandaríska liðinu hingað til.

„Nei, það þýðir ekkert að undirbúa sig svoleiðis,“ sagði Ragnheiður og hló dátt en hún verður aftur í lauginni á föstudag, síðustu íslensku sundkappana. - hbg

Sundmaðurinn sem getur ekki hætt að hætta:

## Ætlaði ekkert að byrja aftur

**PEKING 2008** Hjörtur Már Reynisson keppir í 100 metra flugsundi í dag. Hann hefur ekki verið áberandi í íslensku sundlífi undanfarin ár enda hætti hann eftir ÓL í Aþenu en byrjaði aftur síðasta haust og sá tími dugði honum til þess að synda sig til Peking.

Það má með sanni segja að Hjörtur geti ekki hætt að hætta því fyrir hann lék sama leik fyrir Aþenu. Var þá hættur en reif skýluna úr hillunni um ári fyrir þá leika og komst til Grikklands.

„Ég tek mér oft frí en ég æfði vel þegar ég var ungur þannig að ég bý að góðum grunni. Er líka svo heppinn að það eru frábærir þjálfarar á Íslandi sem hafa hjálpað mér að komast hingað. Ég ætlaði reyndar ekkert að byrja aftur en þegar maður fór að lesa ÓL-fréttir fékk ég fiðringinn á ný og byrjaði að synda. Fyrst ætlaði ég bara að hafa gaman af þessu og stefndi ekkert á Ólympíuleikana. Svo bara kom þetta og hingað er ég kominn,“ sagði hinn 25 ára gamli Hjörtur kíminn. - hbg

Golf á Spáni í september
Fararstjóri: Björn Eysteinsson



Real de Faula / Alicante Golf
11.-20. september
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting á 4* Hotel Villaitana og 5* Hotel Hesperia, 4 golfhringir á Real de Faula, 5 golfhringir á Alicante með golfbíl, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Alicante Golf
11.-20. september
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting með morgunverði á 5* Hotel Hesperia, 7 golfhringir með golfbíl, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Alicante Golf
20.-27. september
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting með morgunverði á 5* Hotel Hesperia, 5 golfhringir með golfbíl, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express




Kawasaki KXF 450
Verð áður ~~860.000~~ kr.
Nú 790.000 kr.
Árgerð 2008
450cc - Vatnskælt - 5 gíra
99,8 kg

Kawasaki KXF 250
Verð áður ~~830.000~~ kr.
Nú 770.000 kr.
Árgerð 2008
250cc - Vatnskælt - 5 gíra
92,5 kg

Kawasaki KL KXF 450
Verð áður ~~1.210.000~~ kr.
Nú 990.000 kr.
Árgerð 2007
Götuskráð supremoto
450cc - Vatnskælt - 5 gíra
106 kg

Kawasaki KL KXF 250
Verð áður ~~1.050.000~~ kr.
Nú 890.000 kr.
Árgerð 2007
Götuskráð endurohjól
250cc - Vatnskælt - 5 gíra
92,8 kg

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220. WWW.NITRO.IS
Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.
NITRO

SMÁ KÆRULEYSI...

**...getur haft alvarlegar afleiðingar!**

**AKTU HÆGAR!**



## > Kate Hudson

„Ég fæ oftast send handrit að gamanmyndum. Ég held að það sé ekki eingöngu vegna þess að ég er dóttir Goldie Hawn. Ég held frekar að það sé af því ég hef glaðlegan og jákvæðan persónuleika.“ Hudson leikur í myndinni You, Me and Dupree sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR FER Á SJÓNVARPSFYLLIRÍ

## *Sori, skemmtileg hönnun og sætir strákar*



Það er ýmist í ökkla eða eyra með mig, annaðhvort horfi ég ekkert á sjónvarp eða leggst í þvílíkan hroðbjóð og ósóma að ég skammast mín fyrir að viðurkenna það. Allt eða ekkert, eins og það heitir. Eftir margra vikna svo til óslitið sjónvarpsbindindi kom ég mér fyrir í sófanum um daginn til að horfa á það sem fyrir augu bar – kröfuharðari en svo var ég ekki. Það sem mér var boðið upp á var annars vegar þáttur úr röðinni Design Star, hins vegar raunveruleikaþáttur af verstu gerð – High School Reunion.

Design star finnst mér skemmtilegur að mörgu leyti. Þó að þar skipti persónuleiki þátttakenda máli hvað varðar val á vinningshafa – sem þýðir yfirleitt að þeir séu ekki illa útlítandi, geti sagt brandara og komið heilli setningu út úr sér á frambærilegan hátt – þurfa þessir keppendur þó líka að hafa ýmislegt annað til brunns að bera. Mér finnst í það minnsta gaman að fylgjast með þeim búa til jafnólík herbergi og þau voru mörg úr ekki merkilegri efniviði en nokkrum ikea-mublum og einni verslunarferð í „99 cent store“.

Það er ekki hægt annað en að dást að manneskju sem getur búið til upphleypt veggfóður úr pappadiskum. High School Reunion er hins vegar annars eðlis. Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig það væri að snúa á endurfundi við gamla bekkjarfélaga. Lang, lang, langflestir skólar, ef ekki allir, hafa einhvers konar hlutverkaskipan – það er sæta stelpan, vinsæli strákurinn, íþróttamaðurinn, nördið (ég var sjálf ansi frambærilegur keppandi um þann titil) og þar fram eftir götunum. High School Reunion byggist að sjálfsögðu á því að stefna þessum týpum saman aftur eftir margra ára aðskilnað og sjá hvað gerist þegar nördið er orðið hinn ákjósanlegasti karlmaður, vinsæla stelpan er óörugg og týnd og íþróttamaðurinn hefur þurft að þroskast hratt vegna fráfalls konu sinnar. Eftir hálftíma áhorf á þáttinn fannst mér ég samt bara frekar skítug að innan. Ég þarf ekki að horfa á hátt í fertugt fólk rífa upp gömul sár, slást um athygli nýja „sæta stráksins“ og baktala hvað annað. Það hefði bara mátt gleymast inni á klósetti í gamla skólanum.

## EKKI MISSA AF



▶ **17.45 FH-Aston Villa UEFA Cup Beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.35 Hvað um Brian (What About Brian)** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 The Dresden Files** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00 The King of Queens** SKJÁREINN



▶ **21.40 The Kill Point** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**07.30 ÓL í Peking Samantekt** (16:45)
**08.15 ÓL í Peking** Fimleikar, fjölþraut karla, úrslit
**10.25 ÓL í Peking** Sund, undanrásir
**11.05 ÓL í Peking** Fimleikar
**11.35 ÓL í Peking** Sund, undanrásir
**12.35 ÓL í Peking** Körfubolti
**14.20 ÓL í Peking** Handbolti karla, Ísland-Kórea (e)
**16.15 ÓL í Peking Samantekt** (17:45)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Krakkar á ferð og flugi** (10:10)
**18.20 Andlit jarðar** (4:6) (e)
**18.30 Nýgræðingar** (Scrubs) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Skyndiréttir Nigellu** (12:13)
▶**20.35 Hvað um Brian?** (16:24)
**21.20 Svipmyndir af myndlistarmönnum**
**21.30 Trúður** (Klovn IV) (1:10)
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Ólympíukvöld** (6:16)
**22.40 Sex hlekkir** (Six Degrees) (4:13)
**23.25 Lífsháski** (Lost) (79:86) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.30 ÓL í Peking** Júdó, úrslit
**01.55 ÓL í Peking** Sund, úrslit
**03.15 ÓL í Peking** Frjálsar, sleggjukast
**04.00 ÓL í Peking Júdó +100 kg**

## BÍÓ

**06.10 You, Me and Dupree**
**08.00 Elizabethtown**
**10.00 Svampur Sveinsson**
**12.00 The Family Stone**
**14.00 Elizabethtown**
**16.00 Svampur Sveinsson**
**18.00 The Family Stone**
**20.00 You, Me and Dupree** Rómantísk gamanmynd með Owen Wilson, Kate Hudson og Matt Dillon í aðalhlutverkum.
**22.00 The Exorcism of Emily Rose**
**00.00 Final Examination**
**02.00 Point Blank**
**04.00 The Exorcism of Emily Rose**
**06.00 Fallen. The Journey**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Sisters** (10:24)
**11.15 Logi í beinni**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Forboðin fegurð**
**13.55 Forboðin fegurð**
**14.45 How I Met Your Mother** (9:22)
**15.10 Ally McBeal** (7:23)
**15.55 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.18 Tutenstein**
**16.43 A.T.O.M.**
**17.08 Hlaupin**
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (8:25)
**19.55 Friends** (2:24)
**20.20 The Moment of Truth** (10:25) Spurningaþáttur þar sem þáttakendur svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir. Það getur verið hægara sagt en gert þegar maður er bundinn við lygamæli.
**20.55 Las Vegas** (6:19) Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 snýr aftur í fimmtu og síðustu þáttaröðinni.
▶**21.40 The Kill Point** (3:8) Hörkuspennandi þættir um félaga úr hernum sem ákveða eftir heimkomuna frá Írak að nýta herþekkingu sína til að fremja bankarán.
**22.25 ReGenesis** (10:13)
**23.15 I'm Not Scared**
**01.00 Wire** (8:13)
**02.00 El otro lado de la came**
**03.45 Dirty Dancing. Havana Nights**
**05.10 The Simpsons** (8:25)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Twente og Arsenal í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
**12.15 Meistaradeild Evrópu / Forkeppni** Útsending frá leik Standard Liege og Liverpool í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
**13.55 Meistaradeild Evrópu** Twente - Arsenal.
**15.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Það helsta á PGA mótaröðinni í golfi.
**16.30 Inside the PGA** PGA mótaröðin og tímabilið framundan skoðuð.
**16.55 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá Einvíginu á Nesinu þar sem 10 bestu kylfingar landsins mæta til leiks.
**17.45 UEFA Cup** Bein útsending frá leik FH og Aston Villa í Evrópukeppni félagsliða.
▶**20.00 Sumarmótin 2008** Sýnt frá Pæjumótinu á Siglufirði þar sem ungar knattspyrnukonur leika listir sínar.
**20.45 Kraftasport 2008** Sýnt frá Uppsveitarvíkingnum þar sem margir af sterkustu mönnum landsins mættu til leiks.
**21.15 10 Bestu - Guðni Bergsson** Annar þátturinn af tíu í þáttaröð um 10 bestu knattspyrnumenn íslandssögunnar.
**22.00 Countdown to Ryder Cup** Hitað upp fyrir Ryder Cup þar sem Evrópa mætir Bandaríkjunum.
**22.30 UEFA Cup** Útsending frá leik FH og Aston Villa í Evrópukeppni félagsliða.
**00.10 World Series of Poker 2007**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Bestu leikirnir** Chelsea - Arsenal
**19.30 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.00 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**20.55 Coca Cola mörkin** Öll mörkin úr ensku 1. deildinni skoðuð í bak og fyrir.
**21.25 PL Classic Matches** Arsenal - Manchester Utd, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.55 PL Classic Matches** Tottenham - Chelsea, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.25 Bestu leikirnir** Chelsea - Aston Villa
**00.05 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Rachael Ray** Rachaeal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 Life is Wild** (e)
**20.10 Family Guy** (4:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
**20.35 The IT Crowd** (9:12) Bresk gamansería um tölvunörda sem eru best geymdir í kjallaranum. Moss freistar þess að kynnast nýju fólki og skráir sig á óvenjulegt matreiðslunámskeið. Jen kemst að því að eini staðurinn í fyrirtækinu þar sem hún getur reykt líkist mest gömlu Sovétríkjunum.
▶**21.00 The King of Queens** (10:13) Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Carrie er himinlifandi þegar hún finnur íbúð á Manhattan á viðráðanlegu verði en Doug er ekki tilbúinn til að flytja frá Queens. Eru komnir brestir í hjónabandið?
**21.25 Criss Angel** (8:17) Mannslíkaminn býr yfir ótrúlegum kröftum og í þættinum í kvöld freistar Criss Angel þess að nýta þessa mannlegu krafta og til að lyfta leigubíl og jafnvel húsbíl.
**21.50 Law & Order.** Criminal Intent (17:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Britain's Next Top Model** (e)
**00.20 Da Vinci's Inquest**
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að Norðan.** Endurtekið á klukkutíma frestin til kl 12.15 daginn eftir
**20.30 Gönguleiðir.** þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endurtekið kl. 21.30 og 22.30

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Listmunauppboð

Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð

• • •

Af gefnu tilefni tökum við fram að við vitum ekki annað en að söluþóknun sé lægst hjá okkur. Ennfremur að við höfum aldrei selt fölsuð verk eða afhent falsaðar eigendasögur.



Jóhannes S. Kjarval

Opið laugardaga í Galleríi Fold, Rauðarárstíg kl. 11–14, lokað á sunnudögum í sumar

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.55**
**Las Vegas**



Enn fylgjumst við með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir. En það er þrautin þyngri að komast framhjá vökulum augum öryggisvarðanna sem þekkja öll brögðin í bókinni. Tveir af félögum Coopers koma í heimsókn og gista á Mentecito-Hótelinu og ætla sér að spila póker. Cooper fylgist grannt með störfum Sam til að átta sig betur á starfi hennar og markmiðið er að fæla einn af hennar viðskiptavinum í burtu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Trúður (Klovn) - ný sería**
**Sjónvarpið kl. 21.30**

Í þættinum fylgjumst við með hvernig Frank kemur sér í óþægilegar, vandræðalegar og misheppnaðar aðstæður en enginn gerir það betur en hann. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
**14.43** Náttúrupistill
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Rósin rjóð
**22.45** Þættir úr sögu tvífarans
**23.30** Betri stofan
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (8:24)
**17.30 Talk Show With Spike Feresten**
**18.00 The Dresden Files** (1:13)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (8:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.
**20.30 Talk Show With Spike Feresten** (6:22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
▶**21.00 The Dresden Files** (1:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
**22.00 Ghost Whisperer** (39:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda er nýgift og rekur antikbúð í smábænum sem hún býr í með eiginmanni sínum. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni.
**22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Gestir: Þráinn Þorvaldsson framkvæmdastjóri Saga Pro og Steinþór Sigurðsson vísindamaður.
**21.00 Neytendavaktin** Umsjón: Ragnhildur Guðjónsdóttir.
**21.30 Reynslunni ríkari** Umsjón: Ásdís Ólsen. Gestir þáttarins miðla áhorfendum ÍNN af reynslu sinni.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**14.15** NI HAO OL højdepunkter **15.25** Nyheder på tegnsprog **15.30** Fandango med Nicolai **16.00** NI HAO OL i dag **16.30** TV Avisen **17.05** Hercule Poirot **18.00** Kender du typen **18.30** Film for Folket - hundrede år med Nordisk Film **19.00** TV Avisen **19.25** NI HAO aftenOL **20.20** Landsbyhospitalet **21.05** Vilde heste **22.40** Sex med Victor **23.10** En sag for Frost **01.00** NI HAO OL direkte **05.00** NI HAO OL direkte

## NRK 1

**11.00** Sommer-OL i Beijing. Håndball Danmark-Russland, menn **12.30** Sommer-OL i Beijing. Basketball USA-Hellas, menn **14.00** Sommer-OL i Beijing. Seiling **15.00** Sommer-OL i Beijing **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sommer-OL i Beijing. OL-studio **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Den mistenkte **21.05** Kveldsnytt **21.20** Wallander. Eit steg etter **22.55** Eg er Peter Sellers

## SVT 1

**10.00** Sommar-OS i Peking **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Bellmanhistorier **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olssons studio **20.00** Den inre fienden **20.55** Rapport **21.05** Sommar-OS i Peking **00.55** Sommar-OS i Peking **04.00** Sommar-OS i Peking



## MORGUNMATURINN



*„Ég borða engan morgunmat. Ef einhver mundi nenna að steikja ofan í mig beikon og pönnukökur væri ég til í það og tala nú ekki um ef ég fengi gott kanadískt hlynsíróp með. Ég borðaði það á hverjum morgni þegar við vorum í Kanada og Bandaríkjunum að spila um daginn.“*

Georg Kári Hilmarsson tónlistarmaður.

# Víkingur Kristjáns gerir teknó-pönk

Víkingur Kristjánsson á sér þann draum að verða rokkstjarna og hefur stofnað trash-techno eða techno-pönk hljómsveitina Find a Dog. Auk Víkings eru Arnór Heiðar og Erla María í sveitinni.



„Vinir og ættingjar eru eiginlega bara gáttaðir, þeir vissu ekki að maður ætti þetta til. Ég er gamalt „popp-ara-wannabe“ og hef haldið þeim draumi svolítið leyndum,“ segir Víkingur. „Ég spila á hljóðfæri og ég er ekki bara hérna til skrauts, ég tek alveg þátt í að búa þetta til líka. Þegar ég var unglingur ætlaði ég ekkert að verða leikari, ég ætlaði að verða rokkstjarna. Þannig að þetta er kannski spurning um að láta gamlan draum rætast. Það er miklu meira spennandi að vera rokkstjarna en leikari, eins og allir vita.“

„Bandið var stofnað fyrir mörgum mánuðum síðan en bæði ég og Erla höfum verið mikið í útlöndum. Við Erla erum að fara að vera hérna eitthvað fram á veturinn, þannig að núna erum við á fullu að semja og vinna. Svo kemur bara í ljós hvort að einhver vilji fá okkur til að spila. Það væri skemmtilegt. Það er líklegast að fara að dúndrast inn alveg slatti af lögum á myspace. Við erum í gírnum.“

En afhverju heitir bandið Find a Dog? „Ég get eiginlega ekki útskýrt það. Þetta er lína úr fyrsta laginu okkar. Það er svona hæfilega skrítið eins og bandið er. Það er engin mega-pæling þar á bakvið. Því miður.“

Að venju er nóg að gera hjá Víkingi. „Ég stend í skrifum, ég var beðinn um að skrifa kvikmyndahandrit. Svo eru einhverjar pælingar með Ást. Ég er að fara að leikstýra Stúdentaleikhúsinu í haust og svo fer ég til New York í október að sýna Woyzheck. Svo er bara að búa til tónlist. Ég er eiginlega mest spenntur fyrir því þessa dagana, þetta er svo gaman.“



**SVO GAMAN** Víkingur semur tónlist sér til skemmtunar ásamt vinum sínu, Arnóri og Erlu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áhugasamir geta fylgst með sveitinni á www.myspace.com/findadog **-kbs**



**LÁRÉTT**
**2.** vafra, **6.** mannþvaga, **8.** meðal, **9.** skraf, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** gistihús, **16.** mun, **17.** kk nafn, **18.** tál, **20.** klaki, **21.** borg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** eins, **3.** málmur, **4.** ölvun, **5.** máttur, **7.** sammála, **10.** arinn, **13.** sóða, **15.** leikni, **16.** kóf, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ráfa, **6.** ös, **8.** lyf, **9.** mas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** ku, **17.** ari, **18.** agn, **20.** ís, **21.** faró.
**LÓÐRÉTT: 1.** sömu, **3.** ál, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** ata, **15.** list, **16.** kaf, **19.** nr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Óskar Bergsson.
2. Suður-Ossetíu og Abkasíu.
3. Tæplega þrjú hundruð manns

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÍSLAGNIR
Löggildir rafverktakar
Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur
Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

EINAR BÁRÐARSON: KAUPVERÐ NÓGU GOTT TIL AÐ ÉG SELDI

# Sena kaupir Einar út

„Ég er í langþráðu sumarfríi. Eitthvað sem ég hef ekki gert áður en um leið er ég að undirbúa heimili okkar hjóna fyrir barn númer tvö sem von er á í byrjun september,“ segir Einar Bárðarson athafnamaður sem oft er kallaður „umboðsmaður Íslands“.

Einar hefur nú selt Senu restina af sameiginlegu félagi sem hann átti með Senu í tónleikahaldi. Félagið var rekið undir merkjum Concert en Sena kaupir Einar út úr rekstrinum. Partur kaupsamningsins gerir ráð fyrir því að Einar haldi nafninu Concert sem hann hefur haft um reksturinn.

„Jájá, ég get staðfest þetta. Ég er að endurskoða mína nálgun að tónlistarbransanum. Sökum anna í London hafði ég fjarlægst þennan rekstur hérna heima. Sena bauð mér gott tilboð og ég tók því.“

Kaupverð fæst ekki uppgefið, „nóg til að ég seldi,“ en salan er í mesta bróðerni að sögn Einars. „Ég hef alla tíð átt gott samstarf við Senu og á von á að svo verði áfram.“ Einar hefur átt og rekið útgáfufyrirtækið PLAN B sem gefið hefur út tónlist í samvinnu við Senu. Þá hefur Einar einnig leitt dómnefndir í Idol og X-Factor-þáttunum sem Stöð 2 hefur sýnt en Sena kom að útgáfu þeirra listamanna sem þar tóku sín fyrstu skref. Einar stofnaði Concert árið 2000 en fyrir tveimur árum keypti Sena sig inn í reksturinn. Á þeim tíma hélt félagið tónleika James Blunt, Bob Dylan, Josh Groban, Jólatónleika Björgvins Halldórssonar, endurkomu Þursaflokksins, Stórsýningu Ladda í Borgarleikhúsinu og Deep Purple svo eitthvað sé nefnt.

Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Senu, segir þetta rökrétt skref að stíga. „Fyrir rúmu einu og hálfu ári keyptum við 60 prósent í Consert. Vorum að prófa okkur áfram í þessum bransa tónleikahalds og síðasta ár reyndist okkur mjög gjöfult. Og við skiptum því Einari út,“ segir Björn og telur það góða spurningu hvað þeir hafi verið að kaupa: „Við keyptum einnig Event Ísleifs Þórhallssonar sem nú starfar hjá okkur. Þetta er viðskiptavild, sambönd, innviðir þessara fyrirtækja,“ segir Björn. Hann sér fyrir sér erfiðari tíð með hruni krónunnar. „Reikningsdæmið skekktist mjög mikið með tónleikum Dylans og Blunts sem við bókuðum í evrum í janúar og greiddum fyrir í maí. Þar munaði 30 til 40 prósentum.“

jakob@frettabladid.is



**EINAR BÁRÐARSON** Er að endurskoða sína aðkomu að tónlistarbransanum.



**BJÖRN SIGURÐSSON** Sena er að kaupa viðskiptavild, sambönd og innviði fyrirtækisins.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Bubbi Morthens** og **Hrafnhildur Hafsteinsdóttir** eiga von á barni, eftir því sem DV greindi frá í gær. Sólargeislinn er væntanlegur á útmánuðum næsta árs en fyrir á Bubbi þrjú börn og Hrafnhildur eitt. Bubbi mun þó nota tímann fram að fæðingu barnsins í allt annað en slökun. Í haust mun hann leggja upp í ferðalag einn með gítarinn og spila fyrir aðdáendur sína vítt og breitt um landið. Þá vinnur hann einnig að nýrri veiðibók en hann gaf út bókina Að kasta flugu í straumvatn er að tala við Guð, síðastliðið haust.



Bubbi er þó ekki einn um að veiða grimmt í ám landsins. **Svava Johansen**, sem þekkt er fyrir að vera ávallt með á nótunum þegar kemur að tísku, veigrar sér ekki við að henda sér í vöðlurnar og kasta flugu. Mun Svava hafa verið einkar dugleg við veiðar í sumar og oftar en ekki borið vel í veiði hjá atorkusömu verslunarkonunni.



Golfmót fjölmiðlamanna, Media Masters 2008, verður haldið á golfvellinum að Hamri í Borgarnesi á morgun. Þar hafa helstu golfarar stéttarinnar skráð sig til leiks. Til dæmis **Sigmundur Ernir Rúnarsson, Þórir Guðmundsson, Svali,** og **Logi Bergmann Eiðsson**. Sá síðastnefndi á ekki svo ýkja góðar minningar frá því er hann spilaði hina alræmdu 16. holu vallarins á hringferð sinni um landið. Spilamennskan var í beinni útsendingu Íslands í dag sem er í umsjón **Svanhildar Hólm**, eiginkonu Loga, sem hefur kannski truflað fréttaþulinn.



# Gaui Þórðar lækkar forgjöfina

„Ég er að fara að spila í Öndverðarnesi. Þar er átján holu krefjandi völlur og ég spila meðal annars við aðstoðarþjálfara KR, Sigurstein Gíslason, ætla að reyna að róa hann niður og miðla af reynslu minni – að lenda ekki upp á kant við dómarana,“ segir Guðjón Þórðarson – betur þekktur sem knattspyrnuþjálfarinn Gaui Þórðar. Hann er einn fjölmargra áhugamanna um golf hér á landi og hefur verið iðinn við íþróttina.

Guðjón hefur tekið risastökk í golfinu eftir að hann hætti að þjálfa lið ÍA og hefur lækkað forgjöf sína um rúma þrjá, eða úr 15,1 í 11,8, á þeim tíma.

„Já, stökkin koma alltaf öðru hverju. Golfið er skemmtilegt. Nei, nei, ég hef ekkert verið að æfa eins og vitlaus maður heldur kemur þetta bara með sálarró og friði sem færist yfir þegar maður er ekki mikið að sperra sig,“ segir knattspyrnuþjálfarinn.

Guðjón segir ekkert sérstakt standa fyrir dyrum í golfinu hjá sér, engar keppnir eða þvíumlíkt, heldur stundi hann íþróttina helst ánægjunnar vegna.

„Þetta kallast víst virk hvíld á fagmáli. Þegar menn eru lúnir og þreyttir á vinnu og kerlingunni þá er farið í golf og heitir það virk hvíld,“ segir Guðjón.

Aðspurður telur hann ýmislegt benda til þess að FH-ingar verði meistarar í fótboltanum. „Já, ég ætla að kíkja á FH – Aston Villa í kvöld. Ég starfaði einu sinni fyrir Villa. Ég var „scout“ [njósnari] fyrir Villa í Evrópu þegar Graham Taylor var stjóri þar. Hvernig var það? Maður ferðast, horfir á fótbolta og skilar einhverri skýrslu. Ekki mjög íþyngjandi starf.“ **- jbg**



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** Þakkar árangurinn sálarró og friði sem hefur færst yfir eftir að hann hætti að sperra sig.






Veglegur kaupauki

Þú kaupir fyrir 10 þúsund í barnadeild og færð
risa litakassa að verðgildi 1990 kr. sem kaupauka

Gildir frá fimmtudegi til sunnudags eða meðan birgðir endast

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

ALLTAF BETRA VERÐ
STÚTFULLUR BÆKLINGUR AF FARTÖLVUM OG AUKAHLUTUM FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG
ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!
TÖLVULISTINN



**BAKÞANKAR**
Ólafs Sindra Ólafssonar

# *Ólympíuandi*

Ólympíuleikar í núverandi mynd eru ekki bara stefnulausir og tilgangslausir, heldur einnig þrautleiðinlegir áhorfs. Ef við teljum saman greinar þar sem fólk er annaðhvort að synda eða skokka eftir fyrirfram ákveðnum brautum erum við fljót að fara yfir 60. Sextíu greinar sem snúast eingöngu um hver er fljótastur á láði eða legi, þar sem eina breytan er yfirleitt vegalengd.

**ÞETTA** er auðvitað út í hött. Ef við ættum að bera þetta saman við aðrar íþróttir væri þetta keimlíkt því að fótboltamóti væri skipt í nokkra tugi greina eftir tímalengd. Þannig væru veitt gullverðlaun fyrir bestu frammistöðu í 10 mínútna knattspyrnuleik, önnur gullverðlaun fyrir 15 mínútna leik og svo framvegis. Vitaskuld í kvenna- og karlaútgáfum og endurtekið á mismunandi stórum völlum. Það kæmi svo stórkostlega á óvart ef eitthvað af þessum fjölmörgu gullverðlaunum féllu einu og sama liðinu í skaut.

**EKKI** að ég ætli að gera lítið úr sundafrekum Michael Phelps. Greinarnar á leikunum geta heldur aldrei verið öllum að skapi. Einhverjum finnst of mikil áhersla á sund og of lítil á simbabveska kjúklingaglímu – og öfugt. Það verður aldrei fullkomin sátt um greinarnar á leikunum, einungis viðleitni sem leiðir af sér fleiri sundgreinar. Ég legg því til algjörlega nýja leið sem felst í því að finna upp frumlegar greinar sem bara er keppt í á Ólympíuleikum.

**ÞAÐ** er algjör óþarfi að keppa í sömu hlutunum á Ólympíuleikum og keppt er í á sjálfstæðum heimsmeistaramótum þess á milli. Tilgangslaust. Miklu nær væri að hvert land sendi lið til að taka þátt í frumlegum óvissugreinum sem reyna á almenna hreysti og íþróttamennsku. Greinarnar gætu tengst sögu og menningu gestgjafaborgarinnar. Þannig hefðu Ólympíuleikarnir í Peking e.t.v. boðið upp á flúðasiglingu þar sem skotið er á uppblásna pandabirni á leiðinni, boðhlaup með postulínsvasa eða kafsund gegnum hrísgrjónaakur.

**ÉG** myndi jafnvel íhuga að vakna um miðja nótt til að horfa á útsendingu frá slíkum leikum. En eins og staðan er núna sef ég með góðri samvisku af mér allt sem gerist milli opnunar- og lokunarhátíðanna.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 14. ágúst, 227. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.17 | 13.32 | 21.45 |
| Akureyri | 4.50 | 13.17 | 21.41 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

